

Yfirlitsskýrsla

sendiráðs Íslands í Brussel



Janúar – júlí 2010

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	- 9 -
Yfirlit.....	- 10 -
Stækkun ESB	- 10 -
Aðildarferli Íslands.....	- 10 -
Utanríkis- og öryggismál.....	- 10 -
EES Samningurinn	- 11 -
DÓMS- OG INNANRÍKISMÁL	- 12 -
Almennt.....	- 12 -
Samsetta nefndin	- 12 -
Mál til meðferðar í samsettu nefndinni	- 13 -
Schengen-úttektir	- 14 -
Upplýsingakerfi um vegabréfsáritanir (VIS).....	- 15 -
Ný stofnun um rekstur stórra upplýsingakerfa	- 15 -
Framtíð stjórnunar ytri landamæra	- 16 -
Vinna á vegum framkvæmdastjórnarinnar - Þróun SIS II og VIS.....	- 16 -
Samningar tengdir Schengen-samstarfinu	- 16 -
<i>Samningar um endurviðtöku og framkvæmd við útgáfu vegabréfsáritana</i>	- 16 -
<i>Samningur um þátttöku Íslands í Landamærasjóði (EBF)</i>	- 17 -
<i>Samningur um þátttöku Íslands í framkvæmdanefndum framkvæmdastjórnarinnar (Comitology Committees)</i>	- 17 -
<i>Dyflinarsamstarfið</i>	- 17 -
Lögreglusamvinna.....	- 18 -
<i>Endurútgáfa lögregluhandbókar</i>	- 18 -
<i>Landamærastofnun Evrópu (FRONTEX)</i>	- 18 -
<i>Prüm-samningurinn</i>	- 19 -
Samvinna á sviði sakamála.....	- 19 -
FÉLAGS- OG VINNUMÁL	- 20 -
Almannatryggingar.....	- 20 -

<i>Ný almannatryggingalöggjöf tekur gildi</i>	- 20 -
Atvinnumál	- 20 -
<i>Atvinnuástand í Evrópu</i>	- 20 -
<i>Spá um þróun vinnumarkaðarins til ársins 2020</i>	- 20 -
<i>Lán til smárra fyrirtækja</i>	- 21 -
<i>Útsendir starfsmenn</i>	- 21 -
Vinnuvernd.....	- 22 -
<i>Vinnutímatilskipun Evrópusambandsins</i>	- 22 -
<i>Tilskipun um varnir gegn stunguslysum í heilbrigðisþjónustu</i>	- 22 -
Jafnréttismál	- 22 -
<i>Fötlun og lög gegn mismunun</i>	- 22 -
<i>Skýrsla um jafnrétti karla og kvenna innan Evrópusambandsins</i>	- 22 -
<i>Foreldraorlof lengt</i>	- 23 -
<i>Uppræting kynbundins ofbeldis – ályktun ráðherraráðs</i>	- 23 -
<i>Ársfjórðungslegar skýrslur um stöðu kynjanna í ráðandi stjórnmalastöðum</i>	- 23 -
<i>Drög að tilskipun um jafnræði fólks óháð trú, fötlun, aldri og kynhneigð</i>	- 23 -
Fátækt og félagslega staða Evrópubúa	- 24 -
<i>Evrópuár baráttu gegn fátækt og félagslegri einangrun</i>	- 24 -
<i>Mælikvarðar á fátækt</i>	- 25 -
<i>Fátækt fólk á vinnumarkaði</i>	- 26 -
<i>Félagsleg áhrif kreppunnar</i>	- 26 -
<i>Félagsleg staða og lífsgæði Evrópubúa</i>	- 26 -
FJÁRMÁL	- 28 -
Ríkisaðstoð	- 28 -
Upprunareglur	- 29 -
Heilbrigðismál	- 30 -
<i>Heilbrigðisþjónusta yfir landamæri</i>	- 30 -
<i>Öryggi sjúklinga og gæði heilbrigðisþjónustu</i>	- 31 -
<i>Könnun á viðhorfum Evrópubúa til öryggis sjúklinga og gæða í heilbrigðisþjónustu</i>	- 31 -

<i>Jöfnuður í heilsufari</i>	- 31 -
<i>Áhrif almennrar stefnumótunar á heilsufar</i>	- 32 -
<i>Heilsufar kvenna</i>	- 32 -
<i>Könnun á áfengisneyslu meðal Evrópubúa</i>	- 32 -
<i>Tilskipun um líffæraflutninga</i>	- 33 -
<i>Lyfjamál</i>	- 33 -
<i>Smáir lyfjamarkaðir</i>	- 34 -
<i>Minni saltneysla</i>	- 34 -
Evrópskar áætlanir – sjóðir.....	- 34 -
<i>PROGRESS</i>	- 34 -
<i>Daphne III</i>	- 34 -
LANDBÚNAÐAR- OG SJÁVARÚTVEGSMÁL	- 36 -
LANDBÚNAÐARMÁL	- 36 -
<i>Hin almenna landbúnaðarstefna ESB</i>	- 36 -
<i>Niðurstöður af „Health Check“</i>	- 36 -
<i>Ný landbúnaðarstefna eftir 2013</i>	- 37 -
<i>Formennskuáætlun Belgíu</i>	- 39 -
<i>Tvíhliða samningur um landbúnaðarafurðir - endurskoðun</i>	- 39 -
<i>Bókun 3 – endurskoðun</i>	- 40 -
<i>Umsókn Íslands að Evrópusambandinu - landbúnaður</i>	- 40 -
<i>Lífrænn landbúnaður og lífræn framleiðsla lagardýra og gróðurs</i>	- 40 -
<i>Löggjöf um erfðabreyttar lífverur (GMO)</i>	- 41 -
<i>Súnósur</i>	- 42 -
<i>Matvælamál</i>	- 43 -
RANNSÓKNIR OG ÞRÓUN	- 45 -
<i>Sjöunda rammaáætlun ESB um rannsóknir og tækniþróun 2007-2013</i>	- 45 -
<i>Vísindanefnd ráðherraráðsins og framkvæmdastjórnarinnar (CREST/ERAC)</i>	- 45 -
<i>Óformlegur fundur rannsóknaráðherra ESB og EFTA</i>	- 46 -
<i>Ljubljana ferlið – Evrópska rannsóknasvæðið</i>	- 46 -

Nýjar samstarfsáætlanir ESB um rannsóknir og þróun.	- 46 -
Evrópa 2020 áætlunin – rannsóknir, nýsköpun og menntun	- 47 -
IÐNAÐAR- OG ORKUMÁL	- 48 -
ORKUMÁL.....	- 48 -
<i>Orkustefna fyrir Evrópu 2011-2020</i>	<i>- 48 -</i>
<i>Þriðji orkupakkinn.....</i>	<i>- 48 -</i>
<i>Tilskipun um aukna notkun orku frá endurnýjanlegum orkulindum.....</i>	<i>- 48 -</i>
<i>Visthönnun vöru sem notar orku (e. Ecodesign).....</i>	<i>- 50 -</i>
<i>Orkunýtni (energy efficiency).....</i>	<i>- 50 -</i>
IÐNAÐARMÁL OG NÝSKÖPUN	- 51 -
<i>Iðnaðarstefna.....</i>	<i>- 51 -</i>
<i>Umhverfísvæn ökutæki.....</i>	<i>- 51 -</i>
<i>Nýsköpun</i>	<i>- 51 -</i>
FERÐAMÁL.....	- 52 -
EFNAHAGS- OG VIÐSKIPTAMÁL.....	- 53 -
EFNAHAGSMÁL.....	- 53 -
<i>Evrópskur stöðugleikasjóður - European Stabilization Mechanism.....</i>	<i>- 53 -</i>
<i>Hugmyndir um samræmdari efnahagsstjórnun innan ESB</i>	<i>- 54 -</i>
<i>Aðgerðahópur um efnahagsstjórnun</i>	<i>- 54 -</i>
FJÁRMÁLAPJÓNUSTA.....	- 54 -
<i>Vætanlegar aðgerðir á sviði fjármálaþjónustu 2010-2011</i>	<i>- 54 -</i>
<i>Nýtt eftirlitskerfi með fjármálamörkuðum í Evrópu</i>	<i>- 55 -</i>
<i>Hugmyndir varðandi lagaramma um krísustjórnun í bankageiranum.....</i>	<i>- 57 -</i>
<i>Tillögur um neyðarsjóði fyrir banka.....</i>	<i>- 57 -</i>
<i>Innstæðutryggingar</i>	<i>- 57 -</i>
<i>Tillaga um breytingar á tilskipun um bótakerfi fyrir fjárfesta.....</i>	<i>- 58 -</i>
<i>Nýjar reglur um eiginfjárkröfur lánastofnana og fjárfestingarfyrirtækja (CRD II).....</i>	<i>- 58 -</i>
<i>Tillaga að frekari breytingum á tilskipunum um eiginfjárkröfur (CRD III).....</i>	<i>- 58 -</i>
<i>Samráð um enn meiri breytingar á tilskipunum um eiginfjárkröfur (CRD IV).....</i>	<i>- 59 -</i>

<i>Skýrslur um framkvæmd tilskipana um eiginfjárkröfur og áhrif þeirra á hagsveiflur</i>	- 59 -
<i>Nánari reglur um verðbréfasjóði</i>	- 60 -
<i>Reglur um vörsluaðila verðbréfasjóða</i>	- 60 -
<i>Útboðs- og skráningarlýsingar verðbréfa (e. prospectus)</i>	- 60 -
<i>Reglur og eftirlit með vogunarsjóðum og öðrum verðbréfasjóðum sem ekki falla undir núgildandi tilskipun um verðbréfasjóði</i>	- 61 -
<i>Matsfyrirtæki</i>	- 61 -
<i>Viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum</i>	- 61 -
<i>Afleiður (derivatives)</i>	- 61 -
<i>Skortsala og skuldatryggingar</i>	- 62 -
<i>Breytingar á tilskipun um innherjasvik og markaðsmisnotkun</i>	- 63 -
<i>Gagnsæistilskipunin</i>	- 63 -
<i>Stjórnarhættir í fjármálastofnunum</i>	- 63 -
<i>Framkvæmd tilmæla um starfskjör stjórnenda og starfskjör í fjármálageiranum</i>	- 63 -
<i>Viðurlög við brotum á fjármálagjöf ESB</i>	- 64 -
<i>Lánasaga neytenda, ábyrgar lánveitingar og lántökur</i>	- 64 -
<i>Varsla og greiðslumiðlun verðbréfa</i>	- 64 -
<i>Fyrirhuguð lagasetning um fjárfestingarafurðir</i>	- 64 -
<i>Húsnæðislán</i>	- 64 -
<i>Ríkisaðstoð vegna fjármálakreppunnar</i>	- 64 -
<i>Spurningar og svör um löggjöf ESB á sviði fjármálaþjónustu</i>	- 65 -
VÁTRYGGINGAR	- 65 -
<i>Gjaldþol váttryggingafélaga</i>	- 65 -
<i>Miðlun váttrygginga</i>	- 65 -
<i>Tryggingasjóður fyrir váttryggingartaka</i>	- 65 -
FÉLAGARÉTTUR OG REIKNINGSSKILASTAÐLAR	- 66 -
<i>Breytingar á reikningsskilastöðlum</i>	- 66 -
<i>Notkun valkosta við innleiðingu reglugerðar 1606/2002, um reikningsskilastaðla</i>	- 67 -
<i>Reikningsskilastaðall fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki</i>	- 67 -
<i>Ársreikningar smáfyrirtækja</i>	- 67 -

<i>Tilskipanir um birtingu og þýðingarskyldu upplýsinga tiltekinna félaga</i>	- 67 -
<i>Samþykktir fyrir evrópsk einkahlutafélög</i>	- 67 -
<i>Samvinna fyrirtækjaskráa</i>	- 67 -
SAMKEPPNISMÁL	- 68 -
<i>Lóðréttir samningar og samstilltar aðgerðir</i>	- 68 -
<i>Samningar, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir á sviði váttrygginga</i>	- 68 -
<i>Samningar og samstilltar aðgerðir á sviði vélknúinna ökutækja</i>	- 68 -
ÖNNUR MÁL	- 68 -
<i>Þjónustutilskipunin</i>	- 68 -
<i>Eftirlit með smásölumarkaðnum</i>	- 69 -
<i>Rafræn viðskipti</i>	- 69 -
<i>Átak gegn greiðsludrætti í verslunarviðskiptum</i>	- 69 -
UMHVERFISMÁL	- 70 -
LOFTSLAGSMÁL	- 70 -
<i>Framvinda mála innan Evrópusambandsins frá og með síðustu áramótum</i>	- 70 -
<i>Framhald alþjóðlegra viðræðna um nýjan loftslagssamning</i>	- 71 -
<i>Aðstoð ESB við þróunarlöndin</i>	- 71 -
<i>Vinna að upptöku gerða er varða loftslagspakka ESB á Íslandi og vinnan hjá framkvæmdastjórninni</i> .	- 71 -
<i>Loftslagsnefnd framkvæmdastjórnarinnar og vinnunefndir á vegum hennar</i>	- 72 -
VATNSVERND OG MÁLEFNI HAFSINS	- 73 -
<i>Staða vatnatilskipunarinnar og vinna við hana</i>	- 73 -
<i>Vinnunefndir á vegum ESB varðandi vatnatilskipunina og þátttaka Íslands í þeim</i>	- 74 -
<i>Staða tilskipunar um málefni hafsins gagnvart EES samningnum</i>	- 74 -
JARÐVEGS- OG SKÓGRÆKTARMÁL	- 75 -
<i>Staða jarðvegstilskipunarinnar</i>	- 75 -
<i>Samvinna um skógrækt (Forest Europe Strategic Workshop on Vision, Goals and Targets for Forests in Europe) - sýn, markmið og leiðir</i>	- 75 -
<i>Reglugerð um bann við innflutningi og verslun með ólöglegt timbur og timburafurðir</i>	- 75 -
BREYTINGAR Á FRAMKVÆMDASTJÓRN ESB	- 76 -
<i>Ný skrifstofa - loftslagskrifstofa (DG Climate Action) - tekur til starfa</i>	- 76 -

<i>Áherslur framkvæmdastjóra loftslagsskrifstofu ESB og umhverfisskrifstofu ESB næstu fimm árin</i>	<i>- 76 -</i>
<i>Áform um stofnun embættis loftslagssendiherra hjá ESB.....</i>	<i>- 77 -</i>
<i>Áherslur belgísku formennskunnar á sviði umhverfismata.....</i>	<i>- 77 -</i>
<i>Framkvæmd umhverfislöggjafar innan ESB.....</i>	<i>- 79 -</i>
<i>Evrópudómstóllinn staðfestir mengunarbótaregluna</i>	<i>- 80 -</i>
<i>Ný reglugerð um rafknúin ökutæki og um öryggi þeirra</i>	<i>- 81 -</i>
<i>Umfang úrgangs innan ESB landanna</i>	<i>- 81 -</i>
<i>Erfðabreytt ræktun – staðan innan ESB.....</i>	<i>- 81 -</i>
<i>Handbók fyrir rekstraraðila til að meta umhverfisáhrif frá framleiðslu þeirra og vörum</i>	<i>- 82 -</i>
<i>Ný reglugerð um samþættar mengunarvarnir og eftirlit með þeim (IPPC).....</i>	<i>- 82 -</i>
<i>Losun gróðurhúsalofttegunda minnkar innan ESB</i>	<i>- 82 -</i>
<i>Endurvinnsla lífræns úrgangs og áform ESB um að setja sérstaka tilskipun um lífrænan úrgang</i>	<i>- 83 -</i>
<i>Óhreinleiki vatns víða vandamál innan ESB.....</i>	<i>- 83 -</i>
<i>GMES áætlunin um vöktun náttúruhamfara og umhverfisins með gervitunglum.....</i>	<i>- 83 -</i>
<i>Losun frá léttum atvinnubifreiðum ágreiningsefni</i>	<i>- 84 -</i>
<i>Endurskoðun hafin hjá ESB á tilskipun um mat á umhverfisáhrifum.</i>	<i>- 84 -</i>

INNGANGUR

Sendiráð Íslands í Brussel hefur í rúmlega áratug gegnt leiðandi hlutverki í rekstri EES- og Schengen samninganna í náninni samvinnu við ráðuneyti og stofnanir á Íslandi. Undanfarin ár hefur sendiráðið jafnframt mánaðarlega skilað skýrslu til utanríkismálanefndar Alþingis um helstu málefni á dagskrá ESB á hverjum tíma með það að markmiði að upplýsa Alþingi um undirbúning á reglum ESB sem eiga leið inn í EES samninginn.

Hinn formlegi rekstur EES samningsins fer fyrst og fremst fram á vettvangi fastanefndar EFTA, sameiginlegra nefndar EES, eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) og EFTA dómstólsins í Lúxemborg. Jafnframt taka fulltrúar Íslands þátt í mörgum vinnunefndum framkvæmdastjórnarinnar þar sem atriði sem varða framkvæmd og þróun reglna innan ESB og þar að leiðandi á EES svæðinu eru rædd. T.a.m. hefur Ísland aðgang að stjórnunarfundum á vettvangi rannsóknar og þróunar, um matvælaöryggi og fl. Hins vegar hefur Ísland ekki atkvæðisrétt á þessum vettvöngum. Hvað varðar rekstur Schengen samstarfsins fer sú vinna fyrst og fremst fram á vettvangi samsettu nefndarinnar og sérfræðinganefnda hennar.

Ekki síður mikilvægt en hið formlega samstarf eru óformleg samskipti við Evrópusambandið (ESB) og aðildarlönd þess með það fyrir augum að afla upplýsinga og reka erindi landsins eftir óformlegum leiðum þegar þörf er á. Rekstur EES samningsins ásamt Schengen samstarfinu spannar í raun í meira eða minna mæli öll svið stjórnsýslu og stjórn mála á Íslandi. Í samræmi við það hefur reynst nauðsynlegt að hin ýmsu ráðuneyti á Íslandi séu með fulltrúa í sendiráði Íslands gagnvart ESB.

Umsókn Íslands um aðild að ESB hefur útvíkkað hlutverk sendiráðsins enn frekar. Stefán Haukur Jóhannesson, sendiherra Íslands ganvart ESB er jafnframt aðalsamningamaður Íslands og gegndi báðum hlutverkum út árið 2010. Sendiráðið starfar í náninni samvinnu við samninganefndir á Íslandi að undirbúningi aðildarferlisins og að því að tryggja upplýsingaflæði. Mikilvægt er að halda uppi reglulegum samskiptum við hin 27 aðildarríki Evrópusambandsins á öllum stigum, en þó sérstaklega við fastafulltrúa þessara landa gagnvart ESB og við fulltrúa í vinnuhópi ráðherraráðsins um stækkunarmál. Jafnframt er unnið náið með þeirri deild framkvæmdastjórnarinnar sem hefur umsjón með aðildarviðræðum við Ísland.

Að vanda hafa hópar sótt sendiráðið heim en slíkar heimsóknir eru hluti af reglubundinni starfsemi sendiráðsins. Í kjölfar umsóknar um aðild að ESB hefur heimsóknum fjölgað. Á fyrri árhelmingi 2010 má nefna heimsókn hóps stjórn málafræðinema við Háskóla Íslands og hóps ungra frumkvöðla. Sendiráðið hefur gert sitt ítrasta til að undirbúa komu slíkra gesta með sem bestum hætti og sníða dagskrá að þörfum hvers hóps m.a. með erindum fulltrúa ráðuneytanna um þá málaflokka sem þeir sinna og í hverju starf þeirra er fólgið.

Önnur starfsemi sendiráðsins varðar hefðbundið hlutverk sendiráða gagnvart umdæmisríkjum sínum sem eru Belgía, Lúxemborg, Sviss og síðan 28. apríl 2010 Holland.

Yfirlit

- *Spænska formennskan, fyrri hluta árs 2010*

Spánverjar tóku við formennsku í ráði ESB 1. janúar 2010 og var tímabilið fyrsta nýja formannstímabilið eftir að Lissabon sáttmálinn tók gildi. Þeir settu í forgang í formennsku sinni efnahagsmál, vandaðri innleiðingu Lissabon sáttmálans, samborgararétt ESB og utanríkismálastefnu ESB. Efnahagsmálin og Lissabon sáttmálinn urðu einkennandi fyrir formennskutíð Spánverja og setti skuldavandi Grikklands mikinn svip á tímabilið.

Spánn er fyrsta ríkið sem sinnir formannsembættinu af svo kölluðu þríeyki, sem auk Spánar eru Belgía og Ungverjaland. Saman móta þessi ríki formennsku ESB fram til júlí 2011. Eitt af aðal verkefnum sem þessi þrjú ríki einbeita sér að er Evrópa 2020 áætlunin sem er ætlað að gera ESB kleift að byggja upp vitrænan og sjálfbæran vöxt innan sambandsins.

Stækkun ESB

Stækkun ESB snýst fyrst og fremst um tvo ríkjahópa, annars vegar þau ríki sem nú hafa stöðu umsóknarríkis en það eru Ísland, Makedónía, Tyrkland og Króatía og hins vegar þau ríki á Balkanskaganum sem falla undir þá skilgreiningu að vera hugsanleg umsóknarríki. Þess er að geta að Albanía sótti um aðild að Evrópusambandinu í lok apríl 2009 og Serbía um miðjan desember sama ár.

ESB gefur út skýrslu í nóvember á hverju ári um stækkunarstefnu ESB. Samningaviðræður við Tyrkland hafa staðið yfir um alllangt skeið. Aftur á móti er Króatía komin mjög langt í samningaviðræðum við ESB en vegna deilna við Slóveníu höfðu þær siglt í strand. Spænsku formenskunni tókst að miðla málum milli aðilanna þannig að samningaviðræður hófust aftur. Samningaviðræður við Makedóníu hafa ekki hafist enn þótt Makedónía hafi stöðu umsóknarríkis og helgast það af svonefndri nafnadeilu sem Makedónía á í við Grikkland.

Aðildarferli Íslands

Hvað Ísland varðar skiluðu íslensk stjórnvöld svörum við u.þ.b. 2500 spurningum sem framkvæmdastjórnin hafði lagt fyrir og marka grundvöll að álitum sem hún vinnur um hvort Ísland sé í stakk búið til að hefja samningaviðræður. Svörum var skilað mánuði á undan áætlun. Vinna framkvæmdastjórnarinnar við gerð síns álits var vel á veg komin í lok ársins 2009, en ákveðið var að bíða þyrfti með formlega afgreiðslu þess þar sem framkvæmdastjórnin var í raun orðin starfsstjórn þangað til ný framkvæmdastjórn tæki til starfa. Nýja framkvæmdastjórnin samþykkti umsögn um aðildarumsókn Íslands í febrúar 2010. Leiðtoga ráð ESB ákvað svo 17. júní að hefja viðræður við Ísland sem hófust formlega 27. júlí 2010.

Utanríkis- og öryggismál

Hlutverk Evrópusambandsins á sviði friðargæslu, eða hættuástandsstjórnun eins og það heitir innan ESB, hefur farið verulega vaxandi undanfarin ár. Þessi þróun er í samræmi við þau markmið sem aðildarríki sambandsins hafa sett sér um að efla og styrkja ásýnd ESB á alþjóðavettvangi. Einn þáttur þessa er sívaxandi hlutverk ESB í friðargæsluverkefnum vítt og

breitt um heiminn, oft fyrir tilstuðlan eða í samstarfi við Sameinuðu þjóðirnar eða eftir atvikum NATO. Ísland hefur tekið þátt í þremur verkefnum á Balkanskaga.

EES Samningurinn

Sameiginlega EES-nefndin hittist 4 sinnum fyrri hluta árs. Þrítugasti og þriðji fundur EES ráðsins var haldinn 10. maí í Brussel. Fundinum var stýrt af Diego López Garrido, Evrópumálaráðherra Spánar. Einar Gunnarsson ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins sótti fundinn fyrir Íslands hönd.

Að venju var rætt um rekstur og framkvæmd EES-samningsins og mál sem þar eru efst á baugi. Meðal þeirra var þróunarsjóður EFTA 2009-2014 og framkvæmd Lissabon sáttmálans. Undir liðnum pólitískt samráð var fjallað um ástandið í Mið-Austurlöndum, Íran og Rússlandi.

Varðandi einstök mál vísast til umfjöllunar fulltrúa einstakra ráðuneyta hér á eftir. Þess ber að geta að ekki var fulltrúi frá samgönguráðuneytinu starfandi í sendiráðinu á þessu tímabili og ber skýrslan þess merki.

DÓMS- OG INNANRÍKISMÁL

Almennt

Starf fulltrúa dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins í Brussel hefur fyrst og fremst falist í að sinna samsettu nefndinni í ráðherraráðinu, sem fjallar um þróun og beitingu Schengen-regluverksins. Meðal þeirra markmiða sem íslensk stjórnvöld hafa sett sér vegna þátttöku í Schengen-samstarfinu er að sinna fundasókn í samsettu nefndinni í ráðherraráðinu á öllum stigum og gæta hagsmuna Íslands þar með því að fara faglega og gagnrýnið yfir öll mál sem eru til meðferðar og bregðast við þegar á þarf að halda. Þá hefur fulltrúinn einnig sinnt öðrum störfum s.s. vegna EES-samningsins, einkum á sviði almannavarna og neytendaverndar.

Umfang verkefna á sviði dóms- og innanríkismála hefur aukist jafnt og þétt frá því að Ísland hóf þátttöku í Schengen-samstarfinu. Ástæður þess má m.a. rekja til aukinnar áherslu Evrópusambandsins á dóms- og innanríkismál sem endurspegladist í Haag áætluninni um frelsi, öryggi og réttlæti í Evrópu og svo í Stokkhólmsáætluninni sem tók við af hinni fyrrnefndu í lok 2009. Með samþykkt Stokkhólmsáætlunarinnar sem og gildistöku Lissabon-sáttmálans 1. desember 2009 má búast við því að umfang dóms- og innanríkismála hjá Evrópusambandinu aukist enn. Stokkhólmsáætlunin setur fram metnaðarfulla áætlun í dóms- og innanríkismálum, sem verður nánar útfærð í fjölda aðgerðaáætlana á næstu fjórum árum. Mörg þeirra mála varða þróun á Schengen-gerðum og koma því til umræðu í samsettu nefndinni. Með gildistöku Lissabon-sáttmálans færast aukið vald til framkvæmdastjórnar ESB á sviði dóms- og innanríkismála og er viðbúið að hún taki fleiri mál til meðferðar en áður. Fundum í samsettu nefndinni í ráðinu hefur því fjölgað til muna hin síðari ár sem og fundum í framkvæmdanefndum framkvæmdastjórnarinnar (comitology committees) sem fjalla um þróun á Schengen-gerðum. Eru nefndir ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar, sem fjalla um Schengen-gerðir, nú samtals u.þ.b. 25 talsins og er fundað að jafnaði einu sinni í mánuði í hálfan eða heilan dag í senn.

Sökum niðurskurðar í ríkisútgjöldum hefur verið tekin ákvörðun um að frá 1. september 2010. verði hagsmunagæslu Íslands á sviði dóms- og innanríkismála vegna Schengen-samningsins og EES-samningsins eingöngu sinnt að heiman. Í því felst að fulltrúi dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins mun frá þeim tíma starfa í ráðuneytinu á Íslandi. Þá munu sérfræðingar í ráðuneytinu og undirstofnunum þess taka upp fundasókn að nýju.

Aðildarríki Schengen-samstarfsins eru nú 25 talsins, þ.e. öll ríki ESB að undanskildu Bretlandi, Írlandi, Kýpur, Rúmeníu og Búlgaríu en þau þrjú síðastnefndu hafa fullan hug á aðild, og öll EFTA-ríkin að Liechtenstein undanskildu, sem hyggur á fulla aðild á þessu ári.

Samsetta nefndin

Tillögur að gerðum á sviði dóms- og innanríkismála eru oft þróun á Schengen-gerðum og er því fjallað um þau mál í samsettu nefndinni, en hún var mynduð til að vera vettvangur þróunar og framkvæmdar Schengen reglna eftir að Schengen samstarfið var fært undir hatt Evrópusambandsins árið 1999. Í samsettu nefndinni eiga nú sæti, auk aðildarríkja ESB, Ísland, Noregur, Sviss og Liechtenstein (hér eftir nefnd samstarfsríkin) og kemur nefndin saman á öllum stigum meðferðar mála, frá fundum sérfræðinga og embættismannastigum til ráðherrafunda. Spánverjar fóru með formennsku í samsettu nefndinni á tímabilinu og voru fundir heldur færri en undanfarin misseri eða að meðaltali 15 á mánuði til samanburðar við 20

á síðasta tímabili. Ólíklegt er að hér sé um varanlega breytingu að ræða. Nokkrar nefndir voru lagðar niður á tímabilinu á grundvelli Lissabon-samningsins, m.a. CIREFI (Centre for Information, Discussion and Exchange on the Crossing of Frontiers and Immigration), samsetta nefndin kom reglulega saman undir hennar hatti, en aðrar voru settar á laggirnar, s.s. COSI (The Standing Committee on Operational Cooperation on Internal Security), sem fjallar um innra öryggi Evrópu og kom samsetta nefndin saman undir hatti hennar á tímabilinu.

Fundir ráðherra í samsettu nefndinni á tímabilinu voru þrjár, í febrúar, apríl og júní. Dómsmála- og mannréttindaráðherra Íslands átti ekki heimangengt á fundina, en sendiherra Íslands í Brussel og fulltrúi ráðuneytisins í sendiráðinu sóttu þá í hans stað. Ráðherrum samstarfsríkjanna var að þessu sinni boðið til óformlegs ráðherrafundar sem ávallt eru haldnir þegar nýtt aðildarríki tekur við formennsku. Ráðherra sótti fundinn sem haldinn var í Toledo í janúar, en innanríkismálefni og innra öryggi ESB voru m.a. til umfjöllunar.

Mál til meðferðar í samsettu nefndinni

Fjöldi mála er á hverjum tíma til umræðu í þeim nefndum sem funda undir hatti samsettu nefndarinnar í ráðherraráðinu, en það eru ýmist nýmæli eða uppfærslur og breytingar á þeim reglum sem mynda Schengen regluverkið. Á tímabilinu voru fáar nýjar gerðir lagðar fram sem töldust vera þróun á Schengen-gerðum, eða einungis 3. Aðrar gerðir frá fyrri tímabilum eru enn til umræðu í samsettu nefndinni. Nokkrar gerðir frá fyrri tímabilum voru útræddar á tímabilinu og þeim lokið en aðrar eru enn til umræðu í nefndinni.

Meðal þeirra gerða og reglna sem nú eru í mótun í samsettu nefndinni eru:

- Reglugerð um nýja stofnun sem sinnir rekstri stórra upplýsingakerfa.
- Ákvörðun um hvaða verkefnum hin nýja stofnun um rekstur upplýsingakerfa sinnir.
- Reglugerðarbreyting um skiptifulltrúa í innflytjendamálum.
- Breyting á reglugerð um Landamærastofnun Evrópu, FRONTEX
- Breyting á reglugerð um áritunarskyldu vegna ríkisborgara Albaníu og Bosníu-Hersegóvínu.

Á tímabilinu lauk m.a. eftirfarandi málum í samsettu nefndinni:

- Handbók um reglur Schengen-ríkjanna um lögreglusamvinnu. Hún hefur þó ekki hlotið formlegt samþykki.
- Nokkrar gerðir vegna fjárhagsmálefna Rúmeníu og Búlgaríu vegna þátttöku þeirra í Schengen-samstarfinu.
- Reglugerð um tengingu Rúmeníu og Búlgaríu við ákvæði Schengen-samningsins um Schengen-upplýsingakerfið.

Schengen-úttektir

Eftirlit með framkvæmd Schengen-samningsins í aðildarríkjunum er enn hjá ríkjunum sjálfum á vettvangi samsettu nefndarinnar um Schengen-úttektir en tillögur að breytingum á því fyrirkomulagi voru dregnar til baka á síðasta misseri. Helstu verkefni Schengen-úttektanefndarinnar á þessu misseri hafa verið úttektir í Búlgaríu og Rúmeníu vegna tilvonandi aðildar þeirra að Schengen-samstarfinu, reglubundnar úttektir vegna ríkja sem þegar eru aðilar að samstarfinu, s.s. í Benelúx-löndunum, Þýskalandi, Frakklandi, Ítalíu, Grikklandi og Austurríki og eftirfylgni vegna þemaúttektar um mansal, sem framkvæmd var í Belgíu og Frakklandi á síðasta misseri.

Samningar tengdir Schengen-samstarfinu

Samningar um endurviðtöku og framkvæmd við útgáfu vegabréfsáritana

Vegna þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu er nauðsynlegt að Ísland geri sambærilega samninga og ESB við þriðju ríki á sviðum um útgáfu vegabréfsáritana og um endurviðtöku þeirra sem dveljast ólöglega hér á landi. Samningur Íslands við Albaníu hefur verið fullgiltur og tók hann gildi 1. janúar 2010. Unnið er að fullgildingu samnings við Makaó sem var undirritaður 2009. Samningaviðræður við Úkraínu eru langt komnar. Á síðasta ári var útlit fyrri að þeim lyki fyrir árslok 2010 en það náði ekki fram að ganga og eru nú bundnar vonir við að ljúka þeim á árinu 2011. Samningaviðræður standa að auki yfir við Bosníu-Herzegóvínu, Makedóníu, Moldavíu, Serbíu og Svartfjallaland. Ísland hefur fellt niður áritanaskyldu fyrir ríkisborgara sex eyríkja: Míritíus, Barbadoseyjar, Sankti Kitts og Nevis, Antígva og Barbúda, Bahamaeyjar og Seychelles-eyjar. Um þessar mundir er unnið að því að leita eftir gagnkvæmni þannig að það sama eigi um íslenska ríkisborgara þegar ferðast er til viðkomandi ríkja.

Schengen-úttektir

Eftirlit með framkvæmd Schengen-samningsins í aðildarríkjunum er enn hjá ríkjunum sjálfum á vettvangi samsettu nefndarinnar um Schengen-úttektir en tillögur að breytingum á því fyrirkomulagi voru dregnar til baka á síðasta misseri. Helstu verkefni Schengen-úttektanefndarinnar á þessu misseri hafa verið úttektir í Búlgaríu og Rúmeníu vegna tilvonandi aðildar þeirra að Schengen-samstarfinu, reglubundnar úttektir vegna ríkja sem þegar eru aðilar að samstarfinu, s.s. í Benelúx-löndunum, Þýskalandi, Frakklandi, Ítalíu, Grikklandi og Austurríki og eftirfylgni vegna þemaúttektar um mansal, sem framkvæmd var í Belgíu og Frakklandi á síðasta misseri.

Schengen-upplýsingakerfið

Vinna við stækkun Schengen-upplýsingakerfisins, SIS II, er enn í fullum gangi en sú vinna hefur nú staðið um langt skeið. Stækkun Schengen-upplýsingakerfisins felst í því að unnt verður að skrá fleiri atriði í kerfið, s.s. ljósmyndir og fingraför. Þannig verður unnt að bera kennsl á fólk með öruggari hætti en nú er þannig að eftirlit á landamærum getur gengið hraðar fyrir sig og sparað óþörf óþægindi og tafir fyrir fólk sem ferðast í löglegum tilgangi.

Nauðsynleg ESB-löggjöf vegna þessa var samþykkt fyrir margt löngu en tæknivinna og þróun kerfisins hefur hins vegar ekki gengið sem skyldi og hefur ítrekað þurft að seinka gangsetningu þess. Í upphafi 2009 var sett fram ströng tímaáætlun, með tveggja áfanga

prófunum sem gerði ráð fyrir því kerfið yrði gangsett í lok árs 2011. Ef markmiðum yrði ekki náð þegar kæmi að fyrri áfanganum um mitt ár 2010 þá yrði þróun hætt á SIS II og skipt yfir í varalausn, sem sett var fram á síðasta ári, nema tilskilinn meirihluti aðildarríkja kysi að halda áfram með SIS II.

Almennt hefur tekist vel að fylgja áætluninni á tímabilinu og hafa tæknimenn unnið dag sem nótt við kerfið. Kerfið stóðst prófanir eftir fyrsta áfanga og því var tekin ákvörðun á ráðherrafundi á tímabilinu að halda áfram með SIS II en þó með þeirri breytingu að gangsetningu yrði seinkað lítillega eða til fyrsta ársfjórðungs 2012. Sitt sýndist þó hverjum og töldu Austurríkismenn og Þjóðverjar að prófanir á kerfinu hefðu ekki staðist og vildu skipta yfir í varalausnina.

Stækkun kerfisins kallar á breytingar á íslenskum lögum um Schengen-upplýsingakerfið og mun innanríkisráðherra mæla fyrir slíkum breytingum á Alþingi.

Upplýsingakerfi um vegabréfsáritanir (VIS)

Reglugerð um upplýsingakerfi um vegabréfsáritanir (Visa Information System) var samþykkt árið 2004. Í VIS reglugerðinni felst að lífkenni, nánar tiltekið fingraför áritunarhafa, skuli færð í kerfið og lagt var til að þau skyldi athuga við persónueftirlit á landamærum. Frá árinu 2004 hefur verið unnið að uppsetningu kerfisins og var gangsetning þess fyrst fyrirhuguð í lok ársins 2008 en var seinkað tvisvar, fyrst þar til í desember 2009 og svo þar til í desember 2010. Seinkanir hafa einkum stafað af því að prófanir hafa leitt í ljós fjölda villna í kerfinu og einnig að nokkur aðildarríki voru svo skammt á veg komin í uppsetningu og undirbúningi kerfisins að ólíklegt var að þau yrðu tilbúin til að tengjast á áætluðu tímamarki. Gangsetning kerfisins hefur enn og aftur verið seinkað, eða til 24. júní 2011. Ísland hefur ávallt staðist áætlun um undirbúninginn.

Ný stofnun um rekstur stórra upplýsingakerfa

Framkvæmdastjórn ESB lagði í byrjun árs 2009 fram tillögu að nýrri stofnun sem hefur það hlutverk að halda utan um rekstur stórra upplýsingakerfa á sviði dóms- og innanríkismála. Stofnunin mun verða ábyrg fyrir Schengen-upplýsingakerfinu eftir stækkun þess (SIS II), upplýsingakerfi í áritanamálum (VIS) og upplýsingakerfi í hælismálum (EURODAC). Þá mótaði tillagan jafnframt ramma um þróun annarra upplýsingakerfa en veitti þó ekki sértæka lagaheimild til að setja slík kerfi á fót. Ráðherrar aðildarríkjanna samþykktu á fundi 30. nóvember 2009 að setja stofnunina á fót en umræður um nánari efnisatriði tillögunnar standa enn yfir í samsettu nefndinni. Frakkland og Eistland hafa lýst yfir áhuga á að hýsa stofnunina en enn hefur ekkert verið ákveðið í þeim efnum.

Upphaflega gerðu tillögunar ráð fyrir að samstarfsríkin ættu aðild að stofnuninni og ættu fulltrúa í framkvæmdastjórninni en hefðu ekki kosningarétt. Þá voru í tillögunum ákvæði um að sérstaklega skyldi útfæra réttindi og skyldur, þ.á.m. kostnaðarhlutdeild, samstarfsríkjanna í sérstökum samningi. Helsta keppikefli samstarfsríkjanna við mótun tillagnanna í samsettu nefndinni hefur verið að fá kosningarétt að hluta, líkt og gildir um aðild þeirra í landamæra stofnuninni, og að grundvöllur kostnaðarþátttöku verði reiknireglan, sem aðildarsamningar ríkjanna að Schengen-samstarfinu kveður á um. Aðildarríkin hafa tekið vel í þessar óskir samstarfsríkjanna og breytt drögum tillögunnar til samræmis við það. Tillagan á þó eftir að fara fyrir Evrópuþingið, í samræmi við málsmeðferðarreglur Lissabon-sáttmálans.

Framtíð stjórnunar ytri landamæra

Í byrjun árs 2008 sendi framkvæmdastjórnin frá sér orðsendingar um framtíð stjórnunar á ytri landamærunum m.a. varðandi evrópskt eftirlitskerfi með landamærum. Með orðsendingunum lagði framkvæmdastjórnin til breytingar á framkvæmd landamæraeftirlits Schengen-ríkjanna sem telja verður stærstu breytingar frá upphafi samstarfsins og leggja línurnar að næstu kynslóð í landamæravörslu þar sem reynt er að ná jafnvægi milli öryggis og að halda Evrópu opinni fyrir hinum heimsálfunum. Ráðherrar aðildarríkjanna fjölluðu um þessi mál og í júní 2008 buðu þeir framkvæmdastjórninni að útfæra hugmyndirnar nánar í formi tillagna fyrir ársbyrjun 2010. Hugmyndir framkvæmdastjórnarinnar ganga m.a. út á að setja á fót svokallað „enri/exi kerfi“ sem gerir aðildarríkjum Schengen-samstarfsins bæði kleift að fylgjast betur með því að þeir útlendingar sem koma inn á Schengen-svæðið yfirgefi það aftur á réttum tíma og að kerfið flýti fyrir landamæraeftirliti. Ríkisborgarar landa utan ESB geta sótt um að verða skrásettir ferðamenn (Registered Travelers). Sé þeim veitt slíkt leyfi geta þeir farið í gegnum landamæraeftirlit sem er sjálfvirkt eða að hluta sjálfvirkt. Þá stendur jafnframt til að bjóða íbúum Schengen-svæðisins upp á sjálfvirkt landamæraeftirlit þegar þeir koma inn á Schengen-svæðið. Verði þetta kerfi að veruleika er ríkjum frjálst að ákveða hvort þau taka það upp á sínu landsvæði. Framkvæmdastjórnin hefur enn sem komið er ekki lagt fram tillögur sínar.

Frá og með 29. júní 2009 var öllum ríkjum Schengen-svæðisins skylt að gefa út vegabréf og vegabréfsáritanir með fingraförum þeirra sem eru 12 ára og eldri. Enn sem komið er hafa fæst ríki komið sér upp búnaði til að lesa flögurnar með lífkennunum á landamærum. Enn hefur Framkvæmdastjórnin hefur ekki lagt fram tillögur sem skylda aðildarríkin til að lesa flögurnar en hún hefur lýst óformlega yfir að það verði gert þegar fram líða stundir.

Þegar ríki hefja lestur á flögunum er nauðsynlegt að þau hafi samanburðarupplýsingar frá útgáfuríki vegabréfs svo hægt sé að staðreyna að flögurnar séu ósviknar. Alþjóðaflugmálastofnunin (ICAO) býr yfir gagnagrunni með slíkum upplýsingum, kerfi sem kallast PKD (Public Key Directory) og er það eina kerfið þessarar tegundar í heiminum. Enn sem komið er eru fá ríki sem eru aðilar að kerfinu og setja inn upplýsingar í það en áskriftargjaldið er hátt. Á síðasta ári fór í gang vinna við að kanna hvort Schengen-ríkin gætu sameinast um þátttöku í kerfinu og þannig lækkað áskriftargjaldið til muna. Flest ríkin eru hlynnt þátttöku en þó ekki öll. Framkvæmdastjórn ESB mun á næstu misserum kanna til hlítar möguleika til hagstæðra samninga.

Vinna á vegum framkvæmdastjórnarinnar - Þróun SIS II og VIS

Stærstu verkefni sem Ísland tekur nú þátt í undir hatti framkvæmdastjórnarinnar er vinna tæknimanna við áframhaldandi þróun kerfanna SIS II (önnur kynslóð Schengen-upplýsingakerfisins) og VIS (áritana-upplýsingakerfið). Vinnu sérfræðinga við nýja vegabréfsáritanahandbók á grundvelli nýju áritunarreglugerðarinnar er lokið.

Samningar tengdir Schengen-samstarfinu

Samningar um endurviðtöku og framkvæmd við útgáfu vegabréfsáritana

Vegna þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu er nauðsynlegt að Ísland geri sambærilega samninga og ESB við þriðju ríki á sviðum endurviðtöku og áritana. Samningur Íslands við Albaníu hefur verið fullgiltur og tók hann gildi 1. janúar. Unnið er að fullgildingu samnings

við Makaó sem var undirritaður 2009. Samningaviðræður við Úkraínu eru langt komnar og standa vonir til að ljúka þeim á árinu 2010. Einnig standa yfir samningaviðræður við eyríkin sex: Míritíus, Barbadoseyjar, Sankti Kitts og Nevis, Antígva og Barbúda, Bahamaeyjar og Seychelles-eyjar.

Samningur um þátttöku Íslands í Landamærasjóði (EBF)

Samningur samstarfsríkjanna um aðild þeirra að Landamærasjóði Evrópu (External Borders Fund) var undirritaður af Íslands hálfu 19. mars 2010 og getur Ísland nú sótt um styrki úr sjóðnum. Fyrstu greiðslur Íslands til sjóðsins fóru fram í febrúar 2010. Ferli til fullgildingar samningsins er nú hafið.

Lögreglustjóranum á Suðurnesjum hefur verið falið að annast umsýslu með sjóðnum og mun fulltrúi hans taka við fundasókn í framkvæmdanefnd framkvæmdastjórnarinnar sem sinnir málefnum Landamærasjóðsins. Með því er tryggt að Ísland eigi aðkomu að ákvörðunum um hvernig fé sjóðsins er varið.

Samningur um þátttöku Íslands í framkvæmdanefndum framkvæmdastjórnarinnar (Comitology Committees)

Samningaviðræðum ESB og EFTA-ríkjanna um þátttöku í svokölluðum framkvæmdanefndum framkvæmdastjórnarinnar lauk í júní á síðasta ári með áritun samningsins.

Með samningnum er þátttaka Íslands í starfi nefndanna tryggð og hefur Ísland sama rétt til undirbúnings og þátttöku í mótun gerðanna og í samsettu nefndinni. Þá var tekið upp samskonar málsmeðferðarkerfi við tilkynningar og innleiðingu gerða eins og kveðið er á um í Schengen-samningnum með þeim breytingum að framkvæmdastjórnin en ekki ráðið sendir og tekur við tilkynningum. Yfirfara þurfti samninginn með tilliti til þeirra breytinga sem varð á Lissabon ferlinu. Yfirferð lauk á tímabilinu og hefur samningurinn, með þeim breytingum, verið samþykktur af öllum hlutaðeigandi. Til stendur að undirrita samninginn á næstu mánuðum og að því loknu mun fullgildingarferli hefjast á Íslandi.

Dyflinarsamstarfið

Ísland er aðili að svo kölluðum Dyflinar-samningi ESB, sem tekur til þess hvaða ríki beri að fjalla um beiðni um pólitískt hæli. Nýjar tillögur framkvæmdastjórnar ESB um endurskipulagningu hælismála í Evrópusambandinu sem voru lagðar fram í lok árs 2008 hafa verið til umræðu í sérfræðinganefndum þings og ráðs en enn eru nokkuð nokkur atriði sem þing og ráð eru ekki sammála um. Ágreiningsefnin hafa einkum verið mismunandi sjónarmið um frávík frá meginreglunni um hvar beri að afgreiða hælisbeiðni. Tillögur framkvæmdastjórnarinnar gera ráð fyrir að hægt sé að heimila ákveðin frávík frá meginreglunni, annars vegar ef stjórnýsla í því ríki sem á að afgreiða hælisbeiðnina er að sligast undan fjölda beiðna og hins vegar ef aðbúnaður fyrir hælisleitendur er ekki fullnægjandi í viðkomandi ríki. Þingið hefur verið hlynnt þessum undanþágum en aðildarríkin hafa verið á móti þeim, þá sérstaklega síðara skilyrðinu. Tillögurnar verða áfram til umræðu í nefndum þings og ráðs og reynt verður að ná málamiðlunartillögum.

Hinar nýju tillögur hafa ekki áhrif á íslenska löggjöf um hælismál, en kalla hugsanlega á breytingar á Dyflinarreglunum sem samstarfssamningurinn við Ísland byggir á. Á grundvelli samstarfssamnings samstarfsríkjanna og ESB um þátttöku í Dyflinarsamningnum var sett á fót sérstök nefnd, sameiginlega nefndin, þar sem allar breytingar sem gerðar eru á Dyflinarreglunum eru ræddar. Samstarfsríkin og framkvæmdastjórn ESB eiga sæti í nefndinni.

Þrátt fyrir að samstarfið hafi gengið vel þá hafa samstarfsríkin gagnrýnt nokkur atriði, m.a. að fá ekki nægar upplýsingar um stöðu mála eftir umræður um tillögur í ráðinu og óskuðu af því tilefni eftir að framkvæmdastjórnin hefði milligöngu um að þau fengu fundargerðir ráðsins sendar. Framkvæmdastjórnin hefur ekki orðið við þeirri bön. Ekki var boðað til fundar í sameiginlegu nefndinni á tímabilinu undir forystu framkvæmdastjórnarinnar og því er óljóst hvar tillögurnar eru á vegi staddar. Ísland fer með formennsku nefndarinnar á síðari hluta árs 2010.

Lögreglusamvinna

Endurútgáfa lögregluhandbókar

Á fyrri hluta árs 2008 var ákveðið að ráðast í endurútgáfu lögregluhandbókar sem innihalda á allar reglur ESB um lögreglusamvinnu. Endurskoðunin var löngu tímabær þar sem þau lög og reglur, um lögreglusamvinnu hafa verið sundurleit og sum jafnvel lítt þekkt. Endanleg drög handbókarinnar hafa verið tilbúin um nokkurt skeið en formlegri málsmeðferð til samþykkis hennar var ekki lokið á tímabilinu.

Landamærastofnun Evrópu (FRONTEX)

Ísland tekur sem fyrr þátt í starfsemi Landamærastofnunar Evrópu á grundvelli reglugerðar ESB um stofnunina (reglugerð (EC) nr. 2007/2004), sem telst þróun á Schengen-reglum og sérstaks samkomulags við ESB sem var undirritað 2006. Stofnunin er staðsett í Varsjá og hóf starfsemi í maí 2005.

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum, eða fulltrúi hans, sækir stjórnarfundum í stofnuninni og voru tveir slíkir sóttir í febrúar og maí. Þá tóku íslenskir lögreglumenn og fulltrúar Landhelgisgæslu Íslands þátt í nokkrum af sameiginlegum verkefnum stofnunarinnar og sóttu undirbúningsfundum vegna þeirra. Í fyrsta lagi var um að ræða þátttöku í 4. og 5. áfanga „Hammer-verkefnisins“ en það gengur út á að sporna gegn ólöglegri för fólks yfir landamæri. Tveir íslenskir lögreglumenn tóku þátt í sínum áfanganum hvor, annar í Helsinki en hinn í Varsjá. Íslenskir lögreglumenn hafa áður tekið þátt í fyrri áföngum verkefnisins. Í öðru lagi tóku fulltrúar Landhelgisgæslunnar þátt í tveimur aðgerðum Frontex, „Hera“ og „Poseidon“. Varðskipið Ægir ásamt 16 manna áhöfn tók þátt í þeirri fyrrnefndu, sem var staðsett undan strönd Míritaníu og Flugvélin Sif ásamt 8 manna áhöfn tók þátt í þeirri síðari sem stýrt var frá Grikklandi.

Þá komu einnig fulltrúar á vegum Frontex til starfa hjá Landhelgisgæslunni, tveir í janúar, einn í febrúar og einn í mars.

Prüm-samningurinn

Samningur við ESB um eflingu lögreglusamstarfs yfir landamæri, einkum í baráttunni gegn hryðjuverkum og glæpastarfsemi yfir landmæri, var undirritaður í nóvember 2009. Með samningnum eru ákvæði tveggja gerða ESB tekin upp á Íslandi. Samningurinn sem er jafnan kallaður Prüm-samningurinn felur m.a. í sér gagnkvæman aðgang aðildarríkja að fingrafara- og erfðaefniskrám lögreglu sem og að ökutækjaskrá. Gert er ráð fyrir að öll aðildarríki ESB verði tæknilega tilbúin til að skiptast á upplýsingum úr gagnaböndum á síðari hluta árs 2011 en íslensk stjórnvöld taka sjálf ákvörðun um hvenær þau eru tilbúin til að skiptast á upplýsingunum. Ekki hefur verið ákveðið hvenær undirbúningur að fullgildingu samningsins skuli hefjast en áður en Ísland getur hafið skipti á upplýsingum er nauðsynlegt að endurnýja tæknibúnað sem heldur utan um fingrafarasafn lögreglu og jafnframt koma upp búnaði sem getur lesið upplýsingar úr mismunandi lífkennakerfum aðildarríkjanna. Kaup á hinum fyrrnefnda búnaði eru á döfnni en óvíst er hvenær hægt verður að ráðast í kaup á hinum síðarnefnda.

Samvinna á sviði sakamála

Ísland hefur gert tvo samninga við ESB á sviði sakamálasamvinnu, þ.e. samninginn um gagnkvæma réttarástoð og samninginn um málsmeðferð við afhendingu (Evrópska handtökuskipunin). Í síðustu áfangaskýrslu var ranglega tilgreint að Ísland hefði fullgilt báða samningana en hið rétta er að Alþingi Íslands hefur veitt heimild til fullgildingar samninganna, sbr. þingsályktunartillögu sem lögð var fyrir á 133. löggjafarþingi 2006-2007, þingskjal 971, 652. mál. Nauðsynlegum lagabreytingum vegna fyrrnefnds samnings var lokið árið 2006, sbr. lög nr. 71/2006 en frumvarp til breytinga á lögum vegna þess síðarnefnda verður að öllum líkindum lagt fram á haustþingi 2010.

Við gildistöku Lissabonsáttmálans í desember 2010. breyttist umtalsvert sú málsmeðferð sem gildir um samninga aðildarríkja ESB við þriðju ríki. Í stað þess að hvert ríki veiti samþykki sitt við viðkomandi samningi með tilheyrandi málsmeðferð í hverju ríki þá samþykkir nú ESB samningana eftir undanfarandi samþykki þings og ráðs. Undirbúningur slíkrar málsmeðferðar hófst af hálfu ESB á tímabilinu en ekki er ljóst hversu langan tíma hún mun taka. Samningarnir munu ekki öðlast gildi fyrr en þeir hafa verið fullgildir bæði af hálfu Íslands og ESB.

Samvinna á sviði sakamála innan ESB hefur færst mikið í vöxt og hefur stefna sambandsins verið að samræma eins og hægt er refsiréttarkerfi aðildarríkjanna. Ákveðnar línur voru lagðar í þeim efnum með ákvörðun ráðsins um sérstaka áætlun á réttarvörslusviðinu 2007-2013 (ákvörðun nr. 2007/126/JHA, 12. feb. 2007). Þá var nýlega samþykkt rammaákvörðun um gagnkvæma viðurkenningu á refsisdómum (nr. 2008/909/JHA, 27. nóv. 2008) sem og rammaákvörðun sem samræmir reglur aðildarríkjanna sem gilda um viðurkenningu dóma yfir sakborningum sem eru dæmdir að þeim fjarstöddum (nr. 2009/299/JHA, 26. feb. 2009). Þessi mál hafa ekki verið á dagskrá fyrir Ísland og eru rædd utan samsettu nefndarinnar. Með gildistöku Lissabon-sáttmálans má búast við enn frekari samræmingu á þessu sviði og því nauðsynlegt að fylgjast með þeirri þróun.

FÉLAGS- OG VINNUMÁL

Almannatryggingar

Ný almannatryggingalöggjöf tekur gildi

Þann 1. maí tók gildi ný löggjöf Evrópusambandsins um almannatryggingar, tilskipun 883/2004. Tilskipunin er talin muna auðvelda fólki að flytja milli landa innan Evrópska efnahagssvæðisins án þess að missa réttindi til almannatrygginga. Þá mun löggjöfin einnig auðvelda notendum að nálgast upplýsingar um réttindi sín. Samkvæmt tilskipuninni munu aðildarlöndin hér eftir eiga samskipti á stafrænu formi sem mun auka hraða og áreiðanleika upplýsinga. Löggjöfin mun hafa áhrif á EES svæðinu í heild sinni¹

Atvinnumál

Atvinnuástand í Evrópu

Í maí hafði atvinnuleysi innan Evrópusambandsins náð 10%. Í skýrslu um ástand á vinnumarkaði í maí kemur fram að stöðugleiki hefur aukist það sem af er árinu. Enn eykst atvinnuleysi í mörgum löndum en hraði aukningarinnar er mun minni en áður. Í nokkrum löndum eykst atvinnuleysi ekki. Lítillega hefur dregið úr atvinnuleysi ungs fólks frá því sem var fyrr á árinu. Atvinnuleysi meðal ungs fólks er þó enn 20,6% en var 14,6% í mars 2008. Atvinnuleysi meðal annarra hópa jókst úr 5,7% í 8,3% á sama tímabili.²

Spá um þróun vinnumarkaðarins til ársins 2020

Í skýrslu Evrópusambandsins (European Centre for Development and Vocational training) er reynt að skyggnast inn í þróun vinnumarkaðar innan sambandsins til ársins 2020. Þar kemur fram að reiknað sé með að árið 2020 verði fleiri störf innan sambandsins en þau eru nú, en verði en þau voru á árinu 2008. Gert er ráð fyrir að þjónustustarfsemi haldi áfram að aukast og að flest ný störf verði til á sviði tækni og þróunar sem krefjast mikillar þekkingar og færni, en að einföldum störfum muni fækka. Mest fækkun starfa mun verða í landbúnaði.³

Í áætlun Evrópusambandsins um þróun til ársins 2020 er mikil áhersla lögð á atvinnumál. Settar eru fram 10 viðmiðunarreglur til að styðjast við til að ná markmiðum 2020

¹ Sjá nánar: <http://ec.europa.eu/social/main.jsp?langId=en&catId=867>

² Sjá nánar: <http://ec.europa.eu/social/main.jsp?langId=en&catId=89&newsId=798&furtherNews=yes>

³ Sjá nánar: http://www.cedefop.europa.eu/EN/Files/3052_en.pdf

áætlunarinnar og þar af fjalla fjórar um hvernig auka megi atvinnu- og samfélagsþátttöku. Viðmiðunarreglurnar taka m.a. mið af þeirri spá um þróun vinnumarkaðar sem áður var nefnd. Þær viðmiðunarreglur sem lúta að atvinnumálum sérstaklega eru:

- Að auka atvinnuþátttöku og draga úr atvinnuleysi.
- Efla hæfni fólks og aðlaga þekkingu vinnuafls að þörfum vinnumarkaðarins, fjölga störfum og hvetja til stöðugar endurmenntunar.
- Auka gæði menntunar og þjálfunar á öllum stigum samfélagsins og fjölga þeim sem sækja sér framhaldsmenntun.
- Hvetja til aukinnar samfélagsþátttöku allra þjóðfélagshópa og berjast gegn fátækt.⁴

Lán til smárra fyrirtækja

Á fundi sínum 8. mars samþykktu atvinnu- og félagsmálaráðherrar Evrópusambandsins að stofna sjóð til að auðvelda smáum fyrirtækjum aðgang að lánum. Lánunum er ætlað að styðja fólk sem hefur misst atvinnuna og hefur hug á að hefja rekstur eða efla rekstur lítilla fyrirtækja. Sjóðnum er sérstaklega ætlað að styðja aðila sem að öllu jöfnu eiga erfitt með að fá aðgang að lánsfé vegna efnahagskreppunnar og skorts á lánsfé. Reiknað er með að um 45 þúsund fyrirtæki muni fá fyrirgreiðslu frá sjóðnum á árunum 2010 - 2013.⁵

Útsendir starfsmenn

ESA gerði athugasemdir við löggjöf Íslands um útsenda starfsmenn og töldu að ákvæði um tilkynningaskyldu annars vegar og krafa um sjúkratryggingar, slysa- og dánarbætur hins vegar stæðust ekki tilskipun Evrópusambandsins. Ísland breytti löggjöf um tilkynningaskyldu í samræmi við tilmæli ESA þann 15. júní en ákvæðum um sjúkratryggingar og bætur var ekki breytt. Þann 16. júní tilkynnti ESA að málinu yrði vísað til EFTA dómstólsins.

Nokkur mismunur virðist vera á skilningi bæði meðal landa og hagsmunaaðila á ýmsum ákvæðum í tilskipuninni. Innan Evrópusambandsins er nú unnið að úttekt á hvernig staðið hafi verið að innleiðingu tilskipunarinnar innan sambandsins. Einnig er lagt mat á áhrif tilskipunarinnar. Á grundvelli niðurstöðu úttektarinnar, sem áætlað er að ljúki í nóvember 2010, mun tilskipunin verða tekin til endurskoðunar.

⁴ Sjá nánar: http://ec.europa.eu/eu2020/pdf/proposition_en.pdf

⁵ Sjá nánar: <http://ec.europa.eu/social/main.jsp?langId=en&catId=89&newsId=730&furtherNews=yes>

Vinnuvernd

Vinnutímatilskipun Evrópusambandsins

Á árinu 2008 náðist samstaða á fundi ráðherraráðs ESB um tillögu að breytingu á tilskipun 2003/88/ESB um vinnutíma. Í tillögnum felst að hámarksvinnutími á viku geti orðið 65 stundir að hámarki, en inni í þeim tíma er falinn óvirkur vinnutími s.s. bakvaktir. Evrópuþingið hefur hins vegar ekki fallist á að hækka þakið í 65 stundir en telur að hámarksvinnutími eigi áfram að vera 48 stundir á viku.

Þegar ný framkvæmdastjórn tók við í febrúar voru teknar upp viðræður með aðilum vinnumarkaðarins en ekkert samkomulag virðist vera í sjónmáli enn, þar sem fulltrúar launþega eru á sama máli og þingið, þ.e. að hámarksvinnutími skuli áfram vera 45 stundir á viku. Ráðgert er að haldið verði áfram að vinna að endurskoðun á vinnutímatilskipuninni í haust.

Tilskipun um varnir gegn stunguslysum í heilbrigðisþjónustu

Tilskipunin, sem samþykkt var á fundi ráðherraráðs 8. mars, miðar að því að draga úr hættu á að heilbrigðisstarfsmenn verði fyrir skaða af nálum eða öðrum beittum áhöldum í starfi sínu. Ætlað er að stungusár séu yfir 1 milljón á ári innan Evrópusambandsins og þau hafa í sumum tilfellum mjög alvarlegar afleiðingar fyrir þá sem fyrir þeim verða.

Tilskipunin byggir á samkomulagi aðila vinnumarkaðarins frá því í júlí 2009.⁶

Jafnréttismál

Fötlun og lög gegn mismunun

Í janúar var birt samantekt Evrópusambandsins á lögum gegn mismunun vegna fötlunar. Bæði er farið yfir lög og reglur sem Evrópusambandið hefur sett og einnig eru lög í löndum sambandsins athuguð. Meðal annars er athugað hvort að fötlunar sé sérstaklega getið í lögum sem sett hafa verið gegn mismunun, en svo er ekki í öllum tilvikum.⁷

Skýrsla um jafnrétti karla og kvenna innan Evrópusambandsins

Í febrúar 2010 var birt árleg skýrsla um jafnrétti karla og kvenna. Í henni kemur m.a. fram að á undanförunum árum hefur orðið veruleg aukning á atvinnuþátttöku kvenna innan

⁶ Sjá tilkynningu á vef Evrópusambandsins og krækjur á tengd skjöl:

<http://ec.europa.eu/social/main.jsp?langId=en&catId=89&newsId=728&furtherNews=yes>

⁷ Sjá nánar: <http://ec.europa.eu/social/main.jsp?catId=738&langId=en&pubId=440&type=2&furtherPubs=yes>

Evrópusambandsins. Einnig hefur þróun, bæði á vinnumarkaði og í samfélaginu, verið í átt að auknu jafnrétti þótt hægt hafi gengið. Þá er enn munur á launum, atvinnuþátttöku, vinnutíma, ábyrgð á umönnun fjölskyldu og fjárhagslegri stöðu kynjanna, konum í óhag. Bent er á að koma þurfi í veg fyrir að efnahagsástandið stöðvi þá þróun sem hefur verið í jafnréttisátt að undanförunu, en hætta er á því þegar dregið er úr framlögum til samfélagsþjónustu.⁸

Foreldraorlof lengt

Tilskipun um rétt launþega til foreldraorlofs var samþykkt á fundi ráðherraráðs 8.-9. mars. Með tilskipuninni er réttur foreldra til orlofs lengdur úr þremur mánuðum í fjóra og er einn mánuðurinn ekki framseljanlegur milli foreldra. Rétturinn nær nú til allra launþega, óháð því hvernig atvinnu þeirra er háttáð (starfshlutfall, fast starf eða tímabundið). Tilskipunin gefur ekki fyrirmæli um hvernig launagreiðslum skuli háttáð á orlofstímabilinu. Slíkar ákvarðanir eru í höndum hvers aðildarlands.⁹

Uppræting kynbundins ofbeldis – ályktun ráðherraráðs

Á fundi félags-, jafnréttis-, og heilbrigðisráðherra 8. mars var samþykkt ályktun gegn kynbundnu ofbeldi. Þjóðir Evrópu eru hvattar til að vinna aðgerðaáætlanir til að koma í veg fyrir kynbundið ofbeldi. Evrópusambandið hefur þegar gert fjölmargar ályktanir í þessa veru og leggur nú áherslu á að enn verði hert á aðgerðum til að koma í veg fyrir slíka glæpi.¹⁰

Ársfjórðungslegar skýrslur um stöðu kynjanna í ráðandi stjórn málastöðum

Evrópusambandið heldur úti gagnagrunni, þar sem fylgst er með kynjahlutföllum á vettvangi stjórn mála. Í mars var birt ársfjórðungsleg samantekt úr gagnagrunninum um breytingar á kynjahlutföllum í stjórn málum síðan haustið 2009. Þar eru m.a. tíundaðar breytingar sem hafa orðið á kynjahlutfalli í ríkisstjórnnum ESB-ríkja og í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Víðast hvar hefur komum fjölgað á hinum pólitíska vettvangi, en það er þó ekki einhlítt.¹¹

Drög að tilskipun um jafnræði fólks óháð trú, fötlun, aldri og kynhneigð

Eins og fram kom í skýrslu um fyrri hluta ársins 2009 hefur tillaga að tilskipun (Com(2008) 426 final, <http://register.consilium.europa.eu/pdf/en/08/st11/st11531.en08.pdf>) um jafnræði fólks óháð trú, fötlun, aldri og kynhneigð verið til umfjöllunar á undanförunum misserum. Markmið tillögunnar er að fólk sé ekki aðeins verndað gegn mismunun á vinnumarkaði, heldur skuli

⁸ Sjá nánar: <http://ec.europa.eu/social/main.jsp?catId=738&langId=en&pubId=447&furtherPubs=yes>

⁹ Sjá nánar: <http://register.consilium.europa.eu/pdf/en/09/st16/st16945.en09.pdf>

¹⁰ Sjá nánar: <http://register.consilium.europa.eu/pdf/en/10/st06/st06585.en10.pdf>

¹¹ Sjá nánar: <http://ec.europa.eu/social/main.jsp?langId=en&catId=89&newsId=739&furtherNews=yes>

verndað gegn hverskonar mismunun í samfélaginu, hvort sem um er að ræða félagslegt öryggi, aðgang að menntun, vörum eða þjónustu.

Tilskipunin var tekin til umræðu á fundi félagsmálaráðherra í júní þar sem lagt var fram yfirlit um framvindu málsins. Niðurstaða umræðna var, að málið þarfnaðist frekari vinnslu, þar sem ekki væru allir á eitt sáttir um innihald og gildissvið tilskipunarinnar. Sum ríki telja að með tilskipuninni sé Evrópusambandið að fara fyrir valdsvið sitt og farið að teygja sig yfir á svið innanríkismála.

Hér má sjá framvinduskýrslu sem lögð var fram á fundi ráðherranna í júní:
<http://register.consilium.europa.eu/pdf/en/10/st09/st09535.en10.pdf>

Fátækt og félagslega staða Evrópubúa

Evrópuár baráttu gegn fátækt og félagslegri einangrun

Evrópusambandið tileinkaði árið 2010 baráttu gegn fátækt og félagslegri einangrun. Auk Evrópusambandslandanna taka Ísland og Noregur einnig þátt í verkefninu. Evrópusambandið er meðal ríkustu svæða í heimi en þrátt fyrir það eru 17% Evrópubúa undir fátækramörkum. Á árinu 2000 voru sett markmið í Evrópusambandinu um að draga út fátækt innan sambandsins, en fátækt hefur þvert á móti aukist á þeim tíma sem liðinn er.

Evrópuár baráttu gegn fátækt og félagslegri einangrun byggir á grundvallarhugsjón Evrópusambandsins um samstöðu allra íbúa sambandsins. Öll aðildarríki Evrópusambandsins, auk Noregs og Íslands, taka þátt í verkefninu. Sérhvert ríki hefur sett fram landsáætlun þar sem fram kemur hvernig vekja megi athygli á málinu og yfirlit um helstu verkefni. Í við verkefnið hefur verið búin til vefsíða og einnig hefur hvert aðildarríki slíka síðu þar sem fá má frekari upplýsingar.¹²

Á árinu mun Evrópusambandið leggja áherslu á eftirfarandi:

- Hvetja til þátttöku og pólitískrar skuldbindinga þjóða til að berjast gegn fátækt og félagslegri einangrun á öllum stigum samfélagsins, meðal allra aðildarríkjanna, hvort sem um er að ræða opinber samtök eða einkasamtök, ríki eða sveitarfélög.
- Hvetja alla ríkisborga Evrópusambandsins til þátttöku í baráttunni gegn fátækt og félagslegri einangrun.
- Hlusta á og vinna með fólki sem býr við fátækt og félagslega einangrun.
- Vinna með borgaralegum samtökum að baráttu gegn fátækt og félagslegri einangrun.
- Vinna að því að afnema staðalímyndir og fordóma sem tengjast fátækt og félagslegri einangrun.

¹² Sjá nánar: <http://ec.europa.eu/social/main.jsp?langId=en&catId=637>

- Efla samfélagið til að þróa og viðhalda lífsgæðum borgaranna, félagslegri vellíðan og tryggja jöfn tækifæri fyrir alla.
- Efla samstöðu kynslóðanna og tryggja sjálfbæra þróun.

Evrópuári baráttu gegn fátækt og félagslegri einangrun var formlega ýtt úr vör þann 21. janúar í Madrid. Síðan hafa fjölmargir atburðir verið haldnir um alla Evrópu. Auglýsingaherferð um átakið hefur verið hrundið í framkvæmd, m.a. með veggspjöldum á fjölförnum stöðum.

Í mars var haldin ráðstefna á vegum Spánverja sem voru í forsæti sambandsins um félagslega þátttöku fólks og var sjónum sérstaklega beint að stöðu Róma fólks í Evrópu.

Á Íslandi starfar landsnefnd verkefnisins og ráðgjafahópur sem fjölmörg samtök eiga aðild að. Aðgerðum á Íslandi má skipta í þrjá meginflokkka:

- Að auka vitund meðal þjóðarinnar um mikilvægi þess að vinna gegn fordómum sem beinast að þeim sem búa við fátækt og félagslega einangrun.
- Að fjölga tækifærum fólks sem býr við fátækt og félagslega einangrun til að sækja sér menntun.
- Í hverjum mánuði beinir ráðgjafahópur verkefnisins kastljósi að einu tilteknu atriði sem varðar fátækt og félagslega einangrun.

Íslenska verkefnið hófst í mars. Í maí var haldinn vinnufundur um fátækt á Íslandi. Þá hafa verið veittir styrkir til fjölmargra aðila sem vinna að verkefnum á þessu sviði á árinu. Félagsmálaráðuneytið stýrir verkefninu af hálfu Íslands.

Mælikvarðar á fátækt

Á fundi ráðherra félagsmála var samþykkt að nota fleiri mælikvarða til að meta fátækt en áður hefur verið. Fram að þessu hefur verið miðað við að fólk sem hefur innan við 60% af meðaltekjum síns þjóðfélags búi við fátækt, eða sé við fátækrarmörk. Nú hefur verið ákveðið að bæta við tveim nýjum mælikvörðum. Annar mælikvarðinn miðar við að þeir séu fátækir sem búa við efnislegan skort (e. *material deprivation*). Hinn mælikvarðinn skilgreinir fátækt út frá atvinnuleysi í fjölskyldu eitt ár eða lengur. Enn á eftir að útfæra þessa mælikvarða nánar.

80 milljónir manna í Evrópusambandinu falla undir fátækramörk, sé miðað við fyrri mælikvarðann eingöngu. Sé öllum mælikvörðunum beitt saman eru 120 milljónir manna undir fátækramörkum. Aðildarlönd munu hafa nokkurt val um hvaða mælikvarða þau nota.¹³

Markmið sambandsins er að 20 milljónir manna muni færast úr fátækt á næstu 10 árum. Þetta markmið var samþykkt á fundi Evrópuráðsins þann 17. júní. Sams konar markmið var sett árið 2000 en það hefur ekki gengið eftir.

¹³ Sjá nánar um mælikvarða á fátækt á vef Evrópusambandsins, bls. 3-4:
<http://register.consilium.europa.eu/pdf/en/10/st09/st09964.en10.pdf>

Fátækt fólk á vinnumarkaði

Þann 26. apríl birti *The European Foundation for the improvement of Working and Living Conditions* skýrslu um fátækt fólks sem þó er í starfi.

Fólk sem hefur starf er líklegra til að vera yfir fátæktarmörkum en þeir sem ekki hafa vinnu. Þrátt fyrir það voru 8% þeirra sem höfðu vinnu innan Evrópusambandsins við fátæktarmörk (at risk of poverty) á árinu 2007. Þetta hlutfall er mismunandi eftir löndum og þjóðfélagsþópum. Í fæstum Evrópusambandslöndum fær þessi hópur sérstaka athygli, hvorki frá stjórnvöldum né aðilum vinnumarkaðarins umfram almenna stefnu um að vinna gegn fátækt. Þá er talið líklegt að þessi hópur hafi farið illa út úr efnahagskreppu undanfarinna ára.¹⁴

Félagsleg áhrif kreppunnar

Niðurstaða könnunar sem gerð var í árslok 2009 meðal íbúa Evrópusambandsins um félagslegar afleiðingar kreppunnar sýnir að meirihluti aðspurðra telur að fátækt hafi aukist innan Evrópusambandsins á árinu 2009, bæði svæðisbundið og í þeirra heimalöndum.

Mestrar svartsýni gætir í Búlgaríu, Rúmeníu og Ungverjalandi þar sem um 60% aðspurðra telja að þriðjungur landsmanna búi við fátækt. Í Grikklandi segjast 58% eiga í erfiðleikum með að standa skil á heimilisútgjöldum. Þá er talsvert stór hópur sem á í erfiðleikum með að fjármagna heilbrigðisþjónustu. Um 22% þátttakenda töldu að fjárhagsstaða þeirra myndi versna á næstu 12 mánuðum, en 21% að hún myndi batna.¹⁵

Nefnd á vegum sambandsins (Social protection committee) fylgist náið með félagslegum og efnahagslegum áhrifum kreppunnar á fátækt fólk og ellilífeyrisþega. Áætlað er að birta nýja skýrslu um áhrif kreppunnar haustið 2010.

Félagsleg staða og lífsgæði Evrópubúa

Í febrúar 2010 var birt var árleg skýrsla um félagslega stöðu Evrópubúa, lífsgæði og viðhorf þeirra til ýmissa mála. Meiri hluti íbúanna er nokkuð ánægður með lífið og gefur sér að meðaltali einkunnina 3,5 á skalanum -10 - +10. Þó er mikill munur á löndum. Norðurlandabúar og Hollendingar eru ánægðastir með stöðu sína, en Búlgarir, Ungverjar, Grikkir og Rúmenar óánægðastir. Þá var almenn ánægja með heilbrigðisþjónustu, en mismikil milli landa.

Athygli vekur, að almennt telja íbúar Evrópu opinbera þjónustu hafa versnað á undanförunum fimm árum og að hún muni halda áfram að versna.

¹⁴ Sjá nánar: <http://www.eurofound.europa.eu/publications/htmlfiles/ef10251.htm>

¹⁵ Sjá nánar: http://ec.europa.eu/public_opinion/flash/fl_286_en.pdf

Mest var óánægja íbúa með hvernig tekist er á við misrétti og fátækt í löndum þeirra.¹⁶

¹⁶ Sjá nánar: <http://ec.europa.eu/social/main.jsp?langId=en&catId=89&newsId=696&furtherNews=yes>

FJÁRMÁL

Ríkisaðstoð

Í byrjun febrúar 2010 gerði Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) breytingar á leiðbeiningum um fjármögnun ríkja á útvarpi í almannabágu.¹⁷ Breytingarnar samsvara breytingum á reglum framkvæmdastjórnarinnar, sem gefnar voru út í júlí í fyrra.¹⁸ Í nýju leiðbeiningunum er leitast við að skýra inntak hugtaksins „útvarp í almannabágu“ og um leið þá þjónustu sem heimilt er að fjármagna með ríkisaðstoð. Eins og fram kom í yfirlitsskýrslu sendiráðsins vegna seinni hluta 2009, er lögð aukin áhersla á ábyrgð og skilvirkt eftirlit á landsvísu í reglunum til þess að tryggja útvarpi í almannabágu og fjölmiðlum í einkaeigu viðhlítandi samkeppnisumhverfi. Þær breytingar eru helstar að fara skal fram gegnsætt mat á heildaráhrifum nýrra fjölmiðla sem fjármagnaðir eru af almannafé, til þess að aðstæðum á markaði verði ekki raskað meira en þörf þykir með tilliti til hagsmuna þeirra sem í hlut eiga. Þá eru settar fram reglur um að hve miklu leyti rekstaraðilar útvarps í almannabágu geti veitt þjónustu gegn gjaldi. Aukinheldur er í reglunum lögð áhersla á eftirlit með því að fé til útvarps í almannabágu sé ekki ofgreitt og því að þjónustuhlutverkinu við almenning sé sinnt. Þá veita reglurnar rekstraraðilum útvarps í almannabágu aukið svigrúm í rekstri.

ESA tilkynnti samtímis um breytingar á leiðbeiningum um ríkisaðstoð vegna opinberrar fjármögnunar á breiðbandsneti.¹⁹ Breytingarnar byggja á samsvarandi breytingum á leiðbeiningum framkvæmdastjórnarinnar um sama efni.²⁰ Í reglunum er fjallað um með hvaða hætti opinberir aðilar geti komið að fjárfestingum í breiðbandi og næstu kynslóðar breiðbandsneti. Í því sambandi er svæðum skipt í svört svæði, þar sem ríkisaðstoð er ekki nauðsynleg og hvít og grá svæði, þar sem ríkisaðstoð er réttlætanleg að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Í leiðbeiningunum er mælt fyrir um ýmis atriði sem eiga að stuðla að virkari samkeppni og koma í veg fyrir að þrengt sé að fjárfestingu einkaaðila, s.s. um nákvæma kortlagningu svæða, opin útboð, opinn aðgang og tæknilegt hlutleysi.

Í mars bætti ESA nýjum kafla við leiðbeiningar er varða viðmiðanir við ítarlegt mat á svæðisbundinni aðstoð til stórra fjárfestingarverkefna.²¹ Í kaflanum er fjallað um þær nauðsynlegu upplýsingar sem þurfa að liggja til grundvallar mati stofnunar, þar sem leitast er við að finna jafnvægi á milli jákvæðra áhrifa aðstoðar og neikvæðra áhrifa aðstoðar á samkeppni. Nýi kaflinn er til samræmis við áherslur framkvæmdastjórnarinnar í aðgerðaráætlun hennar frá 2005 (Commission's State Aid Action Plan 2005), en þar er gert ráð fyrir að efnahagslegar forsendur liggi til grundvallar greiningu á aðstoð. Með tilkomu

¹⁷ Leiðbeiningarnar eru aðgengilegar á heimasíðu ESA, www.eftasurv.int

¹⁸ Sjá OJ C 257, 27.10.2009, bls. 1-14 (Communication from the Commission on the application of State aid rules to public service broadcasting)

¹⁹ Leiðbeiningarnar eru aðgengilegar á heimasíðu ESA, www.eftasurv.int

²⁰ Sjá OJ C 235, 30.09.2009, bls. 7-25 (Community Guidelines for the application of State aid rules in relation to rapid deployment of broadband networks).

²¹ Leiðbeiningarnar eru aðgengilegar á heimasíðu ESA, www.eftasurv.int

kaflans er þess vænst að mál er varða svæðisbundna aðstoð, verði betur undirbúin og þar með verði ákvarðanataka af hálfu ESA skjótari og betri.

Upprunareglur

Á undanförunum misserum hefur verið unnið að svæðisbundnum samningi um upprunareglur (Regional Convention on Pan-Euro-Mediterranean preferential rules of origin). Upprunareglurnar í samningnum, sem bíður undirritunar, eru efnislega í engu frábrugðnar upprunareglum í gildandi fríverslunarsamningum, sem saman mynda hið svokallaða „PAN-EURO-MEDITERRANEAN uppsöfnunarsvæði“. Svæðið nær til ESB-ríkjanna, EFTA-ríkjanna, Færeyja og 16 ríkja í Austur-Evrópu, fyrir botni Miðjarðarhafs og Norður-Afríku. Það þykir akkur í því að koma upprunareglunum fyrir í einum samningi, sem vísað verður til í viðeigandi fríverslunarsamningum. Slíkur háttur leiðir til þess, að ríkin sem standa að uppsöfnunarsvæðinu munu taka eina ákvörðun um breytingar á hinum svæðisbundna samningi í stað þess að gera breytingar á þeim fjölda fríverslunarsamninga sem þau hafa gert sín á milli. Vonast er til að unnt verði að bregðast við breyttum aðstæðum í framleiðslu og viðskiptum með skjótari hætti með aðlögun á upprunareglum þegar hinu nýja fyrirkomulagi hefur verið komið á. Ekki náðist að undirrita samninginn hinn 30. júní 2010, eins og til stóð.

Heilbrigðismál

Heilbrigðisþjónusta yfir landamæri

Eins og fram hefur komið í fyrri samantektum var tillaga að tilskipun um heilbrigðisþjónustu yfir landamæri innan Evrópusambandsins lögð fram 2. júlí 2008. Meginmarkmið tilskipunarinnar er að ryðja úr vegi hindrunum á því að sjúklingar sækji sér heilbrigðisþjónustu til annarra Evrópusambandslanda.

Tillagan er í samræmi við dóma sem Evrópudómstóllinn hefur kveðið upp, um rétt fólks til að sækja sér heilbrigðisþjónustu utan síns heimalands ef bið eftir þjónustu í heimalandinu er of löng. Tillagan var samþykkt í Evrópuþinginu í apríl 2009.

Á fundi ráðherra heilbrigðismála þann 30. nóv. - 1. des. 2009, náðist ekki pólitísk samstaða um tillöguna og fékk hún ekki afgreiðslu á fundinum.

Á fundi heilbrigðisráðherra 8. júní 2010 náðist niðurstaða um drög að tilskipun um heilbrigðisþjónustu yfir landamæri. Samkvæmt samþykktinni geta sjúklingar sótt sér heilbrigðisþjónustu í öðru landi en heimalandi sínu. Heimalandið skal bera kostnað að því marki sem það hefði gert ef þjónustan hefði verið veitt þar. Sú undantekning er þó, að þegar ellilífeyrisþegar, sem búa utan upprunalands síns, leita þjónustu í upprunalandi, ber upprunaland kostnað af heilbrigðisþjónustu en ekki það land sem viðkomandi býr í. Leiti viðkomandi þjónustu í þriðja landi innan ESB ber búsetuland kostnaðinn.

Þá er ríkjum heimilt að takmarka þá þjónustu sem sjúklingar geta sótt sér utan heimalands ef það er talið geta haft slæm áhrif á heilbrigðisþjónustu í heimalandi, t.d. vegna mikils kostnaðar. M.a. geta ríki krafist þess að sjúklingur leiti fyrirfram samþykkis vegna heilbrigðisþjónustu sem krefst innlagnar á spítala yfir nótt, sé þjónustan talin mjög sérhæfð og flókin eða uppfylli ekki skilyrði um gæði og öryggi. Einnig geta ríki gert ráðstafanir til að hefta innkomu erlendra sjúklinga, sé talið að ásókn þeirra muni hefta aðgang heimamanna að heilbrigðisþjónustu.

Einnig er gert ráð fyrir að auðveldara verði að fá lyf leyst út í öðru landi en því sem gefur út lyfseðil og aukin áhersla er lögð á þróun rafrænna samskipta á heilbrigðissviði.

Gert er ráð fyrir að sérhvert land velji fulltrúa, sem sjúklingar frá öðrum löndum geta leitað til varðandi upplýsinga um gæði og öryggi þeirrar þjónustu sem í boði er. Er þetta gert til að fólk geti byggt val um þjónustuaðila á traustum grunni.

Langtímaumönnun er ekki innan gildissviðs tilskipunarinnar.²²

²² Sjá má drög að tilskipuninni í heild sinni á vef Evrópusambandsins:
<http://register.consilium.europa.eu/pdf/en/10/st09/st09948.en10.pdf>

Öryggi sjúklinga og gæði heilbrigðisþjónustu

Framkvæmdastjórn ESB samþykkti orðsendingu og tillögu til ráðherraráðsins með tilmælum um öryggi sjúklinga í lok ársins 2008. Grundvöllur orðsendingarinnar er sá, að á ári hverju verða 8-12% sjúklinga fyrir skaða í tengslum við meðferð eða dvöl á sjúkrahúsi. Orðsendingin var samþykkt bæði af ráðherraráði ESB og þinginu með breytingum. Sérfræðinganefnd um öryggi sjúklinga og gæði heilbrigðisþjónustu hefur starfað á vegum Evrópusambandsins síðan árið 2006. Í nefndinni eiga sæti fulltrúar aðildarlandanna og Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar (WHO), en einnig fulltrúar fjölmargra hagsmunasamtaka s.s. sjúklingasamtaka, samtaka heilbrigðisstarfsmanna og rekstraraðila innan heilbrigðisþjónustunnar. Norðmenn hafa tekið þátt í störfum nefndarinnar að undanfögnu en ekki Íslendingar. Viðfangsefni hennar varða þó Íslendinga jafnt og aðrar Evrópuþjóðir.

Í nefndinni er meðal annars unnið að undirbúningi gæðareglna sem gætu orðið grunnur að tilskipun eða orðsendingu frá ráðherraráðinu. Skiptar skoðanir eru meðal aðildarlanda um þörf fyrir tilskipanir og orðsendingar á þessum vettvangi. Nýrri þjóðir innan sambandsins vilja gjarnan fá fastar reglur frá Evrópusambandinu til að hraða réttu þróun í þeirra heimalöndum. Þær þjóðir sem lengur hafa verið innan sambandsins virðast fremur telja að þjóðir eigi að hafa meira sjálfræði í þessum efnunum.

Könnun á viðhorfum Evrópubúa til öryggis sjúklinga og gæða í heilbrigðisþjónustu

Þann 16. apríl var birt niðurstaða könnunar sem gerð var meðal tæplega 27 þúsund íbúa Evrópusambandsins á mati þeirra á ýmsu er varðar öryggi sjúklinga og gæði í heilbrigðisþjónustu. Helmingur aðspurðra taldi nokkuð líklegt að sjúklingar gætu orðið fyrir skaða af völdum heilbrigðisþjónustunnar, og um fjórðungur sagðist hafa orðið fyrir slíku atviki sjálfir eða einhver þeim náinn. Líklegast væri að verða fyrir sýkingum á sjúkrahúsi, fá rangar eða ófullnægjandi sjúkdómsgreiningar. Íbúar 16 landa töldu sig búa við lakari heilbrigðisþjónustu en aðrir, en íbúar 11 landa töldu sig búa við betri heilbrigðisþjónustu en aðrir. Fremst í skýrslunni er mjög stutt og greinargóð samantekt á helstu niðurstöðum.²³

Jöfnuður í heilsufari

Eins og fram hefur komið í fyrri yfirlitum býr fólk innan Evrópusambandsins við misrétti í heilsufarslegum efnunum. Í skýrslu sem birt var 19. mars, er heilbrigðisástand fólks innan mismunandi ríkja skoðað og borið saman. Einnig eru skoðuð tengsl heilbrigðisástands og félagslegrar og efnahagslegrar stöðu.

Í skýrslunni er enn staðfest að misrétti í heilsufarslegum efnunum tengist fremur félagslegum og efnahagslegum aðstæðum fólks en skipulagi heilbrigðisþjónustunnar sem slíkrar. Því fátækara sem fólk er, því verri heilsu býr það við. Í skýrslunni kemur enn fremur fram, að fólk í ríkjum

²³ Sjá nánar: http://ec.europa.eu/public_opinion/archives/ebs/ebs_327_en.pdf

Austur-Evrópu býr almennt við lakara heilsufar en fólk í Vestur-Evrópu. Eru Búlgarir og Rúmenar verst settir, en þessar þjóðir eru meðal fátækustu þjóða Evrópu.²⁴

Áhrif almennrar stefnumótunar á heilsufar

Ráðherraráð heilbrigðis- og félagsmálaráðherra samþykkti orðsendingu í júní um jöfnuð og samstöðu í heilsufarslegum eignum (Equity and Health in All Policies: Solidarity in Health). Þar eru Evrópusambandið og aðildarlönd sambandsins hvött til að taka mið af því hver áhrif almennrar stefnumótunar og ákvarðana geti orðið á heilsufar og heilbrigði íbúanna. Sérstaklega verði gætt að stöðu barna og annarra viðkvæmra hópa í þessu sambandi. Einnig kanni framkvæmdastjórnin áhrif aðgerða sem framkvæmdar hafa verið með það að markmiði að auka jöfnuð í heilsufarslegum eignum.²⁵

Heilsufar kvenna

Í janúar 2010 var birt skýrsla um heilsufar kvenna á Evrópska efnahagssvæðinu. Þar kemur m.a. fram að flest dauðsföll meðal kvenna eru af völdum hjarta- og æðasjúkdóma og krabbameins. Elligliöp og Alzheimer eru algengari meðal kvenna en karla og einnig er þunglyndi og tíðni sjálfsvígstílauna hærra meðal kvenna. Í skýrslunni er lögð áhersla á að þörf sé á að efla rannsóknir á því hvernig sumir sjúkdómar hafa mismunandi áhrif á kynin. Konur lifa að jafnaði lengur en karlar en hvergi er munurinn milli meðalaldurs kvenna og karla eins lítill og á Íslandi eða 3,4 ár.²⁶

Könnun á áfengisneyslu meðal Evrópubúa

Birtar voru niðurstöður könnunar sem gerð var haustið 2009 meðal íbúa Evrópusambandsins um áfengisneyslu þeirra. Rétt um þrjú fjórðu hlutar aðspurðra sögðust hafa neytt áfengis á síðustu 12 mánuðum, sem er svipað og fram kom í sambærilegri könnun 2006. Um 70% segjast fá sér 2 drykki eða minna þegar þeir neyta áfengis. Konur drekka minna en karlar og ungt fólk er líklegra til að drekka mikið í einu en eldra fólk. Það vekur nokkra athygli að hæsta hlutfall þeirra sem hafa neytt áfengis á síðasta ári er í Danmörku (93%), Svíþjóð (90%) og Hollandi (88%) en lægsta hlutfall þeirra sem neyta áfengis er í Portúgal (56%), Ítalíu (60%) og Ungverjalandi (64%), sem öll eru vínframleiðslulönd.²⁷

²⁴ Sjá nánar: <http://ec.europa.eu/social/main.jsp?langId=en&catId=89&newsId=738&furtherNews=yes>

²⁵ Sjá nánar: <http://register.consilium.europa.eu/pdf/en/10/st09/st09947.en10.pdf>

²⁶ Sjá nánar: http://ec.europa.eu/health/population_groups/docs/women_report_en.pdf

²⁷ Sjá nánar: http://ec.europa.eu/health/alcohol/docs/ebs_331_en.pdf

Tilskipun um líffæraflutninga

Þann 8. desember 2008 var lögð fram tillaga að tilskipun um líffæraflutninga en á árinu 2007 var sett fram aðgerðaráætlun á sviði líffæraflutninga.

Markmið áætlunarinnar og tilskipunarinnar er að fá fleiri til að gefa líffæri og auka gæði og öryggi líffæraflutninga.

Tilskipun um líffæraflutninga var samþykkt í Evrópuþinginu 19. maí. Með henni eru styrktar þær lagastoðir sem þörf er á til að framkvæma aðgerðaáætlunina.

Með tilskipuninni verða nauðsynlegar umbætur gerðar í aðildarlöndum sambandsins til að tryggja gæði og öryggi í líffæraflutningum. Einnig eru skipti á líffærum auðvelduð og þar með aukið úrval líffæra, sem eykur líkur á að viðeigandi líffæri finnist fyrir líffæraþega.

Samkvæmt tilskipuninni skal hvert aðildarland skipa aðila innanlands, sem fylgist með að gæði og öryggi uppfylli kröfur tilskipunarinnar. Sett verður á fót viðurkennt gæðakerfi sem fjallar um líffæragjafir og líffæraflutninga bæði innan hvers lands og í sambandinu í heild. Fylgst verður með afdrifum líffæraþega til að hægt sé að gera grein fyrir alvarlegum atvikum og viðbrögðum sem rekja má til líffæra. Líffæraflutningateymi í aðildarlöndunum geta verið þess fullviss að þau fá réttar og tæmandi upplýsingar um allt sem þörf krefur óháð upprunalandi líffærisins.

Með þessum reglum eiga gæði og rekjanleiki að vera tryggð og ætti að hjálpa til að berjast gegn sölu á líffærum.

Aðildarlöndin hafa 24 mánuði til að innleiða tilskipunina.

Tilskipunin hefur ekki verið birt í lögbirtingablaði sambandsins en nánari upplýsingar má fá hér: <http://europa.eu/rapid/pressReleasesAction.do?reference=MEMO/10/203&type=HTML>

Lyfjamál

Á undanförunum árum hefur staðið yfir endurskoðun á lyfjareglum ESB, oft kallað „lyfjapakki ESB“. Þann 10. desember 2008, lagði framkvæmdastjórn Evrópusambandsins fram tillögu að nýjum lyfjapakka til ráðherraráðsins og þingsins. Nýi lyfjapakinn felur í sér fimm tillögur að breytingum. Eina sem fjallar um fölsuð lyf, tvær um breytingar á lyfjaeftirliti og tvær um upplýsingar til almennings. Tillögurnar fela í sér breytingu á tilskipun 2001/83/ES og reglugerð (EC)No 726/2004.

Samstaða hefur náðst um tilskipun um lyfjaeftirlit og gert er ráð fyrir að hún verði samþykkt fljótlega.

Einnig hefur nokkurn veginn náðst samstaða um tilskipun um að vinna gegn fölsuðum lyfjum á markaði og er gert ráð fyrir samþykkt hennar í haust.

Þriðji hluti lyfjapakans fjallar um upplýsingar til notenda lyfja. Um þann hluta hefur ekki enn náðst samstaða. Meðal annars er tekist á um hvort aðeins lækna eigi að gefa sjúklingum upplýsingar um verkanir lyfja, m.a. aukaverkanir, eða hvort sjúklingar eigi að hafa aðgang að

öruggum, óhlutdrægum upplýsingum um lyf annars staðar og þá hverjir eigi að bera ábyrgð á þeim upplýsingum.

Smáir lyfjamarkaðir

Í apríl var haldinn fundur á vegum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins með fulltrúum nokkurra ríkja sem eru sérstaklega fámenn og lítill markaður fyrir lyf. Ísland átti frumkvæði að því að benda á vanda lítilla markaða. Vandinn snýr bæði að verðlagningu en einnig að aðgengi að lyfjum sem notuð eru við sjaldgæfum sjúkdómum. Lyfjafyrirtæki hafa ekki hag af því að skrá lyf sem aðeins er notað í undantekningartilvikum á markaði. Við þessum vanda er verið að leita lausna í samvinnu við Evrópusambandið.

Minni saltneysla

Á fundi ráðherra heilbrigðis- og félagsmála í júní, var samþykkt áætlun um að draga úr saltneyslu almennings í þeim tilgangi að bæta heilsufar. Þar er hvatt til að aðildarlönd geri áætlanir um hvernig megi koma saltneyslu almennings í hæfilegt magn, m.a. með því að fá matvælaframleiðendur til að draga úr salti í unninni matvöru. M.a. er lögð áhersla á að ná til allra þjóðfélagshópa og minnka saltneyslu um 16% á næstu 4 árum.

Ástæða orðsendingarinnar er að flestir Evrópubúar borða 8 - 11 grömm af salti á dag en ráðlagður dagskammtur er 4- 5 grömm. Salt hefur áhrif á blóðþrýsting til hækkunar sem eykur hættu á að fá blóðtappa, hjartastækkun og nýrnvandamál.²⁸

Evrópskar áætlanir – sjóðir

PROGRESS

PROGRESS er evrópsk áætlun á sviði vinnumála og jafnréttis sem hleypt var af stokkunum árið 2007 og er ætlað að standa til ársins 2013. Henni var komið á fót til þess að vinna að markmiðum ESB á sviði vinnu- og félagsmála eins og þau eru skilgreind í velferðarátaki sambandsins (EU's Social Agenda). Íslensk samtök og stofnanir hafa fengið styrki úr sjóðnum til ýmissa verkefna á undanförunum árum.

Daphne III

Áætlun ESB Daphne III fyrir tímabilið 2008-2013 beinist að því að koma í veg fyrir og vinna gegn ofbeldi gagnvart börnum, ungmönnum og konum og vernda fórnarlömb ofbeldis og áhættuhópa. Áætlunin er hluti af stærra verkefni sem beinist almennt að því að tryggja grundvallar mannréttindi og réttaröryggi borgara. Meginmarkmiðið er að hvetja til og koma á

²⁸ Sjá nánar: <http://register.consilium.europa.eu/pdf/en/10/st09/st09827.en10.pdf>

fót skammtíma- og langtímaverkefnum sem ætlað er að vernda þessa hópa fyrir hvers kyns ofbeldi, efla stuðning við þolendur ofbeldis og stuðla að bættu líkamlegu og andlegu heilbrigði. Frjáls félagasamtök, fyrirtæki, stofnanir, háskólar, rannsóknarmiðstöðvar, sveitarfélög og allir sem vilja vinna gegn ofbeldi gagnvart fyrrnefndum þjóðfélagshópum geta sótt um styrki til verkefna.

Náið samstarf er meðal þeirra aðila sem hafa umsjón með Evrópuáætlunum hérlandis og hefur verið komið upp vefsíðunni evropusamvinna.is en þar er hægt að nálgast upplýsingar um áætlanirnar.

LANDBÚNAÐAR- OG SJÁVARÚTVEGSMÁL

LANDBÚNAÐARMÁL

Hin almenna landbúnaðarstefna ESB

Gildandi landbúnaðarstefna Evrópusambandsins rennur út árið 2013. Ennþá er ekki ljóst hver hin nýja landbúnaðarstefna verður, sem mun gilda til ársins 2020, vegna mismunandi sjónarmiða sem hafa komið fram. Enn fremur verður Evrópuþingið virkara en áður við þessa stefnumörkun, sem leiðir af sér flóknari ákvarðanatöku. Stefnan er því sem fyrr byggð á samkomulagi ríkjanna sem náð var árið 2003 og er kallað *Reform 2003* en það var byggt á grunni frá 2000, kallað *Agenda 2000* sem var byltingarkennd að því leyti að þá var í fyrsta sinn settur rammi um útgjöld ESB og aðildarríkja til landbúnaðarmála, í stað opins reiknings eftir framleiðslu og markaðsaðstæðum. Aðalmarkmið framkvæmdastjórnarinnar 2003 var að hverfa frá framleiðslutengdum styrkjum í landbúnaði og greiða þá án markaðstruflandi áhrifa, s.s. með hliðsjón af umhverfispáttum, dýravernd, heilbrigði dýra og dýraafurða og aðlaga landbúnaðarstyrkjakerfið að væntanlegum skilyrðum WTO. Ekki er búist við að verði horfið frá þessum meginviðmiðunum og að stuðninginum verði skipt sem áður í rekstrartengdan stuðning undir Stoð I (Pillar I) og dreifbýlistengdan (Rural) stuðning undir Stoð II (Pillar II). Um 4/5 hlutar stuðningsins falla í dag undir fyrri stoðina en 1/5 undir þá síðari.

Niðurstöður af „Health Check“

Þann 20. nóvember 2008 náðu landbúnaðarráðherrar ESB samkomulagi um „Health Check“ pakkann, en framkvæmd hans stendur enn yfir. Helstu breytingar sem hann felur í sér, og eru komnar eða munu koma til framkvæmda eru eftirfarandi:

Mjólkurkvótar

Mjólkurkvóti ríkjanna er aukinn árlega um 1 % í fimm ár frá og með apríl 2009 þar til hann fellur úr gildi í apríl 2015. Enn fremur er sekt við umframframleiðslu hækkuð. Fari innanlandsframleiðslan yfir 6% á ári skal sektarálagið vera 50% hærra en hin almenna sekt.

Nýmótun – „Modulation“

Reform 2003 kveður á um að 5% greiðslna innan landbúnaðarstefnunar verði færður frá Stoð I yfir á Stoð II. Hlutfallið mun hækka verulega og stefnt er að því að það verði komið í 10% árið 2012 í eftirfarandi skrefum: 7% 2009, 8% 2010, og 9% 2011. Sú skerðing á beingreiðslum til bænda, sem þessi ákvörðun felur í sér, skal þó einungis ná til bænda með landbúnaðarstyrki á bilinu 5,000 til 299,999 € á ári. Styrkir til bænda með 300,000 € eða meira á ári í beingreiðslur (Stoð I) skulu skertir enn frekar, eða um 4 %-stig til viðbótar.

Fjármunum sem losna á þennan hátt verður veitt til nýrra verkefna s.s. vegna loftslagsbreytinga, lífrænna orkugjafa, lífræns fjölbreytileika og vatnsbúskapar. Sú breyting er á, að fjármuninum má einnig ráðstafa til aðstoðar við aðlögun mjólkurframleiðslugeirans að afnámi mjólkurkvótans.

Afnám framleiðslutengingar – „Decoupling“

Núverandi tengingar milli framleiðslu jarðargróða (arable crops) og framlaga sem standa eftir skv. Reform 2003 verða afnumdar frá árinu 2010, þó með þeirri undantekningu að fyrir hnetur, prótein nytjajurtir, hör og hamp gerist það í einu lagi árið 2012.

„Grein 68“

Hverju ríki er heimilað að ráðstafa á eigin vegum allt að 10% af fjármunum sínum til eingreiðslna – SFP –. Stuðninginum má ráðstafa með hliðsjón af fyrri ákvæðum sem er að finna í 69. gr. nú 68. gr. reglugerðar 1234/2007 er fjallar um markaðsmál landbúnaðarins Ráðstafa má 3,5%-stigum (af 10 %) sem framleiðslutengdum. Tilfærslur skv. 68. gr. má einnig gera frá einni búgrein til annarrar en var áður bundið við að teknir fjármunir skilufu sér á nýju formi til sömu búgreinar. Leyft verður að styðja mjólkurframleiðslu, nautakjötsframleiðslu, kindakjötsframleiðslu og framleiðslu á hrísgrjónum sem efnahagslega viðkvæmar framleiðslugreinar og eins framleiðslugreinar sem eru umhverfislega viðkvæmar. Finnar fengu rýmri heimildir til að halda þessum stuðningi framleiðslutengdum en almennt voru veittar. Þær heimildir sem 68. gr. felur í sér eru bundnar við þá stefnumörkun, sem er í gildi fram til 2013 og koma til endurskoðunar sem og annað sem í gildi er.

Ný landbúnaðarstefna eftir 2013

Til viðbótar tilraunum þeirra landa, sem farið hafa með formennsku í ESB á síðustu árum, til að leggja sitt af mörkum og hafa áhrif á nýja stefnu frá 2013, hafa verið haldnar tvær þýðingarmiklar ráðstefnur til að kalla fram stefnumótun í landbúnaði. Sú fyrri fór fram þann 26. mars 2010, þar sem yfirskriftin var “fram tíð mjólkurframleiðslunnar”. Sú síðari var haldin 19. og 20. júlí 2010 og fjallaði um framtíð “hinnar almennu landbúnaðarstefnu - CAP” eftir 2013. Næstu skrefa sem er að vænta er, að framkvæmdastjórnin mun leggja fram orðsendingu (communication) seinni hluta árs 2010 (nóvember) og frumvarp til nýrra landbúnaðarlaga um mitt ár 2011, sem fylgir jafnframt tillaga um fjárframlög til landbúnaðarmála skv. CAP.

Ráðstefna um framtíð mjólkurframleiðslunnar

Framkvæmdastjórnin var skipuleggjandi að ráðstefnunni. Hún var hugsuð sem innlegg í umræðu og um leið að komast hjá því að það ófremdarástand sem skapaðist á mjólkurmarkaðnum með verðhruni á mjólk og þ.a.l. tekjutapi bænda, gæti endurtekið sig. Framkvæmdastjórnin skipaði háttsettan sérfræðingahóp (*high level experts group on milk*) til að greina þennan vanda og koma með tillögur til úrbóta, sem var ætlað að skila tillögum í júnímánuði. Ráðstefnan þjónaði því hlutverki m.a. að þátttakendur, sem voru m.a. hagsmunasamtök mjólkurframleiðenda, mjólkuriðnaðarins og neytenda ræddu störf nefndarinnar. Á ráðstefnunni kom m.a. fram að könnun sem var gerð í Frakklandi sýndi fram á að verð til neytenda lækkaði ekki þrátt fyrir mikla verðlækkun á mjólk frá bændum, þar jafnt sem í öðrum löndum ESB, sem benti til þess að samningamáttur bænda gagnvart mjólkuriðnaðinum væri veikur og þyrfti að efla.

Sérfræðingahópurinn skilaði álitum í júní sl., sem verður sent ráðinu og Evrópuþinginu til athugunar. Í álitinu er að finna ábendingar sem m.a. eru ætlaðar til að efla samningsstöðu mjólkurbænda gagnvart mjólkuriðnaðinum og dreifingaraðilum, með því að koma á samningsbundnara fyrirkomulagi um verð og afhendingarskilmála hrámjólkur með leiðbeiningum eða beinni lagasetningu. Enn fremur með því að efla samningsmátt mjólkurbænda gagnvart iðnaðinum með því að leyfa félagasamtökum þeirra að annast viðskiptasamninga við mjólkuriðnaðinn. Þá er lögð áhersla á nauðsyn þess að gera

mjólkurmarkaðinn gegnsærri frá bónda til borðs, efla rannsóknir og vöruþróun og upplýsingagjöf, þ.m.t. merkingar fyrir neytendur.

Fulltrúa sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins við sendiráðið var boðið að taka þátt í ráðstefnunni, sem hann þáði.²⁹

Ráðstefna um CAP eftir 2013

Hlutverk þessarar ráðstefnu var að draga saman opinbera umræðu og tillögur sem hafa borist frá hinum fjölmörgu hagsmunahópum og aðilum, sem gátu sent inn tillögur og hugleiðingar til framkvæmdastjórnarinnar um hvað ný landbúnaðarstefna ESB 2013 – 2020 ætti að fela í sér. Um 6 þúsund ábendingar höfðu borist fyrir ráðstefnuna. Meginspurningarnar sem lagt var upp með voru:

- Hvers vegna er þörf á almennri landbúnaðarstefnu hjá ESB?
- Hvers vænta íbúar ESB af landbúnaðinum?
- Hvers vegna umbætur á landbúnaðarstefnunni?
- Hvaða aðferðafræði gagnast landbúnaðarstefnu framtíðarinnar?

Ráðstefnan var mjög fjölmenn því hana sátu ýmsir hagsmunaaðilar auk stjórnvalda og stjórnmalamanna. Aðilum utan ESB stóð ekki til boða að taka þátt. Kannað var hvort fulltrúi sjávarútvegs og landbúnaðarráðuneytisins fengi aðgöngu, en svo var ekki.

Hér á eftir eru rakin nokkur atriði, sem var lögð áhersla á við skoðun á niðurstöðum ráðstefnunnar. Megin hluti ábendinga fól í sér það sjónarmið að CAP ætti að stuðla að öruggum og heilbrigðum matvælum, tryggja sjálfbæra nýtingu lands, styðja við dreifbýlissamfélög og tryggja nægar birgðir matvæla. Ágreiningur var um leiðir, þar sem einn hluti vildi halda áfram á sömu braut með styrkjafyrirkomulagi en aðrir vildu færa stuðninginn nær samfélagslegum þáttum s.s. eflingu vistkerfisins. Þrátt fyrir skiptar skoðanir um leiðir að ná markmiðum, er mat greinenda að ráðstefnan hafi skilað ábendingum um að eftirfarandi markmiðum við myndun nýrrar landbúnaðarstefnu fyrir ESB verði fylgt:

Umbætur sem verði gerðar á landbúnaðarstefnunni, feli í sér ákvarðanir um heildarlausnir er miða að því:

- að ganga úr skugga um að landbúnaðarstefnan tryggi matvælaöryggi ESB (security) með nauðsynlegum og eftir atvikum breytilegum aðgerðum.
- að auka markaðsvitund samkeppnisgreina í nýsköpun.
- að umbreyta markaðsinngripum í átt að nútímaaðferðum við áhættustjórnun á krepputímum.
- greina þörf á greiðslum fyrir samfélagsleg gæði sem landbúnaðurinn gefur af sér

²⁹ Skýrsluna er að finna á: http://ec.europa.eu/agriculture/markets/milk/index_en.htm

- að vernda umhverfis og lífrænan fjölbreytileika og að draga verði úr áhrifum loftlagsbreytinga.
- að skýra sambandið milli hinna tveggja stoða landbúnaðarins (Pillar I og II) og tryggja fullnægjandi úrræði fyrir dreifbýlisþróun.
- að gera landbúnaðarstefnuna hagkvæmari fyrir smábændur, harðbýl landbúnaðarsvæði og ný aðildarlönd.
- að hvetja til efnahagslegs gegnsæis í matvælakeðjunni og efla samningsmátt framleiðenda.
- að gerðar verði jafnar kröfur um gæði á innfluttum og innlendum afurðum
- að hindra skaðleg áhrif landbúnaðarstefnunnar (CAP) á landbúnaðarframleiðslu þriðju ríkja.

Án þess að sé ennþá ljóst hver hin nýja stefna verður, eru taldar líkur á, að meiri áhersla verði lögð á samfélagsleg gæði sem landbúnaðurinn skilar við ákvörðun á styrkjum til hans, einkum hvað varðar vistkerfið. Framlög til stórbúskapar minnki hlutfallslega og að söguleg viðmiðun við ákvörðun á útdeilingu styrkja hverfi úr myndinni.³⁰

Formennskuáætlun Belgíu

Stefna Belga í landbúnaðarmálum felst fyrst og fremst í að halda áfram gerð nýrrar stefnumörkunar eftir árið 2013. Þar ber hæst að ná samkomulagi um þá orðsendingu (communication) sem ráðið og framkvæmdastjórnin verður að birta fyrir lok ársins (nóvember). Þá mun formennskulandið enn fremur fást við lausnir í samræmi við álit nefndar um vandamál mjólkurframleiðslunnar (High Level Group on Dairy) og koma af stað umræðu um stefnu ESB um gæði landbúnaðarafurða, sem er til endurskoðunar. Enn fremur taka á málum varðandi stefnu um erfðabreyttar lífverur.

Tvíhliða samningur um landbúnaðarafurðir - endurskoðun

Nýr samningur um framkvæmd 19. gr. EES samningsins um endurskoðun viðskiptaívilnana með óunnar landbúnaðarafurðir kom til framkvæmda á fyrri hluta árs 2007. Samkvæmt ákvæðum EES samningsins er gert ráð fyrir að endurskoðun viðskiptaívilnana með óunnar landbúnaðarafurðir fari fram reglulega, sem var undirstrikað í þessu samkomulagi. Biðstaða hefur verið á þessu máli frá seinni hluta ársins 2008. Engar viðræður áttu sér stað milli aðila á fyrri hluta árs 2010.

³⁰ Sjá nánar: http://ec.europa.eu/agriculture/cap-post-2013/conference/index_en.htm

Bókun 3 – endurskoðun

Á grundvelli óska framkvæmdastjórnarinnar í lok árs 2006 fóru fram viðræður um endurskoðun á viðskiptaívilnunum skv. bókun 3 milli ESB og Íslands. Norsk stjórnvöld hafa talið að samningurinn á því formi og með því efnisinnihaldi sem er, þjóni vel hagsmunum allra aðila og þarfnist ekki endurskoðunar að svo komnu máli. Engin hreyfing var á milli Íslands og ESB í þessu máli fyrri hluta árs 2010. Boðað hefur verið til fundar í vinnuhópi EFTA og ESB um bókun 3, í Noregi þann 6. september 2010. Á dagskrá eru skoðanaskipti um þróun landbúnaðarmála í ríkjunum, þróun viðskipta milli þeirra með unnar landbúnaðarafurðir og virkni viðskiptasamningsins skv. bókun 3.

Umsókn Íslands að Evrópusambandinu - landbúnaður

Í framhaldi af ákvörðun Evrópusambandsins um að fela framkvæmdastjórninni að kanna aðildarmöguleika Íslands að sambandinu eftir að lögð var fram umsókn Íslands um aðild skv. ályktun Alþingis frá 16. júlí 2009, hafa farið fram kynningarfundir fyrir Ísland á hinni almennu landbúnaðarstefnu þess (CAP) með aðkomu stjórnarskrifstofu um landbúnaðarmál - DG AGRI. (Directorate-General for Agriculture and Rural Development). Efni kynningarfundanna var ákveðið í samráði milli DG AGRI og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins og fjallaði um stefnu ESB um landbúnað og byggðaðróun. Dagana 21.-23. september voru kynningarfundir haldnir á Íslandi þar sem mættu hagsmunaaðilar og stjórnvöld, sem vildu kynna sér landbúnaðar- og dreifbýlisstefnu ESB og auk þess var fulltrúum ESB gefinn kostur á að kynna sér landbúnað og landbúnaðarskilyrði á Íslandi. Þá voru haldnir kynningarfundir af DG AGRI fyrir aðila úr starfshópi um landbúnað, sem utanríkisráðuneytið hafði skipað. Þessir fundir fóru fram dagana 8.-10. desember 2009. Markmið fundanna var að kynna stefnu ESB á tilteknum sviðum landbúnaðar- og dreifbýlismála, einkum er varðar greiðslu og eftirlitskerfi ESB, dreifbýlismál, gæðamál og auk þess verðlags- og markaðsmál.

Lífrænn landbúnaður og lífræn framleiðsla lagardýra og gróðurs.

Í júní árið 2007 var birt reglugerð ráðherraráðsins (EC) No 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingar lífrænna afurða sem felldi úr gildi reglugerð 2092/1991 um sama efni. Reglugerð 834/2007 var unnin af ráðherraráðinu en enginn aðgangur er fyrir Ísland og Noreg að koma að vinnslu hennar á fundum á vegum þess. Meðal atriða í þessari nýju reglugerð eru ákvæði sem banna notkun á grindum í gripahúsum við lífræna framleiðslu. Einnig er í þeim að finna í viðauka V, lista yfir fódurefni sem má nota við lífræna framleiðslu og um takmarkanir á notkun fódurefnanna, sem geta átt við skv. ákvæði í 22. gr. reglugerðarinnar. Þannig er notkun á fiskafurðum sem fódurs við lífræna framleiðslu einungis leyfð séu þær fengnar með sjálfbærum veiðum. Þá er enn fremur sett sú takmörkun á notkun þeirra sem fódurs, að einungis sé heimilt að fódra önnur dýr en grasbíta á fiskimjöli eigi afurðirnar að teljast lífrænt ræktaðar, sem eru þrengri reglur en „TSE reglugerðin“ 999/2001 kveður á um. Reglugerðin tók gildi 1. janúar 2009.

Í lok júní 2009 lagði framkvæmdastjórnin fram endurskoðaða tillögu að breytingu reglugerðarinnar (889/2008), sem fella ákvæði um lífræna framleiðslu lagardýra og gróðurs undir ákvæði hennar. Af hálfu Íslands, Noregs, Bretlands, Írlands, Frakklands, Spánar og Finnlands lágu fyrir tillögur um að auka leyfilegt hámark á þéttleika nokkurra tegunda í fiskeldi með hliðsjón af því að tillögur framkvæmdastjórnarinnar leyfðu ekki nægjanlegan

þéttleika til að framleiðslan geti verið hagkvæm (m.a. auka þéttleika bleikju (arctic charr) úr 20 kg í 50 kg). Ekki fékkst tekið tillit til þessara tillagna. Hinsvegar vitnaði framkvæmdastjórnin til ákvæða í 95. grein reglugerðarinnar, sem gera ráð fyrir að leyfa aðlögun að ákvæðum hennar, sem er fólgin í að leyfa þeim, sem fyrir gildistöku reglnanna (1. júlí 2010), að nota í 3 ár til viðbótar (til 1. júlí 2013) þær framleiðsluáðferðir sem þá gilda, þó þær séu á svig við hinar nýju reglur. Reglur um lífræna framleiðslu eru sífellt að komast í fastara form varðandi framkvæmd. Það varðar m.a. viðurkennd tákn (merki) fyrir vörur sem eru lífrænt framleiddar og enn fremur skipulag og kröfur um viðurkenningar sem hin svokölluðu þriðju lönd þurfa að leita eftir til að fá að markaðsetja lífrænt framleiddar afurðir á markað ESB.

41. gr. reglugerðarinnar kveður á um að framkvæmdastjórnin skuli þann 31. desember 2011 leggja fyrir ráðið skýrslu um reynslu af þessu regluverki, með tillögum um breytingar ef þurfa þykir.

Löggjöf um erfðabreyttar lífverur (GMO)

Framkvæmdastjórn ESB hefur gefið út tilkynningu um fyrirhugaða lagasetningu um frjálsræði aðildarlandanna til að taka ákvörðun um hvort þau vilji leyfa ræktun á erfðabreyttum lífverum (nytjaplöntum) sem hafa hlotið viðurkenningu matvælastofnunar Evrópu (EFSA) til ræktunar innan sambandsins. Í gildi er ítarleg löggjöf um heimildir til notkunar á erfðabreyttum lífverum í fóður og matvæli og til ræktunar og iðnaðar. Löggjöf um þetta er að finna í tilskipun 2001/18/EC varðandi heimildir um notkun á GMO til ræktunar í opnu umhverfi og í reglugerð 1829/2003 um notkun á GMO í matvælum og fóðri. Hvor þessarar löggjafar kveður á um fyrirfram ákveðnar heimildir til notkunar, sem eru gefnar hverju sinni með lagasetningu að fengnu jákvæðu álit frá EFSA en einnig er ábyrgð lögð á matvælaöryggisstofnanir aðildarlandanna að fylgjast með og viðurkenna þessa starfsemi heima fyrir, þar sem gæta þarf að umhverfissjónarmiðum við ræktunina. Þá er enn fremur að finna ákvæði í reglugerð 1830/2003 sem setur reglur um merkingar og rekjanleika við notkun á erfðabreyttum lífverum og um rekjanleika fóðurs og matvæla sem innihalda erfðabreyttar lífverur.

Áður nefndar reglur hafa verið í gildi um sex ára skeið, en á þeim tíma hafa sjö af aðildalöndum ESB annaðhvort bannað eða takmarkað ræktun á erfðabreyttum lífverum heima fyrir með tilvísun til öryggisákvæða sem löggjöfin heimilar að sé beitt. Auk þess hefur eitt landanna (Pólland) bannað ræktun á tegund, sem er heimilt að rækta innan ESB, án heimildar í lögum og tapað því máli fyrir dómstólum ESB.

Þetta hefur leitt til þess að almennt samkomulag er nú komið á, milli þings, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar, um að gefa hverju landi frjálsræði um hvort það leyfir hverju sinni ræktun og notkun þeirra afbrigða erfðabreyttra lífvera, sem hafa hlotið viðurkenningu sem öruggar í ræktun án þess að fyrir liggi vísindalegar sannanir um að engin hættu sé á ferðum..

Eurostat (Evrópska tölfræðistofnunin) hefur nýverið birt skýrslu um ræktun á erfðabreyttum lífverum innan ESB. Innan ESB er nú 4.3% ræktaðs lands lagt undir slíka ræktun (2008). Um 197 þús. bújarðir taka þátt í slíkri ræktun innan ESB. Eigi að síður stendur þessi ræktun aðeins undir 2% af heildarkostnaði neytenda (total food expense).

Austurríki og Ungverjaland hafa fram til þessa bannað alla ræktun á erfðabreyttum gróðri og staðið í stappi við framkvæmdastjórnina án þess að framkvæmdastjórnin hafi getað aðhafst nokkuð gagnvart löndunum.

Samkvæmt hinum nýju hugmyndum verður engin breyting á ferlinu þ.e.a.s. framkvæmdastjórnin tekur ákvörðun um hvort innflutningur og ræktun tiltekinna afbrigða skuli heimiluð að fengnum tillögum EFSA (Matvælastofnunar Evrópu). Síðan tekur hvert land ákvörðun fyrir sig um staðbundna ræktun, en hefur ekki heimild til að banna innflutning erfðabreyttra afurða.³¹

Súnósur³²

Í matvælalöggjöf, reglugerð 178/2002, er lögð áhersla á að takmarka eftir föngum að sjúkdómar berist frá dýrum í fólk, svonefndar súnósur. Um er að ræða sjúkdóma svo sem BSE/TSE (bovine/transmissible spongiform encephalopatier), salmonellu, campýlóbakter og MRSA (Methicillin-resistant Staphylococcus aureus). Verið er að kanna salmonellusmit í afurðum alifugla og svína og unnið er að reglusetningu sem á að draga úr smithættu.

Salmonella, kampýlóbakter og MRSA

Á grundvelli ákvörðunar (2007/407) hafa verið teknar ákvarðanir um skimun eftir salmonellu og kampýlóbakter á kjúklingabúum og í nýslátruðum kjúklingum (2007/516/EC) og ákvörðun um athugun á tíðni salmonellu og MRSA („Methicillin-resistant Staphylococcus aureus”) í alisvínahjörðum (2008/55/EC). Athuganirnar fóru fram í hverju aðildarlandi ESB árið 2009 og verður unnið úr niðurstöðunum þessu ári (2010). Framkvæmdastjórnin endurgreiðir meginhluta þess kostnaðar sem löndin verða fyrir vegna þessa.

Í 8. gr. reglugerðar 843/2004 um heilbrigði dýraafurða, eru ákvæði sem leyfa að sérstakar tryggingar gegn salmonellusmiti í alifugla- og svínaafurðum og kjöthakki, sem voru samþykktar fyrir Finnland og Svíþjóð við aðild að ESB, megi veita á tilteknum landsvæðum eða í löndum, sem uppfylla sömu skilyrði og áður nefnd lönd. Í júní 2008 var þetta mál til umræðu í fastanefnd framkvæmdastjórnarinnar um öryggi matvæla og heilbrigði dýra (SCFCAH). Framkvæmdastjórnin lagði fram drög að leiðbeiningum um efnislegt innihald og kröfur sem eftirlitsáætlanir sem þessar þurfa að uppfylla. Leiðbeiningarnar eru ekki bindandi að lögum en setja umgjörð um verkefnið.

Danmörk ákvað á grundvelli áður nefndra reglna að sækja um fyrrnefnd réttindi um eftirlit á árinu 2009, sem var upphaflega gert ráð fyrir að tækju til eggja og kjúklinga. Vegna neikvæðrar þróunar var horfið frá því að sækja um hvort tveggja en aðeins beðið um sérstaka tryggingu vegna eggja. Umsóknin hefur sætt verulegri andstöðu tiltekinna ríkja í fastanefnd ESB um matvæli og heilbrigðismál dýra en var samþykkt með naumum meirihluta í nefndinni en er ekki komin að fullu til framkvæmda.

Eftirlitsskylda með tríkínum.

Eftirlit með að kjöt sé ekki mengað með tríkínum er nauðsynlegt þar sem sníkjudýrið er lífshættulegt fólk. Ákvæði um eftirlit við slátrun er að finna í reglugerð 2075/2005 sem tekur til eftirlits með tríkínum. Skylt er að rannsaka allar tegundir kjöts, sem geta innihaldið

³¹ Sjá nánar: <http://www.organic-world.net/statistics-eurostat.html>

³² Súnósur eru dýrasjúkdómar sem geta borist í menn

tríkínur, með nokkrum undanþágum. Þannig er ekki skylt að leita eftir tríkínunum í svínakjöti, ef það er fryst fyrir sölu og neyslu því frysting drepur sníkjudýrið sbr. grein 3 (1) í 2075/2005: ”By way of derogation from Article 2(1), meat of domestic swine that has undergone a freezing treatment in accordance with Annex II under the supervision of the competent authority shall be exempt from Trichinella examination”³³. Einnig er vikið frá ströngustu reglum um rannsókn á svínakjöti, ef svæði eða lönd fást viðurkennd sem laus við tríkínur, sem ætti að eiga við Ísland.

Í reglum um fyrirkomulag eftirlits, sem koma með reglugerð 882/2004 eru ákvæði sem leiða til þess að allar rannsóknastöðvar sem annast m.a. skimun fyrir trikínunum, skulu hljóta fullgildingu fyrir árslok 2010. Því fylgir verulegur kostnaður, allt að 10 þúsund € á stöð að því talið er, og því áformað að veita lengri aðlögun, að minnsta kosti fyrir minni rannsóknastöðvar sem starfa á vegum eða innan tiltekinna sláturhúsa.

Slökun á öryggisráðstöfunum vegna TSE/BSE

Framkvæmdastjórnin telur að árangur undanfarinna ára við að draga úr sýkingum af TSE sjúkdómum (riða í nautgripum, sauðfé og hjartardýrum –BSE / TSE og CWD) hafi borið slíkan árangur, að hægt sé að slaka á þeim ströngu reglum sem hafa gilt, einkum er varðar notkun á dýrapróteini í fóður. Frá árinu 2005 hefur legið fyrir svokallaður vegvísir (roadmap) um hvaða leiðir beri að fara, annarsvegar til að uppgötva og eyða sjúkdómnum og hinsvegar hvaða fyrirbyggjandi aðgerðir séu nauðsynlegar til að vernda heilsu dýra og manna gagnvart sjúkdómnum og hindra að hann breiðist út. Þar má nefna hið umdeilda fóðurbann (feedban) og reglur um hvaða áhættuvefi beri að fjarlægja frá sláturdýrum fyrir neyslu afurðanna. Framkvæmdastjórnin birti orðsendingu (communication) þann 16. júlí 2010 um nýjan vegvísi, Vegvísi II “A Strategy paper on Transmissible Spongiform Encephalopathies for 2010-2015” sem er ætlað að vera grundvöllur fyrir umræðu til að marka stefnu fram til ársins 2015. Sú umræða mun eiga sér stað milli ráðsins, þingins og hagsmunaaðila. Hvað hagsmuni Íslands varðar, snerta þeir einkum heimildir til að fóðra dýr með dýrapróteini s.s. fiskimjöli og eins hvaða skilgreiningar verða gerðar varðandi skyldur til að fjarlægja svokallaða áhættuvefi (SRM, specific risk materials) fyrir neyslu afurðanna. Þá mun einnig skipta máli hvaða kröfur verða gerðar um skimun fyrir TSE/BSE, annarsvegar vegna nautgripariðu og hinsvegar vegna riðu í sauðfé, en við innleiðingu matvælaalaga ESB falla skyldur á Ísland að fylgja þessum reglum að teknu tilliti til þeirra undanþága v. riðu í sauðfé, sem voru samþykktar sbr. að neðan.

Matvælamál

Breytingar á Viðauka I og II við EES samninginn

Þann 26. október 2007 var felld inn í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, með stjórnskipulegum fyrirvara, löggjöf Evrópusambandsins um meginreglur á sviði matvælaöryggis. Meginstoð matvælastefnunnar er að finna í reglugerð EB nr. 178/2002, um almennar meginreglur og kröfur um matvæli og um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu. Reglugerðin fjallar einnig um hollustuhætti í matvælaíðnaði og eftirlit með fóðri og matvælum og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla auk annarra atriða. Þann 18. desember

³³ Reglugerð EB nr. 2075/2005 gr. 3(1)

2009 samþykkti Alþingi lagafrumvarp um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða, sem heimilaði innleiðingu matvælalaga ESB í íslensk lög, með ákvæði um gildistöku 1. mars 2010. Upptöku framangreindrar löggjafar ESB fylgir að fallið er frá undanþágum Íslands varðandi þá kafla EES samningsins sem varðar dýraafurðir þ.e.a.s. Viðauka I og II með nokkrum frávikum. Því fylgir að inn eru teknar fjölmargar gerðir ESB sem fylgja þessum lagagrunni. Undanþágur sem gilda áfram varða takmörkun á innflutningi lifandi dýra öðrum en lifandi fiski. Enn fremur eru tilteknar undanþágur sem leyfa að Ísland haldi áfram banni á innflutningi á kjöt- og beinamjöli, banni við innflutningi á hráu kjöti, fóðrun jórturdýra með íslensku fiskimjöli verði áfram heimil á Íslandi og reglur ESB um sauðfjárriðu eru aðeins að litlu leyti teknar yfir.

Ísland hefur átján mánuði til að aflétta stjórnskipulegum fyrirvara frá samþykkt Alþingis til að innleiða löggjöfina hvað varðar landbúnaðarafurðir sem hafa ekki lengur undanþágu og aðlaga matvælaframleiðsluna að henni. Á þeim tíma mun Ísland útfæra sérstaka aðgerðaráætlun vegna salmonellu í nautakjöti, svínakjöti, alifuglakjöti og eggjum til að viðhalda heimild til að rannsaka ofangreind matvæli m.t.t. salmonellumengunar við innflutning til Íslands og eiga möguleika á að stöðva hann, standist hann ekki skoðun. Áfram verður viðhaldið kröfu um að innflutt kjöt sem ekki er soðið skuli flutt inn frosið og að innflutningur smitberandi afurða s.s. rotmassa sem er blandaður með alidýraáburði verði ekki leyfður.

Megin reglugerðir um framkvæmd matvælastefnunnar sem koma til innleiðingar við þessar breytingar eru:

- Reglugerð EB nr. 178/2002 um „almenn ákvæði og reglur í matvælalöggjöfinni og um Matvælaöryggisstofnun Evrópu og reglur varðandi öryggi matvæla“.
- Reglugerð EB nr. 852/2004 um hollustuhætti í matvælaíðnaði.
- Reglugerð EB nr. 853/2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu.
- Reglugerð EB nr. 854/2004 um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis.
- Reglugerð EB nr. 882/2004 um opinbert eftirlit til að tryggja sannprófun þess að lög um fóður og matvæli og reglur um dýraheilbrigði og velferð dýra séu virtar.
- Reglugerð EB nr. 1774/2002 um „heilbrigðisreglur varðandi úrgang frá framleiðslu dýraafurða, sem ekki er til neyslu“.
- Reglugerð EB nr. 999/2001 um „reglur til að fyrirbyggja, hafa eftirlit með og útrýma vissum riðusjúkdómum“ (BSE/TSE - bovine/transmissible spongiform encephalopatier) er enn fremur hluti af öryggisreglum um framleiðslu matvæla sem spratt upp úr því fári sem kúariða olli á kjötmörkuðum ESB og víðar.

Ljóst er að innleiðing áður nefndra reglugerða felur í sér viðamiklar breytingar á framkvæmd matvælaeftirlits á Íslandi með auknu umfangi (eftirlit og rannsóknir við efnagreingar og skimun fyrir sjúkdómum) og auknum kostnaði.

RANNSÓKNIR OG ÞRÓUN

Stuðningur við rannsóknir og þróun voru ofarlega á dagskrá ESB árið 2010. Mennta- og menningarmálaráðuneytið tók þátt í starfi fjölmargra nefnda á vegum framkvæmdastjórnar ESB og ráðherraráðsins og í vinnuhópi EFTA um rannsóknir og þróun.

Sjöunda rammaáætlun ESB um rannsóknir og tækniþróun 2007-2013

Ísland er aðili að sjöundu rammaáætlun ESB um rannsóknir og tækniþróun 2007-2013. Þegar þrjú og hálf ár eru liðin af gildistíma áætlunarinnar eru íslenskir aðilar þátttakendur í 98 verkefnum. Styrkir til íslenskra þátttakenda nema rúmum 21 milljónum evra. Árangurshlutfall íslenskra umsókna er í kringum 25% sem er yfir meðallagi. Hæstu styrkirnir, 6 milljónir evra, renna til íslenskra aðila á sviði heilbrigðisvísinda. Næst á eftir eru umhverfisrannsóknir og matvælarannsóknir sem hljóta rúmar 2 milljónir evra í styrk. Íslendingar nýta sér í auknum mæli mannauðsáætlun sem og félags-, hag- og hugvísindaáætlun 7. RÁ, en í minna mæli en áður orku- og upplýsingatæknihluta áætlunarinnar.

Vísindanefnd ráðherraráðsins og framkvæmdastjórnarinnar (CREST/ERAC)

Ísland á áheyrnaraðild að „The Committee for Scientific and Technical Research” (CREST), sem hefur haft það hlutverk að vera ráðgefandi fyrir ráðherraráðið og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins um málefni rannsókna og tækniþróunar. Síðastliðin tvö ár hefur helsta verkefni CREST verið að fylgjast með framvindu Evrópska rannsóknasvæðisins, ERA og aðgerðum og árangri Ljubljana ferlisins þar að lútandi og framkvæmd 7. rammaáætlunar ESB um rannsóknir og þróun.

Á fundi ráðherraráðsins 26. maí 2010 var samþykkt nýtt umboð nefndarinnar sem felur í sér skýrari skírskotun til allra málefna Evrópska rannsóknasvæðisins, þ.e. rannsókna, nýsköpunar og menntunar.³⁴ Um leið var nefndinni gefið nýtt nafn til að endurspegla betur umboð hennar: “The European Research Area Committee” (ERAC). Helstu verkefni nefndarinnar er að vera framkvæmdastjórn ESB og ráðinu til ráðgjafar um stefnumörkun á sviði Evrópska rannsóknasvæðisins og fylgjast með þróun þess. Nefndin skal leggja áherslu á samhæfingu stefnumótunar aðildarlanda Evrópska rannsóknasvæðisins á sviði rannsókna, nýsköpunar og menntunar og þróa sameiginleg viðmið/vísa til að efla mat á árangri og undirbyggja þannig stefnumótun í framtíðinni. Nefndin skal skipuð tveimur fulltrúum frá hverju landi og koma saman að minnsta kosti fjórum sinnum á ári. Framkvæmdastjórn ESB fer með formennsku í nefndinni en fulltrúar nefndarinnar velja varaformann úr sínum hópi. Nefndin sjálf mun útfæra verklagsreglur sem ekki er kveðið á um í samþykkt ráðherraráðsins.

³⁴ Sjá nánar: http://www.consilium.europa.eu/uedocs/cms_Data/docs/pressdata/en/intm/114635.pdf

Óformlegur fundur rannsóknaráðherra ESB og EFTA

Óformlegur fundur rannsóknaráðherra ESB og EFTA var haldinn á Spáni 7. og 9. febrúar 2010 undir formennsku Spánar, Fundur ráðherranna tók einkum mið af áhrifum hins nýja Lissabon sáttmála sem tók gildi í desember 2009, efnahagslegum afleiðingum fjármálakreppunnar 2008 á fjármögnun til rannsókna og nýsköpunar og þætti rannsókna, nýsköpunar og menntunar í Evrópa 2020 áætlun ESB. Samkvæmt ályktun fundarins skal stefnt að því að samþætta vísindi og nýsköpun til að svara þörfum samfélagsins á sviði orku, loftslagsbreytinga, öldrunar og sjúkdóma og um leið að stuðla að efnahagslegum framförum í Evrópu.³⁵

Ljubljana ferlið – Evrópska rannsóknasvæðið

Stefnumótunarvinna fyrir evrópska rannsóknasvæðið undir formerkjum Ljubljana ferlisins var fram haldið á fyrri hluta ársins 2010. Þessari vinnu er ætlað að undirbyggja evrópska rannsóknasvæðið enn frekar í samræmi við endurskoðaða framtíðarsýn fyrir evrópska rannsóknasvæðið 2020 á fimm sviðum sem undirbyggja eiga evrópska rannsóknasvæðið um: meðferð hugverkaréttinda opinberra rannsóknastofnana, aukinn hreyfanleika og bætt starfsævi rannsóknafólks innan Evrópu, mótun nýrra sameiginlegra rannsókna- og þróunaráætlana, uppbyggingu samevrópskra rannsóknainniðnaða og samstarf um eflingu alþjóðlegs rannsóknasamstarfs. EFTA ríkin tóku þátt í nefndum og vinnuhópum sem fjalla um þessi mál.

Nýjar samstarfsáætlanir ESB um rannsóknir og þróun.

Á óformlegum fundi rannsóknaráðherra ESB og EFTA í apríl 2008 var samþykkt að koma á nýjum evrópskum samstarfsáætlunum á sviði rannsókna- og þróunar (*New Joint Programme Initiatives - JPI*) til hliðar við Rammaáætlun ESB um rannsóknir og þróun. Markmiðið er að koma á samstarfi milli landsbundinna sjóða og áætlana í Evrópu um samfjármögnun rannsóknaverkefna þannig að það fjármagn sem veitt er til rannsókna og þróunar í Evrópu nýtist betur og skili meiri árangri. Hverju landi er í sjálfsvald sett hvort það taki þátt í nýju samstarfsáætlunum.

Árið 2009 var nefnd háttsettra embættismanna um nýjar samstarfsáætlanir (*High Level Group on Joint Programming – GPC*) sett á fót til að fjalla um hugmyndir að nýjum samstarfsáætlunum og gera tillögur til ráðherraráðsins. Á síðari hluta 2009 lagði nefndin 3 tillögur fyrir fund ráðherraráðsins og voru þær allar samþykktar. Nú er unnið að útfærslu eftirfarandi samstarfsáætlana: Heilsa og fæði; landbúnaður, landnýting og áhrif loftslagsbreytinga; og menningararfleifð, loftslagsbreytingar og öryggi.

Á fyrrihluta 2010 fjallaði nefndin um frekari hugmyndir að samstarfsáætlunum og mun leggja fram eftirfarandi 6 tillögur að samstarfsáætlunum fyrir ráðherraráðið síðar á árinu; *Connecting Climate Knowledge for Europe (Clik'EU)*, *Healthy and Productive Seas and Oceans*, *More Years, Better Lives - The Potential and Challenges of Demographic Change*, *The microbial*

³⁵ Sjá nánar: ftp://ftp.cordis.europa.eu/pub/spain/docs/donostia-declaration_en.pdf

challenge - An emerging threat to human health, Urban Europe - Global Challenges, Local Solutions og *Water Challenges for a Changing World*. Ísland hefur ekki tekið afstöðu til þátttöku í hinum væntanlegu nýju samstarfsáætlunum.

Evrópa 2020 áætlunin – rannsóknir, nýsköpun og menntun

Ráðherraráðið samþykkti formlega á fundi sínum 17. júní áætlun undir heitinu *Europe 2020 – A European Strategy for smart, sustainable and inclusive growth*, þar sem fram koma tillögur að stefnumörkun Evrópusambandsins í efnahagsmálum til ársins 2020.³⁶ Áætlunin tekur við af Lissabon áætluninni 2000 – 2010. Áherslur Evrópa 2020 áætlunarinnar eru:

- Vitrænn vöxtur (e. *Smart Growth*) – þróa skal sterkan efnahag sem byggist á þekkingu og nýsköpun;
- sjálfbær vöxtur (e. *Sustainable Growth*) – hagkerfi skulu vera skilvirk, umhverfisvæn og skulu stuðla að hagkvæmri nýtingu auðlinda;
- vöxtur fyrir alla (e. *Inclusive Growth*) – stuðla skal að atvinnuþátttöku almennings;
- félagsleg- og landfræðileg samheldni (e. *Cohesion*).

Sett eru fram fimm markmið (e. *EU headline targets*) til að mæla árangur í átt að ofangreindum áhersluatriðum og er hverju ríki falið að setja sér sín eigin markmið.

Markmið áætlunarinnar taka m.a. til rannsókna, nýsköpunar og menntunar. Stefnt skal að því að bæta aðstæður fyrir rannsóknir og nýsköpun m.a. með því að verja 3% af vergri landsframleiðslu aðildarríkja til rannsókna og þróunar. Stuðlað verði að bættri menntun, brottfalli úr skólum verði komið undir 10% og að minnsta kosti 40% fólks á aldrinum 30-34 ára hafi lokið námi á háskólastigi.

Í þessum tilgangi eru nokkur forgangsverkefni skilgreind í áætluninni. Þeirra á meðal er að bæta regluverk til að hlúa að nýsköpun og efla tengslin milli rannsókna og nýsköpunar annarsvegar og markaðarins hinsvegar þannig að hugmyndir skili sér í þróun vöru og þjónustu sem aftur stuðli að hagvexti og störfum. Bæta á evrópskt menntakerfi og auðvelda ungu fólki inngöngu á vinnumarkaðinn en um leið nútímavæða vinnumarkaðinn á þann hátt að fólki verði gert kleift að þróa hæfileika sína og efla hreyfanleika milli starfsgeira og landa.

³⁶. Sjá nánar: <http://ec.europa.eu/eu2020/>.

IÐNAÐAR- OG ORKUMÁL

ORKUMÁL

Orkumál hafa verið ofarlega á dagskrá ESB síðastliðin ár og verða það áfram á næstunni, en m.a. er gert ráð fyrir að leiðtogaáráð ESB haldi sérstakan fund um orkumál í febrúar 2011. Orkumál falla undir EES-samninginn³⁷ og flestar lagagerðir ESB á sviði orkumála hafa verið innleiddar í íslensk lög. Þessar gerðir hafa leitt til nokkurra breytinga og nýmæla í löggjöf um orkumál á Íslandi og raforkulögin frá 2003 byggjast til að mynda á raforkutilskipunum ESB. Iðnaðarráðuneytið tekur þátt í starfi vinnuhóps EFTA um orkumál þar sem undirbúin er upptaka í EES-samninginn á þeirri orkulöggjöf sem fellur undir samninginn, en vinnuhópurinn fylgist náið með þróun orkumála hjá ESB, m.a. með fundum með sérfræðingum frá framkvæmdastjórn ESB, Evrópuþinginu og ráðherraráði ESB. Hér á eftir er farið yfir helstu mál sem verið hafa til umræðu hjá ESB á fyrri hluta ársins 2010 og þau mál frá árinu 2009 sem enn eru til umfjöllunar hjá vinnuhópi EFTA um orkumál, en gera má ráð fyrir að þessi mál falli öll undir EES-samninginn.

Orkustefna fyrir Evrópu 2011-2020

Samráðsferli um mótun nýrrar orkustefnu fyrir Evrópu 2011-2020 stóð yfir til 2. júlí 2010 (e. *Towards a new Energy Strategy for Europe 2011-2020*), en þetta er hluti af undirbúningi fyrir gerð nýrrar aðgerðaáætlunar um orkumál fyrir sama tímabil. Í umræðuskjalinu sem samráðsferlið byggist á er farið yfir árangur síðustu ára, stöðuna í dag og framtíðarstefnumótun. Aðaláherslan varðandi framtíðarstefnumótun er á fimm þætti: Uppbyggingu nútímalegra flutningskerfa; árangur í átt að orkukerfum með lága kolefnislosun; að Evrópa verði í forystu í tæknilegri nýsköpun; sterka og samræmda orkustefnu gagnvart ríkjum utan ESB; og verndun neytenda, með því að tryggja þeim hágæða þjónustu á samkeppnishæfu verði. Gert er ráð fyrir að áætlunin verði tilbúin fyrir árslok 2010.³⁸

Þriðji orkupakkinn

Í júlí 2009 voru formlega samþykktar fimm lagagerðir sem ætlað er að auka enn frekar samkeppni á orkumarkaði. Lagagerðirnar, sem hafa verið nefndar þriðji orkupakkinn, fela í sér ítarlegri útfærslu á núgildandi löggjöf í orkumálum, með breytingu á tilskipun um sameiginlegar reglur fyrir innri raforkumarkað, reglugerð um raforkuviðskipti milli landa, reglugerð um sérstaka stofnun fyrir samstarf eftirlitsaðila (e. *Agency for the Cooperation of Energy Regulators, ACER*) og tvær lagagerðir varðandi gasmarkaðinn. Breytingarnar á tilskipuninni um sameiginlegar reglur fyrir innri raforkumarkað fela m.a. í sér ákvæði um sjálfstæði eftirlitsaðila og um sundurgreiningu á rekstri flutningskerfa frá öðrum rekstri.³⁹

Tilskipun um aukna notkun orku frá endurnýjanlegum orkulindum

Ný tilskipun um aukna notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum var samþykkt hjá ESB í apríl 2009.⁴⁰ Tilskipuninni er ætlað að leysa af hólmi tvær fyrri tilskipanir, annars vegar tilskipun 2003/30/EB um að auka framleiðslu á lífrænu eldsneyti, sem er ekki hluti af EES

³⁷ Í IV. viðauka EES-samningsins er að finna upptalningu á þeim gerðum sem teknar hafa verið upp í samninginn og varða orkumál.

³⁸ Sjá: http://ec.europa.eu/energy/strategies/consultations/2010_07_02_energy_strategy_en.htm

³⁹ Sjá nánar: http://ec.europa.eu/energy/gas_electricity/third_legislative_package_en.htm

⁴⁰ Tilskipunina og nánari upplýsingar má finna á vefslóðinni: http://ec.europa.eu/energy/renewables/index_en.htm

samningnum, og hins vegar tilskipun 2001/77/EB um að auka framleiðslu rafmagns með endurnýjanlegum orkugjöfum til notkunar á innri raforkumarkaði, sem þegar hefur verið tekin upp í EES samninginn og innleidd hér á landi.

Í tilskipuninni eru sett fram bindandi markmið fyrir einstök aðildarríki um aukna notkun endurnýjanlegra orkugjafa og er þeim ætlað að stuðla að því að hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í heildarorkunotkun sambandsins verði 20% árið 2020, sem og því að hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í samgöngum verði 10% af heildarorkugjafa í samgöngum árið 2020. Sérstakt ákvæði er um hvernig reikna skuli út þessi hlutföll og sem dæmi má nefna að Svíþjóð, sem er það aðildarríki ESB sem er með hæst hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í dag, er ætlað að auka notkun endurnýjanlegra orkugjafa úr 39,8% árið 2005 í 49% árið 2020. Reyndar hefði hlutfallið fyrir Svíþjóð átt að fara yfir 50% en sett var sérstakt þak á aukninguna til að tryggja að ekkert aðildarríki þyrfti að fara yfir 50% hlutfall varðandi notkun endurnýjanlegra orkugjafa.

Sérviðmið gilda varðandi flugsamgöngur, en þar er miðað við að hlutfall orkunotkunar í flugsamgöngum skuli ekki verða meira en 6,18% af heildarorkunotkun hvers ríkis og 4,12% fyrir Möltu og Kýpur vegna einangrunar og fjarlægðar frá öðrum ríkjum.

Þá er hverju aðildarríki skylt að gera sérstaka aðgerðaáætlun fyrir endurnýjanlega orku í samræmi við fyrirmynd sem framkvæmdastjórnin hefur gefið út, en aðgerðaáætlanirnar þurfti að skila til framkvæmdastjórnarinnar fyrir 30. júní 2010,⁴¹ auk þess sem ákveðnar upplýsingar þurftu að vera fyrirbyggjandi hálfu ári áður. Jafnframt þarf hvert aðildarríki frá og með desember 2011 að skila inn sérstakri framvinduskýrslu á tveggja ára fresti.

Í tilskipuninni er einnig að finna ákvæði um tölfræðilegar færslur á orku milli aðildarríkja (e. statistical transfers), sameiginleg verkefni (e. joint projects) milli aðildarríkja og við þriðju ríki, og sameiginlegar stuðningsáætlanir aðildarríkja (e. joint support schemes). Að auki hefur tilskipunin að geyma ákvæði er varða ýmsa stjórnsýslulega þætti, upplýsingagjöf og upplýsingaöflun stjórnvalda hvað varðar þau svið sem tilskipunin kveður á um. Jafnframt eru ákvæði um að bjóða eigi upp á kennslu, próf og faggildingu fyrir þá iðnaðar- og tæknimenn sem koma að uppsetningu og viðhaldi á hvers kyns búnaði til vinnslu og notkunar á endurnýjanlegri orku.

Í tilskipuninni er einnig að finna sérstök ákvæði um upprunaábyrgð á hitun, kælingu og raforkuframleiðslu með endurnýjanlegum orkugjöfum, þar á meðal heimildir til að gefa út slíkar ábyrgðir, heimildir til að framselja þær, eftirlit o.fl. Þá er að finna ákvæði um starfsemi flutningskerfa og aðgerðir til að auka aðgengi raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum að flutningskerfum. Þar er m.a. kveðið á um að aðildarríki skuli tryggja að slík raforka skuli annað hvort hafa forgang (e. priority access) eða öruggan aðgang (e. guaranteed access) um flutningskerfi á hinum innri raforkumarkaði bandalagsins.

Loks er í tilskipuninni að finna fjölmörg ákvæði varðandi lífrænt eldsneyti (biofuels) og aðra lífræna vökva (e. bioliquids), m.a. um skilyrði sem þurfa að vera uppfyllt til að það teljist vera

⁴¹ Aðgerðaáætlanirnar má finna á vefslóðinni:
http://ec.europa.eu/energy/renewables/transparency_platform/action_plan_en.htm

sjálfbært (e. sustainability criteria). Lífrænt eldsneyti og lífrænir vökvar sem ekki uppfylla þau skilyrði teljast ekki með í útreikningum fyrir notkun endurnýjanlegrar orku.

Visthönnun vöru sem notar orku (e. Ecodesign)

Árið 2005 samþykktu ráðherraráð ESB og Evrópuþingið tilskipun um ramma til að setja fram kröfur um visthönnun og orkunýtni fyrir vörur sem nota orku (tilskipun 2005/32/EB), en sú tilskipun var tekin inn í EES-samninginn árið 2007 og innleidd á Íslandi með lögum nr. 42/2009, um visthönnun vöru sem notar orku. Markmiðið með tilskipuninni er að efla hönnun, framleiðslu, markaðssetningu og notkun á vörum sem eru umhverfisvænar, með minni orkunotkun og umhverfisálag að leiðarljósi. Í lok október 2009 samþykkti Evrópusambandið síðan breytingar á þeirri tilskipun, sem fela í sér að gildissvið hennar er víkkað þannig að það nái einnig til orkutengdrar vöru (e. *energy-related products*).⁴²

Tilskipunin setur fram helstu efnisþætti sem framkvæmdastjórn ESB er ætlað að útfæra nánar varðandi einstaka vöruflokka (m.a. sjónvörp, ísskápa, lampa, ljósaperur, rafmagnsvélar og skrifstofubúnað) og framkvæmdastjórnin hefur árin 2009 og 2010 samþykkt fjölmargar reglugerðir á grundvelli tilskipunarinnar. Í þeim reglugerðum er að finna grunnkröfur sem viðkomandi vörur skulu uppfylla svo að setja megi þær á markað og taka í notkun. Reglugerðirnar taka til nýrra vara, íhluta og undireininga þeirra, sem nýta orku, og fluttar eru inn, teknar í notkun eða framleiddar eftir gildistöku reglugerðanna. Reglugerðirnar eru settar að höfðu samráði við ráðherraráðið, þingið, sérstaka reglugerðarnefnd (e. *Ecodesign Regulatory Committee*) og ráðgefandi sérfræðingahóp (e. *Ecodesign Consultative Forum*).⁴³

Fleiri reglugerðir um visthönnun eru væntanlegar á næstunni, en í vinnuáætlun fyrir árin 2009-2011 er settur fram leiðbeinandi listi varðandi vörur sem nota orku sem skulu hafa forgang við innleiðingu á nánari reglum um visthönnun vöru. Þessar vörur eru loftræstikerfi, rafmagns- og eldsneytisknúinn hitunarbúnaður, matreiðslubúnaður, iðnaðar- og rannsóknarofnar, vélbúnaður, net-, gagnavinnslu- og gagnageymslubúnaður, kæli- og frystibúnaður, hljóð- og myndbúnaður, straumbreytar og vatnsnotkunarbúnaður.⁴⁴

Nánari upplýsingar og lista yfir þær tilskipanir og reglugerðir sem samþykktar hafa verið á þessu sviði er að finna á vef framkvæmdastjórnar ESB, á vefslóðinni:

http://ec.europa.eu/energy/efficiency/ecodesign/legislation_en.htm

Orkunýtni (energy efficiency)

Í tengslum við endurskoðun á orkustefnu ESB (e. second strategic energy review)⁴⁵, sem hófst í október 2008, hafa nýlega verið samþykktar þrjár nýjar lagagerðir sem ætlað er að auka orkunýtni og stuðla að orkusparnaði á mikilvægum sviðum. Um er að ræða eftirfarandi gerðir: Reglugerð 1222/2009 um merkingu hjólbarða m.t.t. eldsneytisnýtingar og annarra mikilvægra viðmiða⁴⁶; Tilskipun 2010/30 um merkingar og upplýsingagjöf um orkunotkun orkutengdrar

⁴² Directive 2009/125/EC establishing a framework for the setting of ecodesign requirements for energy-related products: <http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:2009:285:0010:0035:EN:PDF>

⁴³ Ecodesign Consultative Forum: http://ec.europa.eu/energy/efficiency/ecodesign/forum_en.htm og Ecodesign Regulatory Committee: http://ec.europa.eu/energy/efficiency/ecodesign/regulatory_committee_en.htm

⁴⁴ Sjá vinnuáætlun fyrir 2009-2011: http://ec.europa.eu/energy/efficiency/ecodesign/working_plan_en.htm

⁴⁵ Nánari upplýsingar um endurskoðun orkustefnunnar er að finna í tveimur síðustu yfirlitsskýrslum sendiráðsins og á heimasíðu framkvæmdastjórnar ESB, á vefslóðinni: http://ec.europa.eu/energy/strategies/2008/2008_11_ser2_en.htm

vöru.⁴⁷ ; Tilskipun 2010/31 um að styrkja gildandi löggjöf um orkunýtni bygginga.⁴⁸ Ísland er með undanþágu frá fyrri tilskipun um orkunýtni bygginga þar sem nær öll orkunotkun bygginga á Íslandi er frá hreinum og endurnýjanlegum orkugjöfum. Skoða þarf sérstaklega hvort ástæða sé til að halda þeirri undanþágu fyrir nýju tilskipunina.

Þá hyggst framkvæmdastjórnin á árinu 2011 endurskoða aðgerðaáætlun fyrir orkunýtni (e. Action Plan for Energy Efficiency) sem sett var fram árið 2006. Aðaláherslan verður á aðgerðir sem eiga að stuðla að því að markmið ESB um 20% betri orkunýtingu fyrir 2020 náist, en einnig verður lagt mat á árangurinn af upphaflegu aðgerðaáætluninni. Samhliða aðgerðaáætluninni verða hugsanlega einnig lagðar fram lagatillögur, t.d. um breytingar á tilskipun um orkuþjónustu (*Energy Services Directive*).

IÐNAÐARMÁL OG NÝSKÖPUN

Iðnaðarstefna

Í september 2010 er væntanleg skýrsla frá framkvæmdastjórninni um iðnaðarstefnu fyrir hnattvæðingartímabilið (*Communication on An Industrial Policy for the Globalised Era*). Þar verður m.a. skoðað hvernig megi yfirfæra heildarmarkmiðin um aukna samkeppnishæfni á sviði iðnaðar yfir í markvissar aðgerðir á vettvangi ESB.⁴⁹

Umhverfissvæn ökutæki

Í lok apríl 2010 gaf framkvæmdastjórnin út skýrslu um evrópska áætlun um hrein og orkunýtin ökutæki (e. *Communication on A European strategy on clean and energy efficient vehicles*), en þar er m.a. að finna aðgerðaáætlun með yfir 40 tillögum að aðgerðum fyrir framkvæmdastjórnina⁵⁰ til að hvetja evrópska bílaframleiðendur til þróunar og framleiðslu hreinna og orkunýtinna ökutækja, sem á að hjálpa þeim að styrkja leiðandi stöðu sína á heimsmarkaði. Tillögurnar fjalla m.a. um áframhaldandi aðgerðir til að minnka útblásturslosun ökutækja, um stuðning við rannsóknir og nýsköpun á umhverfissvænni tækni, um fjárhagslegan stuðning, skattlagningu og upplýsingagjöf til neytenda og sérstakar aðgerðir fyrir rafmagnsbíla (m.a. varðandi öryggismál og staðla fyrir hleðslubúnað).⁵¹

Nýsköpun

Á þriðja ársfjórðungi 2010 er væntanleg skýrsla frá framkvæmdastjórn ESB um nýsköpunarmál. Þar verður m.a. skoðað verður hvernig megi skapa fyrirtækjum betri

⁴⁶ Regulation 1222/2009 on the labelling of tyres with respect to fuel efficiency and other essential parameters: http://ec.europa.eu/energy/efficiency/labelling/labelling_of_tyres_en.htm

⁴⁷ Directive 2010/30/EU of 19 May 2010 on the indication by labelling and standard product information of the consumption of energy and other resources by energy-related products:

http://ec.europa.eu/energy/efficiency/labelling/energy_labelling_en.htm

⁴⁸ Directive 2010/31/EU of 19 May 2010 on the energy performance of buildings:

http://ec.europa.eu/energy/efficiency/buildings/buildings_en.htm

⁴⁹ Sjá nánar: http://ec.europa.eu/enterprise/policies/industrial-competitiveness/industrial-policy/index_en.htm

⁵⁰ Samantekt á tillögnum er að finna í sérstöku minnisblaði, á vefslóðinni:

<http://europa.eu/rapid/pressReleasesAction.do?reference=MEMO/10/153&format=HTML&aged=0&language=EN&guiLanguage=fr>

⁵¹ Skýrsluna og fylgigögn er að finna á vefslóðinni:

http://ec.europa.eu/enterprise/sectors/automotive/competitiveness-cars21/energy-efficient/communication_en.htm

aðstæðum fyrir nýsköpun og hvernig megi styrkja, einfalda og þróa áfram þau tæki sem ESB hefur til að styðja við rannsóknir og nýsköpun.⁵²

FERÐAMÁL

Þann 30. júní 2010 gaf framkvæmdastjórn ESB út skýrsluna *Europe, the world's No 1 tourist destination – a new political framework for tourism in Europe*, en þar er fjallað um stöðu ferðamála í Evrópu og settar fram tillögur um hvernig efla megi ferðaþjónustu í Evrópu.⁵³

Í tillögunum, sem eru 21 talsins, er lögð áhersla á eftirfarandi fjóra þætti:⁵⁴

1. Að auka samkeppnishæfni ferðageirans í Evrópu, m.a. með aukinni nýsköpun, lengingu ferðamannatímans (t.d. með því að auðvelda ákveðnum þjóðfélagshópum að ferðast utan háannatíma og með upplýsingagjöf til auðvelda samræmingu skólafrídaga í aðildarríkjunum) og betri yfirsýn, samræmingu og upplýsingagjöf um rannsóknir á sviði ferðaþjónustu.
2. Að stuðla að þróun sjálfbærrar, ábyrgrar og gæðamiðaðrar ferðaþjónustu, m.a. með því að auðvelda upplýsingaskipti um bestu framkvæmd, þróa sérstakt merki fyrir gæðaferðaþjónustu (e. „*Quality Tourism*“ *Label*), þróa merki fyrir sjálfbæra ferðaþjónustu og leggja til sérstakan sáttmála (*Charter*) með mælikvörðum um sjálfbæra og ábyrga ferðaþjónustu.
3. Að styrkja ímynd og sýnileika Evrópu sem samansafn sjálfbærra, hágæða áfangastaða, m.a. með því að búa til sérstakt Evrópskt merki (e. *European Brand*) til að aðgreina þá staði frá áfangastöðum í öðrum heimsálfum og með því að bæta samvinnu milli stofnana og fyrirtækja á sviði ferðaþjónustu í aðildarríkjunum til að efla og kynna ferðaþjónustu í Evrópu á vefsvæðinu visiteurope.com.
4. Að efla samþættingu ferðaþjónustu innan mismunandi málaflokka hjá ESB, t.d. varðandi réttindi farþega, neytendavernd o.fl.

Framkvæmdastjórnin hyggst ræða við aðildarríkin og hagsmunaðila um þessar tillögur á næstunni og hugsanlega verður ítarlegri aðgerðaáætlun um ferðamál rædd á árlegu málþingi um ferðamál í Evrópu (e. *European Forum on Tourism*), sem fram fer í nóvember 2010.

⁵² Sjá nánar: http://ec.europa.eu/research/innovation-union/index_en.cfm?pg=intro

⁵³ Skýrslan: http://ec.europa.eu/enterprise/sectors/tourism/files/communications/communication2010_en.pdf

⁵⁴ Allar tillögurnar má finna í skýrslunni og samantekt á þeim er að finna á vefslóðinni:

<http://europa.eu/rapid/pressReleasesAction.do?reference=MEMO/10/289&format=HTML&aged=0&language=EN&guiLanguage=en>

EFNAHAGS- OG VIÐSKIPTAMÁL

Undir verksvið efnahags- og viðskiptaráðuneytis falla m.a. efnahagsmál, fjármálaþjónusta, váttryggingar, samkeppnisréttur, félagaréttur og málefni er varða bókhald, endurskoðendur og ársreikninga, en þessir málaflokkar, að efnahagsmálum undanskildum, falla undir EES-samninginn og flestar lagagerðir ESB á þessum sviðum hafa verið innleiddar í íslenskan rétt. Þessir málaflokkar hafa verið áberandi í umræðunni á síðustu mánuðum og ofarlega á forgangslista Evrópusambandsins. Spánn, sem fór með formennsku í ESB á fyrri hluta ársins 2010, lagði m.a. sérstaka áherslu á efnahagsmál, fjármálaþjónustu og eftirlit með fjármálamörkuðum í formennskutíð sinni. Efnahags- og viðskiptaráðuneytið tekur þátt í starfi vinnuhópa EFTA, þar sem undirbúin er upptaka í EES-samninginn á þeirri löggjöf sem fellur undir samninginn á framangreindum sviðum og þau rædd við sérfræðinga frá stofnunum ESB, auk þess sem ráðuneytið tekur þátt í starfi fjölda nefnda á vegum framkvæmdastjórnar ESB. Hér á eftir er farið yfir helstu mál sem verið hafa til umræðu hjá ESB á fyrri hluta ársins 2010 og þær lagagerðir frá árinu 2009 sem enn eru til umfjöllunar hjá vinnuhópum EFTA á viðkomandi sviðum. En gera má ráð fyrir að þessi mál falli öll, að undanskildum efnahagsmálum, undir EES-samninginn.

EFNAHAGSMÁL

Evrópskur stöðugleikasjóður - European Stabilization Mechanism

Ráðherraráð ESB samþykkti í byrjun maí 2010 að stofna sérstakan stöðugleikasjóð, *European Stabilization Mechanism*, sem nýta má til að veita fjárhagsaðstoð til aðildarríkis sem á við alvarlegan efnahagsvanda að glíma. Fjárhagsaðstoðin getur verið í formi láns eða lánalínu (e. credit line) til viðkomandi aðildarríkis.⁵⁵

Gert er ráð fyrir að lán eða lánalínur upp að allt að 60 milljörðum evra verði aðgengilegar í gegnum þessa leið. Ríki sem nýtir sér lán eða lánalínur frá European Stabilization Mechanism greiðir afborganir og vexti til ESB og er því ekki gert ráð fyrir að neinn kostnaður falli á ESB eða önnur aðildarríki vegna þessa.

Að auki er gert ráð fyrir að þau ríki sem tekið hafa upp evruna geti fengið sérstaka fjárhagslega aðstoð í gegnum sérstakt eignarhaldsfélag (e. *Special Purpose Vehicle*), sem verður stofnað með sérstöku samkomulagi milli evruríkjanna. Í gegnum þetta félag munu evruríkin næstu þrjú árin ábyrgjast lán upp að allt að 440 milljörðum evra til evruríkja í vanda, en ábyrgðin verður hlutfallsleg í samræmi við framlag einstakra evruríkja til eiginfjár Seðlabanka Evrópu. Þá er einnig gert ráð fyrir að 250 milljarðar evra til viðbótar geti komið frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, þannig að heildarupphæðin sem ríkjnum standi til boða verði 750 milljarðar evra.

⁵⁵Sjá fréttatilkynningu frá framkvæmdastjórn ESB á vefslóðinni:

<http://europa.eu/rapid/pressReleasesAction.do?reference=MEMO/10/173&format=HTML&aged=0&language=EN&guiLanguage=en>

Hugmyndir um samræmdari efnahagsstjórnun innan ESB

Þann 12. maí 2010 gaf framkvæmdastjórn ESB út skýrsluna *Reinforcing Economic Policy Coordination*⁵⁶, en þar er að finna tillögur sem miða að því að styrkja samræmdari efnahagsstjórn meðal aðildarríkja ESB og auka eftirlit ESB með efnahagsstefnu aðildarríkjanna, sem og með framkvæmd þeirra skilyrða sem aðildarríkin þurfa að uppfylla samkvæmt stöðugleikasáttmálanum (e. *Stability and Growth Pact*). Lagt er til að hægt verði að samþykkja tillögur til einstakra ríkja, veita aðvaranir og beita strangari viðurlögum gegn ríkjum sem ekki halda sig innan viðmiðunarmarka stöðugleikasáttmálans. Lögð er áhersla á frekara samráð og samvinnu við fjárlagagerð m.a. með því halda árlega sérstaka samræmingafundi (e. *European Semester*), auk þess sem ætlunin er að móta frekar krísustjórnunarkerfi og reglur varðandi stöðugleikasjóðinn sem stofnaður var 9. maí, sem og langtímalausnir á því sviði.

Þann 30. júní 2010 gaf framkvæmdastjórnin út skýrsluna *Enhancing economic policy coordination for growth and jobs and tools for stronger EU economic governance*.⁵⁷ Í skýrslunni eru hugmyndir úr skýrslunni frá 12. maí útfærðar frekar. Gert er ráð fyrir að lagatillögur (líklega ein tilskipun og fimm reglugerðir) á grundvelli þessara hugmynda verði lagðar fram í lok september 2010.⁵⁸

Aðgerðahópur um efnahagsstjórnun

Herman Van Rompuy, forseti leiðtogaráðs ESB, hefur stofnað sérstakan aðgerðahóp um efnahagsstjórnun (e. *Task Force on Economic Governance*), en í hópnum eiga sæti fulltrúar aðildarríkjanna (í flestum tilvikum fjármálaráðherrar þeirra), Jean Claude Trichet bankastjóri Seðlabanka Evrópu, Olli Rehn framkvæmdastjóri efnahagsmála hjá ESB, Jean Claude Juncker sem stýrir samstarfshóp evruríkjanna (e. *Eurogroup*) og Herman Van Rompuy forseti leiðtogaráðsins, sem stýrir aðgerðahópnum. Fyrsti fundur hópsins fór fram 21. maí og þar voru samþykkt fjögur áhersluatriði sem unnið verður út frá. Áhersluatriðin snúa að auknum aga við fjárlagagerð, þörfinni fyrir að minnka mun á samkeppnisstöðu aðildarríkja ESB, krísustjórnun og þörf á að styrkja efnahagsstjórn þannig að hægt verði að bregðast hraðar og árangursríkar við vandamálum. Gert er ráð fyrir að hópurinn skili lokaskýrslu fyrir fund leiðtogaráðs ESB í október 2010.⁵⁹

FJÁRMÁLAPJÓNUSTA

Væntanlegar aðgerðir á sviði fjármálaþjónustu 2010-2011

Þann 2. júní gaf framkvæmdastjórn ESB út skýrslu um væntanlegar aðgerðir á sviði fjármálaþjónustu árin 2010-2011 (e. *Commission Communication on financial services 2010-2011: "Regulating financial services for sustainable growth"*).⁶⁰

Samkvæmt skýrslunni verður lögð sérstök áhersla á eftirfarandi þrjá þætti árin 2010-2011:

⁵⁶ Skýrsluna *Reinforcing Economic Policy Coordination* má finna á vefslóðinni:

http://ec.europa.eu/economy_finance/articles/euro/2010-05-12-reinforcing-economic-policy-coordination_en.htm

⁵⁷ Skýrsluna *Enhancing economic policy coordination for growth and jobs and tools for stronger EU economic governance* og ýmis bakgrunnsgögn má finna á vefslóðinni:

http://ec.europa.eu/economy_finance/articles/euro/2010-06-30-enhancing_economic_policy_coordination_en.htm

⁵⁸ Sjá nánar: http://ec.europa.eu/economy_finance/index_en.htm

⁵⁹ Sjá fréttatilkynningu: http://www.consilium.europa.eu/uedocs/cms_data/docs/pressdata/en/ec/114606.pdf

⁶⁰ Sjá: http://ec.europa.eu/internal_market/finances/policy/index_en.htm#Regulating_financial_Services

1. **Gagnsæi** (e. *Transparency*): Til að auka gagnsæi mun framkvæmdastjórnin leggja fram lagatillögur til að bæta virkni afleiðumarkaða, um viðeigandi aðgerðir fyrir skortsölu og skuldatryggingar og breytingar á tilskipun um markaði fyrir fjármálagerninga (MiFID).
2. **Ábyrgð** (e. *Responsibility*): Til að vernda fjárfesta og innstæðueigendur verða lagðar fram tillögur um breytingar á tilskipunum um innstæðutryggingar og bótakerfi fyrir fjárfesta. Að auki verða lagðar fram lagatillögur um sölu fjárfestingapakka (e. *packaged retail investment products*) til að vernda hagsmuni neytenda í söluferlinu. Tilskipun um markaðsmisnotkun verður endurskoðuð þannig að hún taki ekki eingöngu til skipulagðra markaða, auk þess sem afleiður munu einnig falla undir gildissvið hennar. Þá verðar lagðar fram tillögur að enn frekari breytingum á tilskipunum um eiginfjárkröfur lánastofnana og fjárfestingarfyrirtækja (e. *Capital Requirements Directives*). Viðurlög við brotum á löggjöf í fjármálageiranum verða einnig skoðuð sérstaklega.
3. **Krisuforvarnir og krísustjórnun** (e. *Crisis prevention and management*): Framkvæmdastjórnin mun leggja fram aðgerðaáætlun um krísustjórnun sem verður fylgt eftir með lagatillögum. Loks mun framkvæmdastjórnin vinna áfram að samræmingu og auknum gæðum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

Nánar er fjallað um framangreind mál, sem og ýmis önnur mál sem verða til umfjöllunar á vettvangi ESB á sviði fjármálaþjónustu á næstunni, hér á eftir.

Nýtt eftirlitskerfi með fjármálamörkuðum í Evrópu

Tillögur að löggjöf um nýtt eftirlitskerfi með fjármálamörkuðum í Evrópu voru lagðar fram af framkvæmdastjórn ESB þann 23. september 2009. Tillögurnar (alls 4 reglugerðir og 1 ákvörðun) byggjast m.a. á skýrslu og tillögum hins svokallaða Larosière-vinnuhóps frá 25. febrúar 2009. Helstu tillögurnar eru eftirfarandi:

Evrópsk kerfisáhættunefnd: Lagt er til að stofnuð verði sérstök Evrópsk kerfisáhættunefnd (e. *European Systemic Risk Board, ESRB*). ESRB er ætlað að fylgjast með og meta áhættu sem tengist fjármálakerfinu í heild (macro prudential supervision). ESRB mun geta gefið út aðvaranir um kerfisbundna áhættu sem er að byggjast upp og tilmæli um aðgerðir til takast á við þá áhættu. Tilmælin yrðu ekki lagalega bindandi, en aðildarríki eða eftirlitsstofnanir sem tilmælum væri beint til, þyrftu að framfylgja þeim eða útskýra af hverju það væri ekki gert. Metið yrði í hverju tilviki fyrir sig hvort gera ætti aðvaranir og tilmæli opinber, enda oft um viðkvæmar upplýsingar að ræða.

Stjórn ESRB verður skipuð bankastjórum seðlabanka allra aðildarríkja ESB, bankastjóra og aðstoðarbankastjóra Seðlabanka Evrópu, fulltrúa framkvæmdastjórnar ESB og formönnum hinna þriggja nýju Evrópsku eftirlitsstofnana (sjá hér að neðan). Að auki munu eftirlitsstofnanir aðildarríkjanna hafa áheyrnaraðild. Fram kemur í skýringum⁶¹ að tillagan skipti máli fyrir Evrópska efnahagssvæðið og að samstarfsformið milli EES/EFTA-ríkjanna og ESRB verði rætt í Sameiginlegu EES-nefndinni.

2) Nýjar Evrópskar eftirlitsstofnanir: Lagt er til að núverandi eftirlitsnefndir á sviði banka-, verðbréfa- og váttrygginga- og lífeyrismála (CEBS, CESR og CEIOPS) verði eflar og breytt í eftirfarandi stofnanir:

⁶¹ *explanatory memorandum*, bls. 5

European Banking Authority (EBA).
European Securities and Markets Authority (ESMA).
European Insurance and Occupational Pensions Authority (EIOPA).

Meðal nýrra verkefna þessara nýju eftirlitsstofnana má nefna að þeim er ætlað að móta tillögur um tæknilega staðla, tryggja samræmdari beitingu ESB reglna, leysa úr deilumálum milli eftirlitsaðila í aðildarríkjum, hafa samræmingarhlutverk ef neyðarástand skapast auk þess að geta tekið ákvarðanir um að eftirlitsaðilar grípi til ákveðinna aðgerða ef neyðarástand kemur upp (t.d. að banna skortsölu á samræmdan hátt í öllum ESB-ríkjum). Þá er ESMA ætlað að hafa eftirlit með matsfyrirtækjum. Áætlaður kostnaður við þessar þrjár nýju stofnanir er 37 milljónir evra fyrsta starfsárið (2011), en fer upp í 68 milljónir evra árið 2014.

Stjórn hvernar stofnunar (e. *Board of Supervisors*) verður skipuð forstjórum viðeigandi eftirlitsstofnana í hverju aðildarríki ESB, auk fulltrúa frá framkvæmdastjórn ESB, ESRB og hinna tveggja stofnananna (án atkvæðisréttar). Kveðið er á um að stofnanirnar séu opnar fyrir þátttöku þriðju ríkja sem gert hafa samninga við ESB sem fela í sér að þau taki upp og séu að beita löggjöf sambandsins á þeim sviðum sem stofnanirnar starfa á (61. gr.) og að í fjárlagahlutanum komi fram að gert sé ráð fyrir fjárframlagi frá EFTA-ríkjunum.

3) Stofnanirnar þrjár (EBA, ESMA og EIOPA) verða hluti af European System of Financial Supervisors (ESFS), sem ætlað er að vera samstarfsvettvangur þessara stofnana, í gegnum sameiginlega nefnd evrópskra eftirlitsaðila (e. *Joint Committee of European Supervisory Authorities*). ESFS á ásamt eftirlitsstofnunum þremur að hafa á eftirlit með einstaka fjármálastofnunum (micro-prudential supervision). ESFS verður skipað fulltrúum hinna nýju eftirlitsstofnana, fulltrúum eftirlitsstofnana aðildarríkjanna og fulltrúa frá framkvæmdastjórn ESB. Ekki er mælt fyrir um stofnun ESFS með sér reglugerð, heldur eru ákvæði um starfsemi þess að finna í reglugerðunum fyrir EBA, ESMA og EIOPA.

Að auki hefur verið lögð fram tillaga að tilskipun sem ætlað er að breyta nokkrum tilskipunum á sviði fjármálaþjónustu að því er varðar valdsvið hinna nýju stofnana⁶² og síðar á árinu er væntanleg sambærileg tillaga að tilskipun sem ætlað er að breyta tilskipunum á sviði váttryggingar- og verðbréfamála að því er varðar valdsvið þessara nýju stofnana.

Tillögurnar eru nú til umfjöllunar hjá ráðherraráði ESB og Evrópuþinginu og má gera ráð fyrir að þær taki einhverjum breytingum í þeirri umfjöllun, en báðar þessar stofnanir þurfa að samþykkja endanlega lagatexta. Stefnt er að því að samkomulag milli Evrópuþingsins og ráðherraráðsins um endanlegan texta liggi fyrir í september 2010, en gert er ráð fyrir að hið nýja kerfi verði komið í framkvæmd árið 2011.

Lagatillögurnar, fréttatilkynningu frá framkvæmdastjórninni, spurningar og svör varðandi efni tillagnanna og mat á áhrifum má finna á vefslóðinni:

http://ec.europa.eu/internal_market/finances/committees/index_en.htm#package

⁶² *Proposal for a Directive Amending Directives 1998/26/EC, 2002/87/EC, 2003/6/EC, 2003/41/EC, 2003/71/EC, 2004/39/EC, 2004/109/EC, 2005/60/EC, 2006/48/EC, 2006/49/EC, and 2009/65/EC in respect of the powers of the European Banking Authority, the European Insurance and Occupational Pensions Authority and the European Securities and Markets Authority [Omnibus I].*

Hugmyndir varðandi lagaramma um krísustjórnun í bankageiranum

Í október 2009 gaf framkvæmdastjórn ESB út skýrslu með hugmyndum varðandi lagaramma um krísustjórnun í bankageiranum (e. *Communication on An EU Framework for Cross-Border Crisis Management in the Banking Sector*). Í skýrslunni og fylgigögnum hennar, er fjallað um það hvernig tryggja megi fjármálastöðugleika og áframhaldandi bankaþjónustu þegar bankar sem starfa í fleiri en einu ríki lenda í vandræðum. Farið er yfir helstu vandamálin og settar fram spurningar um það hvað þurfi að bæta, sem og varðandi hugsanlegar lausnir, m.a. varðandi heimildir ríkja varðandi fyrirbyggjandi aðgerðir, endurskipulagningu banka og gjaldþrot (e. *Early Intervention, Bank Resolution & Insolvency*). Samráðsferli vegna skýrslunnar stóð yfir til 20. janúar 2010 og finna má helstu svör og niðurstöður á heimasíðu framkvæmdastjórnarinnar. Þar má einnig finna fyrrnefnda skýrslu og ýmis fylgigögn (fréttatilkynningu, samantekt, svör við algengum spurningum, vinnuskjal frá framkvæmdastjórninni og mat á áhrifum).⁶³

Í október 2010 er væntanleg skýrsla frá framkvæmdastjórninni um **skilvirkari umgjörð fyrir krísustjórnun** (e. *Communication on effective and efficient crisis prevention and crisis management framework*) þar sem settar verða fram hugmyndir um hvernig veita megi stjórnvöldum nauðsynleg úrræði til að takast á við og leysa bankakrísur og þar með minnka kostnað skattgreiðenda vegna þeirra. Þessi úrræði ættu að draga úr lagalegri óvissu og minnka áhættu á málaferlum. Í framhaldinu er loks gert ráð fyrir að lagatillögur um þessi mál verði lagðar fram vorið 2011.⁶⁴

Tillögur um neyðarsjóði fyrir banka

Þann 26. maí 2010 gaf framkvæmdastjórn ESB út skýrslu þar sem kynntar voru tillögur um að stofna sérstaka neyðarsjóði fyrir banka (e. *Bank Resolution Funds*), til að tryggja að björgunaraðgerðir fyrir banka verði í framtíðinni ekki á kostnað skattgreiðenda. Hugmyndin er, að hverju aðildarríki verði skylt að stofna neyðarsjóð og að bankar muni greiða sérstakt gjald sem renni í sjóðina. Sjóðirnir yrðu þó ekki notaðir til að bjarga bönkum, heldur til að tryggja að bankagjaldþrot ógni ekki stöðugleika fjármálakerfisins, t.d. með því að fjármagna flutning á eignum og/eða skuldum og skiptingu í 'góðan banka / slæman banka'.

Framkvæmdastjórnin hyggst kynna þessar hugmyndir fyrir fjármálaráðherrum og leiðtogum aðildarríkja ESB á næstunni og reyna að ná samkomulagi um meginlínur og frekari útfærslur. Í október 2010 mun framkvæmdastjórnin, eins og fram kemur hér að framan, leggja fram skýrslu með ítarlegum tillögum um þróun nýs krísustjórnunarkerfis og lagatillögur þar að lútandi verða væntanlega lagðar fram vorið 2011.⁶⁵

Innstæðutryggingar

Þann 12. júlí 2010 lagði framkvæmdastjórn ESB fram tillögu að breytingum á tilskipun 94/19/EB um innstæðutryggingarkerfi (e. Deposit Guarantee Schemes), en þar er m.a. staðfest fyrri ákvörðun⁶⁶ um að lágmarkstryggingarfjárhæðin sem tryggingarsjóðum innstæðueigenda

⁶³ Sjá nánar: http://ec.europa.eu/internal_market/bank/crisis_management/index_en.htm#consultation

⁶⁴ http://ec.europa.eu/governance/impact/planned_ja/docs/8_markt_crisis_prevention_and_management_en.pdf

⁶⁵ . Nánari upplýsingar: http://ec.europa.eu/internal_market/bank/crisis_management/index_en.htm#funds

⁶⁶ Kveðið er á um hækkun í 100.000 evrur í tilskipun 2009/14/EB, um breytingar á tilskipun 1994/19/EB um innstæðutryggingar, en jafnframt tekið fram að framkvæmdastjórnin skyldi kanna áhrif slíkrar hækkunar og gera tillögu um breytingar ef þörf þætti á slíku. Gera má ráð fyrir að tilskipun 2009/14/EB og þær breytingartillögur

beri að greiða, ef banki eða annað aðildarfyrirtæki að viðkomandi tryggingarsjóði verður gjaldþrota eða ekki fært um að inna af hendi greiðslu á andvirði innstæðu, verði hækkuð í 100.000 evrur fyrir 31. desember 2010. Það verður jafnframt samræmd hámarksupphæð, þ.e. ekki verður leyfilegt fyrir einstök aðildarríki að hafa innstæðutrygginguna hærri en 100.000 evrur, en aðildarríkjum er þó heimilt að skilgreina ákveðin undantekningartilvik þar sem tryggingin nái tímabundið yfir hærri innstæður, t.d. varðandi innstæður tengdar fasteignaviðskiptum einstaklinga, giftingu, skilnaði og andláti. Þá er lagt til að útgreiðslutímabil skuli stýtt þannig að greiða þurfi út trygginguna innan viku frá því greiðsluskylda myndast. Einnig er að finna tillögur að breytingum sem eiga að stuðla að minna skrifræði og betri upplýsingagjöf fyrir almenning um hvaða innstæður séu tryggðar, sem og ítarlegri ákvæði um fjármögnun innstæðutryggingakerfa. Tillagan eru nú til umfjöllunar hjá ráðherraráði ESB og Evrópuþinginu og má gera ráð fyrir að hún taki einhverjum breytingum í þeirri umfjöllun, en báðar þessar stofnanir þurfa að samþykkja endanlegan lagatexta.

Samhliða tillögunni gaf framkvæmdastjórnin út skýrslu um kosti og galla tiltekinna þátta tilskipunarinnar og hugmynda sem hafa verið í umræðunni (m.a. hugmynda um sameiginlegan Evrópskan innstæðutryggingasjóð).⁶⁷

Tillaga um breytingar á tilskipun um bótakerfi fyrir fjárfesta

Tillaga að breytingum á tilskipun um bótakerfi fyrir fjárfesta (*Directive 97/9/EC on investor-compensation schemes*) var lögð fram af framkvæmdastjórninni þann 12. júlí 2010. Markmið tillögunnar er, að auka traust fjárfesta og tryggja aukna skilvirkni í tilvikum þar sem fjárfestingafyrirtæki geta ekki endurgreitt eða skilað aftur eignum til fjárfesta, t.d. vegna svika, vanrækslu eða annarra vandamála í rekstri fyrirtækisins. Tilskipunin felur hins vegar ekki í sér vernd gegn þeirri áhættu sem fylgir fjárfestingum. Í breytingartillögunni er m.a. lagt til að lágmarksbætur sem bótasjóðirnir greiði, hækki úr 20.000 evrum í 50.000 evrur, hraðari útgreiðslur bóta, betri upplýsingagjöf um réttindi, strangari skilyrði um fjármögnun sjóðanna, og víðara gildissvið.⁶⁸

Nýjar reglur um eiginfjárkröfur lánastofnana og fjárfestingarfyrirtækja (CRD II)

Í september 2009 voru samþykktar breytingar á tilskipunum 2006/48 og 2006/49 um eiginfjárkröfur lánastofnana og fjárfestingarfyrirtækja, með tilskipun nr. 2009/111/EB. Markmiðið með þeim breytingum er m.a. að takmarka hversu mikla áhættu fyrirtæki geta tekið að því er varðar einn aðila (e. *large exposures*), bæta áhættustjórnun og krísustjórnun og efla eftirlit og samvinnu eftirlitsaðila yfir landamæri. Þá voru árið 2009 einnig samþykktar tvær nýjar tilskipanir um tæknilegar breytingar á viðaukum við tilskipun 2006/48 og tilskipun 2006/49, en þar er um að ræða ýmsar tæknilegar breytingar varðandi áhættustjórnun.

Tillaga að frekari breytingum á tilskipunum um eiginfjárkröfur (CRD III)

Þann 13. júlí 2009 lagði framkvæmdastjórn ESB fram tillögu um breytingar á tilskipunum 2006/48 og 2006/49 um eiginfjárkröfur lánastofnana og fjárfestingarfyrirtækja. Um er ræða

sem nú eru til umræðu falli undir EES-samninginn, líkt og upphaflega tilskipunin, en það mál er nú til umfjöllunar í vinnuhópi EFTA um fjármálaþjónustu.

⁶⁷ Sjá nánar: http://ec.europa.eu/internal_market/bank/guarantee/index_en.htm

⁶⁸ Sjá nánar: http://ec.europa.eu/internal_market/securities/isd/investor_en.htm

þriðju endurskoðunina á þessum tilskipunum og þar er m.a. að finna endurskoðun á þáttum er tengjast viðskiptabók, verðbréfun og starfskjörum.⁶⁹

Evrópuþingið og ráðherraráðið hafa náð óformlegu samkomulagi um endanlegan texta tilskipunarinnar og var sá texti formlega samþykktur af Evrópuþinginu þann 7. júlí 2010, en gert er ráð fyrir formlegu samþykki ráðherraráðsins í september 2010. Lokatextann, sem ráðherraráðið og Evrópuþingið hafa náð samkomulagi um, má finna á heimasíðu Evrópuþingsins á vefslóðinni:

<http://www.europarl.europa.eu/oeil/FindByProcnum.do?lang=2&procnum=COD/2009/0099>

Samráð um enn meiri breytingar á tilskipunum um eiginfjárkröfur (CRD IV)

Samráðsferli vegna fjórðu endurskoðunar (CRD IV) á tilskipunum um eiginfjárkröfur lánastofnana og fjárfestingarfyrirtækja stóð yfir til 16. apríl 2010. Þar er m.a. verið að skoða skilgreiningu á eigin fé og þætti tengda greiðsluhæfi, skuldsetningarhlutfalli, lánsáhættu mótaðila, áhættu tengda kerfislega mikilvægum fjármálastofnunum (e. systemically important financial institutions), samræmdari reglur og afnám og/eða fækkun undanþáguákvæða og valkosta við innleiðingu tilskipananna. Í framhaldinu er gert ráð fyrir að tillögur að lagabreytingum verði lagðar fram á fyrsta ársfjórðungi 2011. Þar verður einnig m.a. horft til aukinna alþjóðlegra krafna um eiginfjárkröfur sem gert er ráð fyrir að Basel-nefndin um bankaeftirlit⁷⁰ samþykki í september, en þær tillögur verða væntanlega kynntar fyrir leiðtogum G20 ríkjanna á fundi þeirra í nóvember 2010.⁷¹

Skýrslur um framkvæmd tilskipana um eiginfjárkröfur og áhrif þeirra á hagsveiflur

Framkvæmdastjórnin hefur látið vinna fyrir sig ítarlega skýrslu um framkvæmd tilskipana 2006/48/EB og 2006/49/EB um eiginfjárkröfur lánastofnana og fjárfestingarfyrirtækja í einstökum aðildarríkjum (*Study on the implementation of the Capital Requirements Directive (Directive 2006/48/EC and Directive 2006/49/EC)*). Heildarskýrsluna og skýrslur fyrir einstök ríki er að finna á vefslóðinni:

http://ec.europa.eu/internal_market/bank/studies/index_en.htm

Í júní 2010 gaf framkvæmdastjórnin út skýrslu um áhrif tilskipana 2006/48/EB og 2006/49/EB á hagsveiflur (*Report on effects of Directives 2006/48/EC and 2006/49/EC on the economic cycle*), en kveðið er á um slíka skýrslugjöf í tilskipunum. Skýrsluna er að finna á: http://ec.europa.eu/internal_market/bank/regcapital/index_en.htm#monitoring

Breytingar á tilskipun um verðbréfasjóði (UCITS)

Í júlí 2009 voru samþykktar breytingar á tilskipun um verðbréfasjóði (UCITS), með tilskipun 2009/65/EB,⁷² en þar er m.a. að finna breytingar sem ætlað er að draga úr skriffinnsku og stjórnsýslulegum hindrunum fyrir dreifingu eigna verðbréfasjóða yfir landamæri, búa til umgjörð fyrir samruna milli verðbréfasjóða, skilgreina lykilupplýsingar fyrir fjárfesta (e. Key

⁶⁹ *Proposal for a Directive amending Directives 2006/48/EC and 2006/49/EC as regards capital requirements for the trading book and for re-securitisations, and the supervisory review of remuneration policies. COM (2009) 362, 13.7.2009. Sjá nánar: http://ec.europa.eu/internal_market/bank/regcapital/index_en.htm#revision.*

⁷⁰ Basel-nefndin um bankaeftirlit er alþjóðleg nefnd sem var stofnuð árið 1974 af seðlabankastjórum tíu helstu iðnríkja heims. Nefndin er í dag skipuð fulltrúum frá bankaeftirlitum og seðlabönkum frá um 30 ríkjum.

⁷¹ Sjá nánar: http://ec.europa.eu/internal_market/bank/regcapital/index_en.htm

⁷² Directive 2009/65/EC of 13 July 2009 on the coordination of laws, regulations and administrative provisions relating to undertakings for collective investment in transferable securities (UCITS). Sjá: <http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:2009:302:0032:0096:EN:PDF>

Investor Information) sem koma á í staðinn fyrir núverandi ákvæði um einfaldaða lýsingu (e. Simplified Prospectus) og bæta samvinnu milli eftirlitsaðila í aðildarríkjunum.

Nánari reglur um verðbréfasjóði

Þann 1. júlí 2010 samþykkti framkvæmdastjórn ESB fjórar nýjar lagagerðir sem fela í sér nánari útfærslur á framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðherráðsins nr. 2009/65/EB um verðbréfasjóði (UCITS). Þar er m.a. um að ræða tiltekin ákvæði varðandi samruna sjóða, tilkynningarskyldu, skipulagskröfur, hagsmunaárekstra, áhættustjórnun, rafræn samskipti og upplýsingagjöf milli eftirlitsaðila, vettvangsrannsóknir og upplýsingagjöf fyrir fjárfesta.

Um er að ræða eftirfarandi tvær tilskipanir og tvær reglugerðir:

- **Commission Directive 2010/42/EU** of 1 July 2010 implementing Directive 2009/65/EC as regards certain provisions concerning fund mergers, master-feeder structures and notification procedure.
- **Commission Directive 2010/43/EU** of 1 July 2010 implementing Directive 2009/65/EC as regards organisational requirements, conflicts of interest, conduct of business, risk management and content of the agreement between a depositary and a management company.
- **Commission Regulation (EU) No 584/2010** of 1 July 2010 implementing Directive 2009/65/EC as regards the form and content of the standard notification letter and UCITS attestation, the use of electronic communication between competent authorities for the purpose of notification, and procedures for on-the-spot verifications and investigations and the exchange of information between competent authorities.
- **Commission Regulation (EU) No 583/2010** of 1 July 2010 implementing Directive 2009/65/EC as regards key investor information and conditions to be met when providing key investor information or the prospectus in a durable medium other than paper or by means of a website.

Að auki hefur samstarfsnefnd evrópskra eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði (e. *Committee of European Securities Regulators, CESR*) gefið út leiðbeiningar⁷³ um aðferðafræði við ákveðna útreikninga varðandi síðastnefndu reglugerðina (reglugerð 583/2010).⁷⁴

Reglur um vörsluaðila verðbréfasjóða

Samráðsferli um væntanlegar reglur varðandi skyldur vörsluaðila verðbréfasjóða (*responsibilities of UCITS depositaries*) fór fram á síðasta ári og gert er ráð fyrir að framkvæmdastjórnin leggi fram tillögu að lagabreytingum þar að lútandi vorið 2011⁷⁵

Útboðs- og skráningarlýsingar verðbréfa (e. prospectus)

Í september 2009 lagði framkvæmdastjórn ESB fram tillögu um breytingar á tilskipun 2003/71/EB um útboðs- og skráningarlýsingar verðbréfa (*prospectus*), en þar er m.a. leitast við að útfæra og skýra frekar ákvæði gildandi tilskipunar. M.a. er lagt til staðlað form fyrir

⁷³ Guideline on the methodology for the calculation of the synthetic risk and reward indicator in the Key Investor Information Document (Ref. CESR/10-673) og Guideline on the methodology for calculation of the ongoing charges figure in the Key Investor Information Document (Ref. CESR/10-674)

⁷⁴ Nánari upplýsingar, þar á meðal lagagerðirnar fjórar og leiðbeiningarnar, má finna á vefslóðinni: http://ec.europa.eu/internal_market/investment/ucits_directive_en.htm#level2

⁷⁵ Sjá: http://ec.europa.eu/internal_market/investment/depositary_en.htm

samantekt (*summary*) á útboðs- og skráningarlýsingum og að skilgreiningu á hæfum fjárfestum (*qualified investors*) verði breytt þannig að hún nái einnig yfir þá sem teljast vera fagfjárfestar (*professional investors*) samkvæmt tilskipun 2004/39/EB um markaði fyrir fjármálagerninga (MiFID). Þá er einnig lagt til að felld verði niður ákvæði um gagnsæi og birtingu upplýsinga sem skarast við ákvæði tilskipunar 2004/109/EB um samræmingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað. Fyrsta umræða um tillöguna í Evrópuþinginu fór fram 17. júní 2010.⁷⁶

Reglur og eftirlit með vogunarsjóðum og öðrum verðbréfasjóðum sem ekki falla undir nógildandi tilskipun um verðbréfasjóði

Tillaga að tilskipun um reglur og eftirlit með vogunarsjóðum og öðrum verðbréfasjóðum sem ekki falla undir nógildandi tilskipun um verðbréfasjóði var lögð fram í apríl 2009. Markmiðið með tillögunni er m.a. að tryggja að engir meiriháttar verðbréfasjóðir komist undan reglum og eftirliti, en tillagan felur þó í sér ákveðnar undanþágur fyrir minni sjóði. Fyrsta umræða um tillöguna í Evrópuþinginu fer væntanlega fram í september 2010.⁷⁷

Matsfyrirtæki

Þann 2. júní 2010 lagði framkvæmdastjórnin fram tillögu að breytingum á reglugerð 1060/2009 um matsfyrirtæki (e. *Credit Rating Agencies*). Breytingunum er ætlað að efla eftirlit með matsfyrirtækjum sem starfa innan ESB. Gert er ráð fyrir að fyrsta umræða um tillögun í Evrópuþinginu fari fram í desember 2010.⁷⁸

Viðbótareftirlit með fjármálasamsteypum

Framkvæmdastjórnin hefur lagt fram tillögu að tilskipun sem felur í sér breytingar varðandi viðbótareftirlit með fjármálaeiningum í fjármálasamsteypum.⁷⁹ Þar eru m.a. lagðar til auknar heimildir fyrir eftirlitsaðila til að fylgjast með móðurfélögum fjármálasamsteypa (þ.á.m. eignarhaldsfélögum), til að gera þeim kleift að beita bankaeftirliti, váttryggingareftirliti og viðbótareftirliti á sama tíma. Eftirlitsaðilar ættu með þessu móti að geta fengið betri upplýsingar á fyrri stigum ef fjármálasamsteypa lendir í vandræðum og hafa betri úrræði til að bregðast við í slíkum tilfellum.⁸⁰

Afleiður (derivatives)

Framkvæmdastjórn ESB hafði til skoðunar hugsanlega lagasetningu varðandi afleiður og samráðsferli um hugmyndir um lagatillögur til að bæta gagnsæi og stöðugleika á afleiðumörkuðum (e. *transparency and stability in derivatives markets*) sem stóð yfir til 10. júlí 2010. Í kjölfarið er gert ráð fyrir að tillaga að reglugerð verði lögð fram 15. september

⁷⁶ Proposal for a Directive amending Directives 2003/71/EC on the prospectus to be published when securities are offered to the public or admitted to trading and 2004/109/EC on the harmonisation of transparency requirements in relation to information about issuers whose securities are admitted to trading on a regulated market. Sjá nánar: http://ec.europa.eu/internal_market/securities/prospectus/index_en.htm

⁷⁷ Proposal for a Directive on Alternative Investment Fund Managers (AIFM) and amending Directives 2004/39/EC and 2009/65/EC. Sjá nánar: http://ec.europa.eu/internal_market/investment/alternative_investments_en.htm

⁷⁸ Sjá nánar: http://ec.europa.eu/internal_market/securities/agencies/index_en.htm

⁷⁹ Proposal for a Directive of the European Parliament and of the Council amending Directives 98/78/EC, 2002/87/EC and 2006/48/EC as regards the supplementary supervision of financial entities in a financial conglomerate. COM(2010) 433.

⁸⁰ Sjá nánar: http://ec.europa.eu/internal_market/financial-conglomerates/supervision_en.htm

2010. Frekari upplýsingar, þar á meðal bakgrunnsgögn fyrir samráðsferlið og tvær undirbúningsskýrslur⁸¹ frá 2009, má finna á heimasíðu framkvæmdastjórnarinnar: http://ec.europa.eu/internal_market/financial-markets/derivatives/index_en.htm

Skortsala og skuldatryggingar

Samráðsferli um hugmyndir um löggjöf um skortsölu (e. *short selling*) og skuldatryggingar (e. *Credit Default Swaps*) stóð yfir til 10. júlí 2010. Markmiðið er m.a. að auka upplýsingagjöf og gagnsæi, minnka áhættu tengda skortsölu og auka völd eftirlitsaðila til að takmarka eða banna skortsölu. Í kjölfarið er gert ráð fyrir að tillaga að reglugerð um skortsölu og skuldatryggingar verði lögð fram 15. september 2010.⁸²

Endanlegt uppgjör í greiðslukerfum og fjárhagslegar tryggingaráðstafanir

Í maí 2009 samþykktu ráðherraráð ESB og Evrópuþingið breytingar á tilskipun 98/26/EB um endanlegt uppgjör í greiðslukerfum, og tilskipun 2002/47/EB um fjárhagslegar tryggingaráðstafanir. Ekki er um að ræða verulegar breytingar á þessum tveimur tilskipunum, heldur er fyrst og fremst verið að uppfæra þær með tilliti til breytinga á regluverki og mörkuðum síðan þær voru upphaflega samþykktar, m.a. með því að einfalda og skýra tiltekin ákvæði. Helstu breytingarnar snúa að vernd vegna uppgjörs að næturlagi og tengdum greiðslukerfum, auk þess sem gildissvið beggja tilskipananna er víkkað þannig að það taki einnig til lánakrafna sem eru veðhæfar hjá seðlabönkum.⁸³

Stofnun og rekstur rafeyrisfyrirtækja og eftirlit með þeim

Í september 2009 var samþykkt ný tilskipun um stofnun og rekstur rafeyrisfyrirtækja og eftirlit með þeim (e. *e-money*). Tilskipuninni er ætlað að koma í staðinn fyrir og víkka gildissvið tilskipunar 2000/46 um stofnun og rekstur rafeyrisfyrirtækja og eftirlit með þeim, auk þess sem hún felur í sér breytingar á tveimur öðrum tilskipunum. Tilskipunin hefur m.a. að geyma hlutlausari og einfaldari skilgreiningu á rafeyri, ný ákvæði varðandi eftirlit og skýrari ákvæði um beitingu innlausnarákvæða.⁸⁴

Greiðslur yfir landamæri

Í september 2009 voru samþykktar breytingar á reglugerð um greiðslur yfir landamæri (e. *cross border payments*). Breytingarnar fela í sér að ákvæði upphaflegu reglugerðarinnar, um að gjöld vegna greiðslna yfir landamæri í evrum verði hliðstæð því sem gerist innan lands fyrir færslur að fjárhæð allt að 50.000 evrum, skuli nú einnig ná til beingreiðslna (e. *direct debit*) og að skipaðar verði sérstakar nefndir fyrir lausn deilumála utan dómstóla (e. *out-of-court redress bodies*), en markmiðið með því ákvæði er að styrkja neytendavernd á þessu sviði. Einnig er, líkt og í gildandi reglugerð, gert ráð fyrir að aðildarríki sem ekki notar evruna

⁸¹ Communication on Ensuring efficient, safe and sound derivatives markets (3. júlí 2009) og Communication on Ensuring efficient, safe and sound derivatives markets: Future Policy Actions (20. október 2009).

⁸² Sjá nánar: http://ec.europa.eu/internal_market/securities/short_selling_en.htm

⁸³ Directive 2009/44/EC amending Directive 98/26/EC on settlement finality in payment and securities settlement systems and Directive 2002/47/EC on financial collateral arrangements as regards linked systems and credit claims. Sjá <http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:2009:146:0037:0043:EN:PDF>

⁸⁴ Directive 2009/110/EC of 16 September 2009 on the taking up, pursuit and prudential supervision of the business of electronic money institutions amending Directives 2005/60/EC and 2006/48/EC and repealing Directive 2000/46/EC. Sjá:

<http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:2009:267:0007:0017:EN:PDF>

geti ákveðið að rýmka beitingu reglugerðarinnar þannig að hún gildi einnig um gjaldmiðil þess.⁸⁵

Breytingar á tilskipun um innherjasvik og markaðsmisnotkun

Samráð vegna fyrirhugaðra breytinga á tilskipun 2003/6/EB um innherjasvik og markaðsmisnotkun (markaðssvik) stóð yfir til 23. júlí 2010. Í framhaldi af því er gert ráð fyrir að tillögur um breytingar á tilskipuninni verði lagðar fram árið 2011. Þar verður m.a. leitast við auka heildarvirkni markaða með ítarlegri skilgreiningum á markaðsmisnotkun, til að vernda fjárfesta og auðvelda eftirlitsaðilum að rannsaka og refsa fyrir markaðsmisnotkun.⁸⁶

Breytingar á tilskipun um markaði fyrir fjármálagerninga (MiFID)

Framkvæmdastjórnin undirbýr nú tillögur að breytingum á tilskipun um markaði fyrir fjármálagerninga (MiFID) og sérstök ráðstefna um málið verður haldin í Brussel 20.-21. september. Gert ráð fyrir að tillögur að breytingum á tilskipuninni verði lagðar fram á fyrri hluta ársins 2011.⁸⁷

Gagnsæistilskipunin

Framkvæmdastjórnin skoðar nú hvort leggja eigi til breytingar á gagnsæistilskipuninni (e. *Transparency Directive*, 2004/109/EC).⁸⁸ Skýrsla um framkvæmd tilskipunarinnar kom út í maí 2010 og opið samráðsferli, þar sem settar eru fram spurningar og hugmyndir um breytingar á gagnsæistilskipuninni, stendur yfir til 23. ágúst 2010. Þar er m.a. verið að skoða þætti tengda skráningu lítilla fyrirtækja á hlutabréfamarkaði, upplýsingagjöf um atkvæðisrétt og aukna samræmingu, með því að fækka undanþágum og valkostum við innleiðingu.⁸⁹

Stjórnarhættir í fjármálastofnunum

Þann 2. júní 2010 gaf framkvæmdastjórnin út Grænbók um stjórnarhætti í fjármálastofnunum og starfskjarastefnur (e. *Green Paper on Corporate governance in financial institutions and remuneration policies*), þar sem fjallað er um leiðir til að bæta stjórnarhætti í fjármálastofnunum og starfskjarastefnu þeirra. Samráðsferli um efni grænbókarinnar stendur yfir til 1. september 2010. Í framhaldinu er gert ráð fyrir að tillögur að löggjöf um stjórnarhætti fyrirtækja verði lagðar fram vorið 2011.⁹⁰

Framkvæmd tilmæla um starfskjör stjórnenda og starfskjör í fjármálageiranum

Í júní 2010, einu ári eftir samþykkt tilmæla um starfskjör stjórnenda skráðra félaga og um starfskjarastefnu í fjármálageiranum, gaf framkvæmdastjórn ESB út tvær skýrslur (og tvö vinnuskjöl) um aðgerðir aðildarríkjanna til að fylgja þessum tilmælum.⁹¹

⁸⁵ Regulation (EC) No 924/2009 of 16 September 2009 on cross-border payments in the Community and repealing Regulation (EC) No 2560/2001. Sjá nánar:

<http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:2009:266:0011:0018:EN:PDF>

⁸⁶ Sjá nánar: http://ec.europa.eu/internal_market/securities/abuse/index_en.htm

⁸⁷ Sjá nánar: http://ec.europa.eu/internal_market/securities/isd/mifid_en.htm

⁸⁸ Directive 2004/109/EC on the harmonisation of transparency requirements in relation to information about issuers whose securities are admitted to trading on a regulated market.

⁸⁹ Nánari upplýsingar um samráðsferlið, skýrsluna og bakgrunnsgögn má finna á vefslóðinni: http://ec.europa.eu/internal_market/securities/transparency/index_en.htm

⁹⁰ Sjá nánar:

http://ec.europa.eu/internal_market/company/modern/corporate_governance_in_financial_institutions_en.htm

⁹¹ Sjá nánar: http://ec.europa.eu/internal_market/company/directors-remun/index_en.htm#OtherDocs

Viðurlög við brotum á fjármálagjöf ESB

Framkvæmdastjórnin skoðar nú hvort styrkja og samræma þurfi ákvæði um viðurlög við brotum á löggjöf ESB á sviði fjármálaþjónustu. Lokað samráð á vegum framkvæmdastjórnarinnar um málið stendur yfir til 15. september og í framhaldi af því er gert ráð fyrir að framkvæmdastjórnin gefi út skýrslu um þetta efni í desember 2010.⁹²

Lánasaga neytenda, ábyrgar lánveitingar og lántökur

Sérfræðinganefnd um lánasögu neytenda skilaði á síðasta ári skýrslu til framkvæmdastjórnarinnar með tillögum um leiðir til að bæta upplýsingaskipti og aðgang að gögnum um lán, en samráðsferli um efni skýrslunnar stóð yfir til 31. ágúst 2009.⁹³ Það mál tengist samráðsferli um ábyrgar lánveitingar og lántökur (e. *Responsible lending and borrowing in the EU*), sem stóð einnig yfir til 31. ágúst 2009. Gert er ráð fyrir að framkvæmdastjórnin leggi fram hugmyndir sínar um ábyrgar lánveitingar og lántökur síðar á árinu eða árið 2011, en þar verður m.a. fjallað um lánamiðlara, ákvæði um upplýsingar og ráðgjöf, sem og hvernig best megi tryggja ábyrgar lánveitingar.⁹⁴

Varsla og greiðslumiðlun verðbréfa

Samráðsferli vegna endurskoðunar á lagaramma fyrir vörslu og greiðslumiðlun verðbréfa (e. *securities holding and transactions*) fór fram á síðasta ári og framhaldinu er gert ráð fyrir að tillaga að tilskipun um lagalegt öryggi fyrir vörslu og greiðslumiðlun verðbréfa (e. *Directive on legal certainty of securities holding and transactions*) verði lögð fram árið 2011.⁹⁵

Fyrirhuguð lagasetning um fjárfestingarafurðir

Undirbúningur stendur yfir vegna fyrirhugaðrar lagasetningar um ýmsar fjárfestingarafurðir (e. *Packaged Retail Investment Products: investment funds, insurance-based investment products, retail structured securities and structured term deposits*) á grundvelli skýrslu framkvæmdastjórnar ESB frá apríl 2009, en þar er m.a. lagt til að sett verði ný löggjöf um upplýsingagjöf um þessar fjárfestingarafurðir og um sölufæri þeirra. Gert er ráð fyrir að tillögur að löggjöf um þetta efni verði lagðar fram vorið 2011.⁹⁶

Húsnæðislán

Árið 2011 er væntanleg skýrsla frá framkvæmdastjórninni um bestu starfsvenjur til að forðast nauðungarsölu vegna gjaldfallinna húsnæðislána (e. *Report on best practices aimed at avoiding foreclosure procedures for mortgages*). Þar verður m.a. að finna dæmi og leiðbeiningar fyrir stjórnvöld um hvernig lausnir megi þróa til að koma í veg fyrir að lántakendur lendi í aðstæðum sem leiði til nauðungarsölu fasteigna þeirra.⁹⁷

Ríkisaðstoð vegna fjármálakreppunnar

Framkvæmdastjórn ESB gefur reglulega út yfirlit um ríkisaðstoð sem aðildarríkin hafa veitt vegna fjármálakreppunnar. Nýjasta yfirlitið má finna á eftirfarandi vefslóð:

⁹² Sjá nánar: http://ec.europa.eu/internal_market/finances/sanctions_en.htm

⁹³ Nánari upplýsingar um lánasögu: http://ec.europa.eu/internal_market/finservices-retail/credit/history_en.htm

⁹⁴ Sjá nánar um ábyrgar lánveitingar á vefslóðinni:

http://ec.europa.eu/internal_market/finservices-retail/credit/responsible_lending_en.htm

⁹⁵ Sjá nánar: http://ec.europa.eu/internal_market/financial-markets/securities-law/index_en.htm

⁹⁶ Sjá nánar: http://ec.europa.eu/internal_market/finservices-retail/investment_products_en.htm

⁹⁷ Sjá nánar:

http://ec.europa.eu/governance/impact/planned_ia/docs/234 Markt_best_practices_in_mortgages_en.pdf

Spurningar og svör um löggjöf ESB á sviði fjármálaþjónustu

Framkvæmdastjórnin hefur sett upp sérstaka vefsíðu þar sem hægt er að fá svör við spurningum um löggjöf ESB á sviði fjármálaþjónustu og skoða svör við spurningum sem aðrir hafa sent inn. Þar er nú að finna spurningar og svör varðandi tilskipanir og reglugerðir um eiginfjárkröfur lánastofnana og fjárfestingarfyrirtækja (e. *Capital Requirements*), markaði fyrir fjármálagerninga (e. *MiFID*), greiðsluþjónustu (e. *Payment Services*) og rafeyri (e. *Electronic Money*).⁹⁸

VÁTRYGGINGAR

Gjaldþol váttryggingafélaga

Í nóvember 2009 voru samþykktar breytingar á tilskipun um gjaldþol váttryggingarfélaga, með tilskipun 2009/138/EB (*Solvency II*)⁹⁹. Tilskipuninni er m.a. ætlað að bæta neytendavernd, nútímavæða eftirlit og auka alþjóðlega samkeppnishæfni evrópskra váttryggjenda, auk þess að tryggja að váttryggingafélög hafi fjárhagslegan styrk til að ganga í gegnum erfiðleika. Nýju breytingarnar fela m.a. í sér að gerð er krafa til váttryggjenda um að taka tillit til allra áhættuþátta sem tengjast rekstrinum og takast á við þá áhættuþætti með skilvirkari hætti. Að auki er kveðið á um að váttryggingafélög í hópi (e. *insurance groups*) skuli lúta eftirliti hópeftirlitsaðila (e. *group supervision*) sem hafa betri möguleika á að hafa eftirlit með hópnum í heild, en það ákvæði var umdeilt og var samþykkt að það yrði endurskoðað innan þriggja ára.

Verið er að vinna að reglugerðum fyrir framkvæmd nýju tilskipunarinnar og er gert ráð fyrir að þær verði tilbúnar fyrir árslok 2010 eða á fyrri hluta 2011. Opinn samráðsfundur um málið var haldinn í Brussel 4. maí 2010 og sérstakur sérfræðingahópur er einnig starfandi.¹⁰⁰

Miðlun váttrygginga

Í formála hinnar nýsamþykktu tilskipunar um gjaldþol váttryggingarfélaga (*Solvency II*) er kveðið á um að framkvæmdastjórnin skuli leggja fram tillögur að breytingum á tilskipun 2002/92/EB um miðlun váttrygginga fyrir árslok 2010, en miðað við vinnuáætlun framkvæmdastjórnarinnar verða tillögurnar þó væntanlega ekki tilbúnar fyrr en vorið 2011. Gert er ráð fyrir að í þeim tillögum verði m.a. leitast við að auka samræmingu, bæta nákvæmni skilgreininga og draga úr lagalegri óvissu.

Tryggingasjóður fyrir váttryggingartaka

Undanfarin ár hefur verið nokkur umræða um það hvort ESB ætti að setja löggjöf um tryggingasjóði fyrir váttryggingartaka, sem ætlað væri að vernda neytendur ef váttryggingafyrirtæki verða gjaldþrota og geta ekki veitt þá tryggingarvernd sem skilmálar kveða á um, en engin samræmd löggjöf um slíka sjóði er til staðar hjá ESB í dag. Sjóðir af

⁹⁸ Sjá nánar: <http://ec.europa.eu/yqol/index.cfm?fuseaction=home.home>

⁹⁹ Directive 2009/138/EC of the European Parliament and of the Council of 25 November 2009 on the taking-up and pursuit of the business of Insurance and Reinsurance (*Solvency II*). Sjá:

<http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:2009:335:0001:0155:EN:PDF>

¹⁰⁰ Sjá nánar: http://ec.europa.eu/internal_market/insurance/solvency/index_en.htm

Þessu tagi eru hins vegar starfræktir Í 12 aðildarríkjum ESB, en mismunandi er hvaða reglur gilda um starfsemi þeirra, m.a. um hvernig þeir eru fjármagnaðir og hvaða vernd þeir veiti.

Framkvæmdastjórn ESB hefur því ákveðið að skoða þetta mál nánar og gaf þann 12. júlí 2010 út Hvítbók um tryggingasjóði fyrir váttryggingartaka (e. *White Paper on insurance guarantee schemes*) með valkostum og hugmyndum málið, m.a. um hugsanlega löggjöf. Samráðsferli um þá valkosti og hugmyndir sem settar eru fram í Hvítbókinni stendur yfir til 30. nóvember 2010, en í framhaldinu og með hliðsjón af niðurstöðu samráðsins er gert ráð fyrir að tillögur að löggjöf um þetta efni verði hugsanlega lagðar fram árið 2011.¹⁰¹

FÉLAGARÉTTUR OG REIKNINGSSKILASTAÐLAR

Breytingar á reikningsskilastöðlum

Framkvæmdastjórn ESB hefur á árinu 2010 samþykkt sjö nýjar reglugerðir um breytingar á reglugerð nr. 1126/2008, um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1606/2002. Þar er um að ræða eftirfarandi reglugerðir:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 243/2010 frá 23. mars 2010 um endurbætur á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 244/2010 frá 23. mars 2010 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IFRS-staðal 2 [Eignarhlutatengd greiðsla / *Group Cash-settled Share-based Payment Transactions*].

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 550/2010 frá 23. júní 2010 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IFRS-staðal 1 [*Additional Exemptions for First-time Adopters*].

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 574/2010 frá 30. júní 2010 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IFRS-staðal 1 og alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IFRS-staðal 7 [*Limited Exemption from Comparative IFRS 7 & Disclosures for First-time adopters*].

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 632/2010 frá 19. júlí 2010 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IAS-staðal 24 [Upplýsingar um tengda aðila / *Related Party Disclosures*] og alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IFRS-staðal 8 [Starfsþættir / *Operating Segments*].

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 633/2010 of 19 July 2010 að því er varðar túlkun alþjóðlegu túlkunarnefndarinnar um reikningsskil (IFRIC-túlkun) nr. 14 [Fyrirframgreiðsla á lágmarksfjármögnun / *Prepayments of a Minimum Funding Requirement*].

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 662/2010 of 23 July 2010 að því er varðar túlkun alþjóðlegu túlkunarnefndarinnar um reikningsskil (IFRIC-túlkun) nr. 19 [*Extinguishing Financial Liabilities with Equity Instruments*] og alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IFRS-staðal 1 [*First time Adoption of International Financial Reporting Standards*].

Reglugerðirnar má finna á heimasíðu framkvæmdastjórnarinnar, á vefslóðinni:

http://ec.europa.eu/internal_market/accounting/legal_framework/regulations_adopting_ias_text_en.htm

¹⁰¹ Sjá nánar: http://ec.europa.eu/internal_market/insurance/guarantee_en.htm#whitepaper

Notkun valkosta við innleiðingu reglugerðar 1606/2002, um reikningsskilastaðla

Framkvæmdastjórnin birti þann 1. júlí 2010 lista yfir notkun ESB- og EES/EFTA-ríkjanna á þeim valkostum sem er að finna í reglugerð 1606/2002, um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Listann er að finna á vefslóðinni:

http://ec.europa.eu/internal_market/accounting/docs/ias/ias-use-of-options2010_en.pdf

Reikningsskilastaðall fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki

Samráð um alþjóðlegan reikningsskilastaðal fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki (International Financial Reporting Standard for Small and Medium-sized Entities) stóð yfir til 12. mars 2010.¹⁰²

Ársreikningar smáfyrirtækja

Í febrúar lagði framkvæmdastjórnin fram tillögur að tilskipun sem ætlað er að einfalda viðskiptaumhverfi og reikningsskil fyrir smáfyrirtæki. Fyrsta umræða um tillöguna í Evrópuþinginu fór fram í mars 2010 og er nú beðið eftir viðbrögðum ráðherraráðsins.¹⁰³

Tilskipanir um birtingu og þýðingarskyldu upplýsinga tiltekinna félaga

Breytingar á tilskipunum 68/151/EBE og 89/666/EBE varðandi birtingarkröfur og þýðingarskyldu tiltekinna félaga voru ræddar á Evrópuþinginu í nóvember 2008 og er nú beðið eftir fyrstu umræðu um málið hjá ráðherraráði ESB.^{104 105}

Samþykktir fyrir evrópsk einkahlutafélög

Tillaga að reglugerð um samþykktir fyrir evrópsk einkahlutafélög (e. *Regulation on the statute for a European private company*) er nú til umræðu hjá ráðherraráði ESB og Evrópuþinginu. Reglugerðinni er ætlað að auðvelda stofnun og starfsemi slíkra félaga í Evrópu, m.a. með því að draga úr takmörkunum sem lagðar eru á starfsemi lítilla og meðalstórra fyrirtækja á milli landa, en tillagan gerir m.a. ráð fyrir að hægt verði að setja upp fyrirtækið í sama formi, hvort heldur sem fyrirtækið hyggst starfa í heimaríki eða öðru ríki.¹⁰⁶

Samvinna fyrirtækjaskráa

Framkvæmdastjórnin gaf þann 4. nóvember 2009 út Grænbók þar sem lagðar eru fram hugmyndir til að auka samvinnu fyrirtækjaskráa, bæta aðgang að upplýsingum um fyrirtæki í Evrópu og um skilvirkari beitingu félagaréttartilskipana (e. *Green Paper on the interconnection of business registers*). Samhliða var gefin út stöðuskýrsla (e. *Progress Report*) varðandi aðgang að upplýsingum og samstarf. Samráðsferli um þá valkosti sem lagðir eru fram í Grænbókinni stóð yfir til 31. janúar 2010.¹⁰⁷

¹⁰² Sjá nánar: http://ec.europa.eu/internal_market/consultations/2009/ifrs_for_sme_en.htm

¹⁰³ Sjá nánar: <http://www.europarl.europa.eu/oeil/file.jsp?id=5750842>

¹⁰⁴ Proposal for a Directive amending Council Directives 68/151/EEC and 89/666/EEC as regards publication and translation obligations of certain types of companies.

¹⁰⁵ Sjá nánar: <http://www.europarl.europa.eu/oeil/file.jsp?id=5626232>

¹⁰⁶ Sjá nánar: <http://www.europarl.europa.eu/oeil/file.jsp?id=5658042>

¹⁰⁷ Sjá nánar: http://ec.europa.eu/internal_market/company/business_registers/index_en.htm

SAMKEPPNISMÁL

Lóðréttir samningar og samstilltar aðgerðir

Framkvæmdastjórn ESB samþykkti í apríl 2010 reglugerð nr. 330/2010 um beitingu 3. mgr. 101. gr. sáttmálans um starfsemi ESB gagnvart flokkum lóðréttra samninga og samstilltra aðgerða,¹⁰⁸ en gildistími fyrri reglugerðar um þetta efni (reglugerðar 2790/1999) rann út 31. maí 2010. Grunnreglan verður áfram sú, að fyrirtækjum er frjálst að ákveða hvernig vörum þeirra er dreift, að því gefnu að samningarnir feli ekki í sér verðsamráð (e. *price-fixing*) eða aðrar alvarlegar takmarkanir og að bæði framleiðendur og dreifingaraðilar hafi ekki meira en 30% markaðshlutdeild. Þá er samþykktum dreifingaraðilum frjálst að selja viðkomandi vörur á netinu án takamarkana varðandi magn, staðsetningu kaupanda og verðtakmarkana.

Samningar, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir á sviði váttrygginga.

Framkvæmdastjórnin samþykkti í febrúar 2010 reglugerð nr. 267/2010 um beitingu 3. mgr. 101. gr. sáttmálans um starfsemi ESB gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða á sviði váttrygginga,¹⁰⁹ en fyrri reglugerð um þetta efni gildi til 31. mars 2010.¹¹⁰

Samningar og samstilltar aðgerðir á sviði vélknúinna ökutækja.

Framkvæmdastjórnin samþykkti í maí 2010 reglugerð nr. 461/2010 um beitingu 3. mgr. 101. gr. sáttmálans um starfsemi ESB gagnvart tilteknum flokkum lóðréttra samninga og samstilltra aðgerða á sviði vélknúinna ökutækja,¹¹¹ en gildistími eldri reglugerðar um þetta efni (reglugerð 1400/2002) var til 31. maí 2010. Nýju reglunum er m.a. ætlað að auka samkeppni á sviði viðgerða og viðhalds með því að bæta aðgang að tæknilegum upplýsingum og auðvelda notkun annarra varahluta en frá framleiðanda, auk þess að lækka dreifingarkostnað fyrir nýja bíla með því draga úr hamlandi reglum um dreifingu.¹¹²

ÖNNUR MÁL

Þjónustutilskipunin

Á fundi ráðherraráðs ESB 25. maí 2010 var dreift upplýsingaskjali um stöðuna á framkvæmd þjónustutilskipunarinnar (e. *State of Implementation of the Services Directive*)¹¹³ og skýrslu um gagnkvæma matsferlið (e. *Presidency report on the mutual evaluation process*).¹¹⁴

¹⁰⁸ Commission Regulation (EU) No 330/2010 of 20 April 2010 on the application of Article 101(3) of the Treaty on the Functioning of the European Union to categories of vertical agreements and concerted practices: <http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:2010:102:0001:0007:EN:PDF>. Sjá einnig fréttatilkynningu: <http://europa.eu/rapid/pressReleasesAction.do?reference=IP/10/445>

¹⁰⁹ Commission Regulation (EC) of 24 March 2010 on the application of Article 101(3) of the Treaty to certain categories of agreements, decisions and concerted practices in the insurance sector: <http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:2010:102:0001:0007:EN:PDF>

¹¹⁰ Sjá: http://ec.europa.eu/competition/sectors/financial_services/legislation.html

¹¹¹ Commission Regulation No 461/2010 of 27 May 2010 on the application of Article 101(3) of the Treaty on the Functioning of the European Union to categories of vertical agreements and concerted practices in the motor vehicle sector. Sjá: <http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:2010:129:0052:0057:EN:PDF>

¹¹² Sjá nánar: http://ec.europa.eu/competition/sectors/motor_vehicles/legislation/legislation.html

¹¹³ *State of Implementation of the Services Directive*: <http://register.consilium.europa.eu/pdf/en/10/st09/st09475.en10.pdf>

¹¹⁴ *Presidency report on the mutual evaluation process*: <http://register.consilium.europa.eu/pdf/en/10/st09/st09327.en10.pdf>

Samráðsferli um framkvæmd þjónustutilskipunarinnar stendur yfir til 13. september 2010. Í framhaldinu verða gefnar út skýrslur um framkvæmd tilskipunarinnar og gagnkvæma matsferlið sem þar er kveðið á um (e. *Communication and Report on the results of the implementation of the Services Directives and its "mutual evaluation process"*).¹¹⁵

Eftirlit með smásöluverkaðnum

Þann 5. júlí gaf framkvæmdastjórnin út skýrslu um (e. *Communication on Retail Market Monitoring*). Markmiðið með skýrslunni er að greina hugsanlega markaðsbresti í smásöluverkaðnum, bæði frá sjónarhóli neytenda og birgja, og setja fram tillögur um hvernig bregðast megi við þeim. Í skýrslunni er skoðuð virkni allrar smásöluverkaðjunnar, frá birgjum til neytenda, með hliðsjón af viðeigandi stefnumarkmiðum á sviði samkeppni, neytenda-, félags- og umhverfismála. Samráðsferli um efni skýrslunnar stendur yfir til 10. september 2010. Aðgerðir til að bregðast við helstu vandamálunum verða væntanlega kynntar haustið 2010.¹¹⁶

Rafræn viðskipti

Samráðsferli um framtíð rafrænna viðskipta á innri markaði ESB og um framkvæmd tilskipunar 2000/31/EB um rafræn viðskipti, stendur yfir til 15. október 2010.¹¹⁷

Átak gegn greiðsludrætti í verslunarviðskiptum

Tillaga að breytingum á tilskipun um átak gegn greiðsludrætti í verslunarviðskiptum (e. *late payments in commercial transactions*) var lögð fram í apríl 2009. Þar er sérstök áhersla lögð á reglur sem eiga að draga úr greiðsludrætti opinberra aðila.¹¹⁸ Gert er ráð fyrir að fyrsta umræða um málið í Evrópuþinginu fari fram í október 2010.

¹¹⁵ Sjá nánar: http://ec.europa.eu/internal_market/consultations/2010/services_directive_en.htm

¹¹⁶ Sjá: http://ec.europa.eu/internal_market/retail/index_en.htm

¹¹⁷ Sjá nánar: http://ec.europa.eu/internal_market/consultations/2010/e-commerce_en.htm

¹¹⁸ Proposal for a Directive on combating late payment in commercial transactions. Sjá nánar: http://ec.europa.eu/enterprise/policies/single-market-goods/documents/late-payments/index_en.htm.

UMHVERFISMÁL

LOFTSLAGSMÁL.

Vísað er til hálfárskýrslu sendiráðsins fyrir síðara misseri ársins 2009, þar sem gerð er grein fyrir stöðu loftslagsmála innan Evrópusambandsins eftir loftslagsfundinn í Kaupmannahöfn (COP 15) í desember 2009. Þar freistaði ESB þess að ná alþjóðlegu samkomulagi um megin atriði hins svonefnda ”orku- og loftslagspakka“ ESB, sem felur í sér 20% minnkun á losun koltvísýrings árið 2020 í samræmi við samþykktu stefnu m.v. 1990 og 30% ef alþjóðlegt samkomulag næðist um það.

Framvinda mála innan Evrópusambandsins frá og með síðustu áramótum.

Á fundi leiðtogaráðs Evrópusambandsins (European Council), sem haldinn var í Brussel 25. og 26. mars 2010, var m.a. fjallað um framhald loftslagsviðræðnanna eftir fundinn í Kaupmannahöfn í desember 2009, sem að mati sambandsins stóð ekki undir væntingum. Leiðtogarnir samþykktu að byggt yrði á Kaupmannahafnarsamkomulaginu (Copenhagen Accord) og að lögð yrði áhersla á að nálgast málið í hnitmiðuðum skrefum (e. *stepwise approach*). Á næsta loftslagsfundi sem haldinn verður í Cancun í Mexíkó í nóvember og desember 2011, skuli hið minnsta liggja fyrir ákvarðanir hvernig tengja skuli Kaupmannahafnarsamkomulagið við loftslagsviðræðurnar á vegum Sameinuðu þjóðanna og sértaklega skuli tekið á þáttum sem útaf standa. Evrópusambandið og aðildarríki þess munu leggja fram 2,4 billjónir evra árlega frá 2010 til og með 2012 til þess að flýta fyrir fjármögnun aðgerða samkvæmt Kaupmannahafnarsamkomulaginu og vænta fjárveitinga samhliða frá öðrum ríkjum utan sambandsins. Þar verði lögð áhersla á fjárveitingar til tiltekinna svæða og er sértaklega litið til fátækustu landanna. Árlegt framlag ESB 2010-2012, 2,4 billjónir evra, samsvarar um 270 milljón króna árlegu framlagi Íslands þessi þrjú ár m.v. mannfjölda á Íslandi. Samþykkt var sérstök ályktun um málið (climate change: refocusing our efforts after Copenhagen).¹¹⁹

Á síðari fundi leiðtogaráðsins undir formennsku Spánar sem haldinn var 17. júní 2010, var fjallað um loftslagsmálin í framhaldi af ráðsfundi umhverfisráðherra ESB þann 11. júní 2010. Þar var m.a. rætt um mögulega einhliða ákvörðun ESB um að stefna að 30% minnkun losunar 2020 í stað 20%, sem þegar hefur verið ákveðið innan ESB. Framkvæmdastjórn ESB hafði fjallað um málið og loftslagsstjóri þess, Connie Hedegaard, verið talsmaður þess að ákvörðun um slíkt verði tekin. Mat framkvæmdastjórnarinnar¹²⁰ er að það sé ákjósanlegt, framkvæmanlegt og tæknilega fýsilegt að hækka markið, ekki síst vegna þess að dregið hefur úr losun vegna efnahagsástandsins innan ESB síðustu tvö árin. Framkvæmdastjórnin metur málið þannig að kostnaður við að ná 20% markmiðinu hafi lækkað úr 70 billjónum evra á ári fram til 2020 niður í 48 billjónir evra og að 30% markmiðið muni aðeins kosta 11 billjónir

¹¹⁹ Sbr. http://www.consilium.europa.eu/uedocs/cms_data/docs/pressdata/en/ec/113591.pdf sjá lið II

¹²⁰ Sbr. http://ec.europa.eu/environment/climat/climate_action.htm

evra til viðbótar árlega. Eigi að síður er ljóst að ríkisstjórnir nokkurra ESB ríkja eru ekki reiðubúnar að breyta út af þegar samþykktu stefnu ekki síst í ljósi efnahagskreppunnar og niðurstöðu Kaupmannahafnarfundarins. Þeim þjóðum innan ESB sem setja sig á móti frekari minnkun losunar fer fjölgandi, með Frakkland og Þýskaland í fararbroddi sem þegar hafa lýst því yfir að aðeins komi til 30% samdráttar náist um það alþjóðlegt samkomulag.

Framhald alþjóðlegra viðræðna um nýjan loftslagssamning.

Í tengslum við næsta fund um nýjan loftslagssamning, frá og með 2013, sem haldinn verður í Cancun í Mexíkó (COP 16) í lok 2010 hefur tvennt verið rætt; annars vegar hugsanleg framlenging Kyoto-bókunarinnar, sem rennur sitt skeið í lok 2012 og hins vegar vangaveltur Frakklands um breytingar á fyrirliggjandi drögum að texta þess efnis að söðla um varðandi utanumhald og taka málið frá UNCCC og stofna til annars alþjóðlegs vettvangs um framhaldið þar sem UNCCC virtist ekki geta leyst málið. Fram hefur komið hjá ESB, ekki síst ráðherraráðinu, að framhald Kyoto, sem ekki væri óhugsandi, gæti því aðeins komið til greina ef fleiri þjóðir, s.s. BNA, Kína og þróunarlöndin væru reiðubúin að taka þátt í því. Hvað varðar vangaveltur Frakklands voru umhverfisráðherrar ESB sammála um að hafna þeim enda engin frambærileg rök fyrir málinu. Frekar bæri að styrkja málið innan UNCCC. Af Íslands hálfu hefur sérstaklega verið gerð grein fyrir stöðu málsins varðandi væntanlegar viðræður við ESB um fulla þátttöku í loftslagspakkanum (Non-ETS), en slíkar viðræður hefðu þó engan tilgang nema samkomulag næðist um framhald Kyoto og þær mundu ekki hefjast formlega fyrir en niðurstaða lægi fyrir. Einnig hefur verið bent á þá áherslu sem Ísland leggur á endurheimtu votlendis jafnframt LULUCF (land-use change and forestry).

Ljóst er að ESB mun kappkosta að alþjóðlegt samkomulag náist um nýjan loftslagssamning þegar á fundinum í Cancun á þeim forsendum sem lagt var upp með fyrir Kaupmannahafnarfundinn í desember 2009, þ.e. þau stefnumið sem fram komu í "orku- og loftslagspakkanum". ESB hefur verið í tvíhliða viðræðum við ríki sem ekki hafa staðfest Kyotobókunina s.s. Bandaríkin og Kína, til þess að liðka fyrir að samkomulag náist í Cancun. Framkvæmdastjórn ESB leggur á það höfuðáherslu að nýtt lagalega bindandi samkomulag (accord) náist í Cancun.

Aðstoð ESB við þróunarlöndin.

Fjármálaráðherrar ESB samþykktu þann 18. maí sl. að leggja fram 2.4 billjónir evra árlega til og með 2012 til aðstoðar þróunarlöndunum, til að takast á við loftslagsvandann. Um er að ræða nokkurs konar aðdraganda þess sem koma skal með nýjum loftslagssamningi frá og með 2013. Hér er í reynd um að ræða staðfestingu loforðs sem gefið var á COP 15 í desember 2009 og er hluti heildarpakkans (24 billjónir evra samanlagt). Aðildarríkin kynntu framvinduskýrslur landanna á loftslagsfundinum, sem haldinn var um mánaðamótin maí - júní 2010 í Bonn.

Vinna að upptöku gerða er varða loftslagspakka ESB á Íslandi og vinnan hjá framkvæmdastjórninni

Vísað er til skýrslu sendiráðsins fyrir síðara misseri 2009. Áfram er unnið að málinu á Íslandi og hefur verið sett á laggirnar vinnunefnd undir forystu umhverfisráðuneytisins með aðkomu annarra hlutaðeigandi ráðuneyta til þess að fara yfir viðkomandi gerðir og greina þær í tengslum við væntanlega upptöku í EES samninginn. Það sem mest liggur á að ganga frá er

upptaka flugsins inní ETS kerfið (viðskiptakerfi með losunarheimildir), sem tekur gildi 1. janúar 2012, eða ári fyrr en aðrar breytingar á kerfinu sem þegar hafa verið samþykktar og birtar. Vinnan við upptöku flugsins í EES samninginn hefur fyrst og fremst beinst að því að laga kerfið að EES samningnum og íslenskum aðstæðum og hafa EES/EFTA löndin, Ísland, Noregur og Liechtenstein unnið náið saman og fundað með framkvæmdastjórn ESB (DG CLIM) um málið. Sem stendur er rætt um aðlögunartexta og er fastlega reiknað með að málið verði afgreitt inn í samninginn í haust.

Mikil vinna er í gangi varðandi framkvæmd þeirra breytinga á samningnum, sem taka gildi 1. janúar 2013, sbr. Dir.2009/29/EC, en þá verður felld undir kerfið atvinnustarfsemi sem m.a. er stunduð á Íslandi, s.s. ál- og járnblendisframleiðsla. Sem dæmi má nefna að ná þarf saman um reglugerð um framkvæmd uppboða og úthlutana og eru þau mál í vinnslu og sátt í sjónmáli um þau innan ESB. Einnig er unnið að gerð reglna um frammistöðuviðmið (e. *benchmarks*), sem verða lögð til grundvallar varðandi ókeypis úthlutanir til starfsemi sem er í samkeppni við samskonar starfsemi utan ESB til þess að skeykja ekki samkeppnisaðstöðu hlutaðeigandi fyrirtækja. Allar þessar reglur þurfa að ná endanlega fram að ganga á næstu mánuðum, því töluverð vinna verður bæði hjá framkvæmdastjórn ESB og einstökum aðildarríkjum, að setja upp hlutaðeigandi kerfi til að framkvæmda þær. Umhverfisráðuneytið, umhverfisstofnun og sendiráð Íslands í Brussel hafa fylgst vel með þessum málum og tekið þátt í fundum hlutaðeigandi nefnda sem fjalla um málið.

Loftslagsnefnd framkvæmdastjórnarinnar og vinnunefndir á vegum hennar.

Loftslagsnefndin (Climate Change Committee - CCC), er ráðgefandi nefnd sem starfar á vegum framkvæmdastjórnarinnar (DG CLIM) og þarf nefndin ávallt að leita til hennar með öll mál er varða undirbúning lögjafar á þessu áður en hún gengur frá málum, hvort sem senda þarf málið til þings og ráðs (comitology) eða framkvæmdastjórnin getur afgreitt málið sjálf eins og varðandi leiðbeinandi reglur og túlkunatriði. Í CCC er gengið til atkvæða og þarf tilskilinn meirihluta svo mál nái fram að ganga. Ísland tekur virkan þátt í starfi nefndarinnar, en hefur ekki atkvæðisrétt.

Á vegum CCC starfa 4 vinnunefndir (Working Groups - WG):

- Vinnunefnd 1 (WG1) um innviðina og skipulagningu. Ísland hefur ekki tekið þátt í þessu starfi.
- Vinnunefnd 2 (WG2) um skiptingu byrðarinnar (Effort Sharing-Non ETS). Ísland hefur ekki tekið þátt í þessu starfi, en það þarf að taka til athugunar vegna hugsanlegs samnings ESB og Íslands um sameiginlega framkvæmd orku- og loftslagspakka ESB en “Non Effort Sharing” er eina gerðin í pakkanum sem ekki fellur undir EES samninginn.
- Vinnunefnd 3 (WG3) um viðskiptakerfið með gróðurhúsalofttegundir og um flug (ETS and Aviation). Ísland tekur virkan þátt í þessu starfi.
- Vinnunefnd 4 (WG4) um útblástur frá einkabílum. Um er að ræða nýja vinnunefnd sem enn hefur ekki tekið til starfa.

Á vegum WG3 starfa tækninefndir (Technical Groups - TWG), þar sem hin eiginlega vinna fer fram:

- TWG on Benchmarks (frammistöðuviðmið) og hefur Ísland tekið þátt í því starfi með reglubundnum hætti.
- TWG on Auctioning. Fulltrúi sendiráðsins í Brussel hefur sótt fundi nefndarinnar.
- TWG on Carbon Capture and Storage (CCS). Fulltrúi í sendiráðinu hefur sótt fundi nefndarinnar.

Einnig eru reglulegir fundir með hagsmunaaðilum (e. *stakeholders*), þ.e. hlutaðeigandi stjórnvöldum, aðilum úr atvinnulífi og frjálsum félagasamtökum (NGOs) um frammistöðuviðmið (benchmarks), uppboð losunarheimilda (auctioning), úthlutanir losunarheimilda (allocation) og föngun og geymslu gróðurhúsalofttegunda (CCS). Hefur fulltrúi í sendiráðinu sótt þá fundi.

Reglulegt samstarf er einnig um framkvæmd tiltekinna mála, s.s. flugsins (Compliance Forum on aviation) sem ætlað er lögbærum yfirvöldum (CA) og hefur fulltrúi umhverfisstofnunar sótt þá fundi með reglubundnum hætti.

Fundir eru haldnir í ofangreindum nefndum og hópum að jafnaði á sex vikna fresti.

Nýlega var sett á fót vinnunefnd; ”WG on knowledge Base on Climate Change impacts etc.” Hún hefur ekki tekið til starfa en Íslandi hefur verið boðið að taka þátt í starfi nefndarinnar og tilnefna fulltrúa. Málið er til skoðunar í umhverfisráðuneytinu.

Mikilvægt er að af hálfu Íslands, þ.e.a.s. umhverfisráðuneytisins, umhverfisstofnunar og sendiráðsins í Brussel, séu þessir fundir sóttir og vel sé fylgst með því sem þar gerist, en í ofangreindum nefndum fer hin eiginlega vinna fram við útfærslu loftslagspakka ESB, sem leggur verulegar skuldbindingar á Ísland, sérstaklega breytingarnar á viðskiptakerfinu með losunarheimildir sem Ísland tekur upp frá og með 1. janúar 2012 vegna flugsins og 1. janúar 2013 vegna nýrrar starfsemi og nýrra gróðurhúsalofttegunda.

VATNSVERND OG MÁLEFNI HAFSINS.

Vísað er í síðustu skýrslu sendiráðsins fyrir síðara misseri 2009, þar sem gerð er ítarleg grein fyrir málinu. Þróun mála síðan hefur verið sem hér segir:

Staða vatnatilskipunarinnar og vinna við hana.

Fyrir Alþingi liggur frumvarp til laga um stjórn vatnamála, þar sem ætlunin er að leiða í lög vatnatilskipun ESB (Water Framework Directive, 60/2000/EC). Stefnt er að því að frumvarpið nái fram að ganga á yfirstandandi ári. Undirbúningur er hafinn í umhverfisráðuneytinu og í umhverfisstofnun sem og öðrum hlutaðeigandi stofnunum umhverfisráðuneytisins og annarra ráðuneyta, við að safna gögnum og að kortleggja þær aðgerðir sem grípa þarf til í tengslum við lögleiðingu tilskipunarinnar varðandi þá þætti sem snerta mengun og hreinleika vatns og að tryggja nægt vatn til íbúa og atvinnurekstrar.

Vinnunefndir á vegum ESB varðandi vatnatilskipunina og þátttaka Íslands í þeim.

Skipulag vatnsverndarmála er með eftirfarandi hætti innan ESB, en málið er á ábyrgð DG Environment .

- Vatnaforstjóranefndin (Water Directors - WD): 2 fundir á ári sem forstjóri umhverfisstofnunar sækir.
- Strategic Coordination Group (SCG): 2 fundir á ári sem fulltrúi Umhverfisstofnunar sækir.
 - WGA - Ecological Status
 - WGC - Groundwater
 - WGD - Reporting
 - WGE - Chemical Aspects
 - WGF - Floods
 - Expert Group - Climate Change and Water
 - Expert Group - Water Scarcity and Droughts
 - Expert Group - Agriculture and Water

Nýlega var gengið frá tilnefningu fulltrúa og tengiliða af Íslands hálfu í ofangreindar nefndir í samræmi við starfsemi hvernar og einnar.

Mikilvægt er að Ísland taki sem virkastan þátt í því gríðarlega mikilvæga starfi sem vatnsmálin eru, ekki síst þar sem verið er að leiða í lög á Íslandi stóran hluta vatnatilskipunar ESB. Ætli íslensk stjórnvöld að koma sjónarmiðum sínum á framfæri varðandi vatnsverndarmál er þetta rétti vettvangurinn. Sennilega eru fá, ef þá nokkur, lönd í heiminum eins auðug af vatni og Ísland og því ætti hér að vera um forgangsmál að ræða.

Staða tilskipunar um málefni hafsins gagnvart EES samningnum.

Vísað er til síðustu skýrslu sendiráðsins fyrir seinna misseri 2009, en þar kom fram að efasemdir hefðu komið fram um að um EES tæka tilskipun sé að ræða, þar sem landfræðilegt gildissvið hennar nær yfir efnahagslögsögu aðildarríkjanna, en ekki aðeins landhelgina sem EES samningurinn tekur yfir. Málið hefur verið til umræðu milli EFTA/EES landanna. Afstaða Noregs er sú, að ekki sé um EES tæka tilskipun að ræða en Liechtenstein bíður átektu með afstöðu enda snertir málið það ekki. Afstaða Íslands liggur ekki enn fyrir, en Ísland og Noregur hafa átt í viðræðum um málið að undanfögnu. Mikilvægt er að botn fái í málið sem allra fyrst en ESB telur tilskipunina EES tæka, jafnvel innan efnahagslögsögu Íslands og Noregs.

JARÐVEGS- OG SKÓGRÆKTARMÁL.

Staða jarðvegstilskipunarinnar.

Vísað er til síðustu skýrslu sendiráðsins í Brussel fyrir síðari hluta árs 2009 þar sem gerð er grein fyrir tillögu framkvæmdastjórnar ESB um tilskipum um vernd jarðvegs og stöðu málsins. Spánn, sem fór með formennsku innan ESB á fyrri árshelmingi 2010, lagði áherslu á að samstaða næðist um framgang málsins þannig að hægt yrði að ljúka því á formenskumisseri Belgíu, seinni árshelmingi 2010 en málið hefur verið í biðstöðu frá því í desember 2007, þar sem það hefur mætt verulegri andstöðu, ekki síst meðal stærri ríkja ESB, s.s. Bretlands, Þýskalands og Frakklands, því ekki sé tilskilinn meirihluti til þess að það nái fram að ganga. Engin breyting hefur orðið á þessari andstöðu. Málið er á formennskuáætlun belgísku formennskunnar, en litlar líkur eru á því að það fái brautargengi.

Samvinna um skógrækt (Forest Europe Strategic Workshop on Vision, Goals and Targets for Forests in Europe) - sýn, markmið og leiðir

Samvinna um skógrækt innan Evrópu hefur aukist að undanfögnu. Samvinnuverkefnið "Forest Europe" er ekki á vegum framkvæmdastjórnar ESB, þar sem verkefnið nær til allrar Evrópu. Eigi að síður er ljóst að Framkvæmdastjórn ESB hefur mikinn áhuga á að settar verði ESB reglur um skógrækt, með sama hætti og gert hefur verið um marga aðra málaflokka sem varða umhverfismál. Má þar sérstaklega nefna jarðvegstilskipunina sem er til umfjöllunar og tilskipun um verslun með ólöglegt timbur, sem nýlega náði fram að ganga.

Innan samstarfsins hefur sértaklega verið rætt um sameiginlega sýn, markmið og leiðir (e. *vision, goals and targets for forests in Europe*), sem tekin hafa verið saman af "The Forest Europe Expert Level Meeting - ELM" í framhaldi af fundi sem haldinn var í Osló í mars 2010. Vinnufundur um málið var haldinn í Brussel 21. maí 2010, þar sem farið var yfir fyrirbyggjandi grunngögn til undirbúnings ráðherrafundar, sem haldinn verður 14. - 16. júní 2011. Vonast er til að hægt verði að ná lagalega bindandi samningi um málefnið innan Evrópu í framhaldi þess fundar. Ætlunin er að ELM hittist aftur um miðjan desember 2010, þar sem ætlunin er að ljúka textanum.

Lykilatriðið varðandi verndun skóga snýst um loftslagsbreytingarnar og líffræðilegan fjölbreytileika vistkerfisins. Taka þarf með í reikninginn mannlegar þarfir fyrir skógarafurðir og þjónustu. Nauðsynlegt er að setja tímamörk og meta markmið og leiðir. Á þessu stigi þarf frekar að leggja áherslu á gæði en magn. Nauðsynlegt er að styrkja skógastjórnun (e. *forests management*), bæði með skýrum, samræmdum reglum sem og fjármunum. Einnig er nauðsynlegt að tengja málið öðrum þáttum s.s. landbúnaði. Ísland þarf að taka ákvörðun um hvort ástæða sé til að taka þátt í þessu samstarfi og þátttöku á ráðherrafundi sem haldinn verður í júní 2011. Er það mál til athugunar í umhverfisráðuneytinu.

Reglugerð um bann við innflutningi og verslun með ólöglegt timbur og timburafurðir

Ráðherraráðið samþykkti þann 15. febrúar 2010 nýja reglugerð um eftirlit með timbri innan ESB landanna. Markmið reglugerðarinnar er að draga úr hættu á að ólöglega ræktað timbur og timburafurðir, þ.e. sem ekki uppfylla lagalegar kröfur um ræktun í upprunalandi, fari á markað í ESB löndunum. Það snertir alla verslun, timbur og afurðir úr timbri sem fluttar eru inn eða ræktaðar í löndum ESB. Þessi reglugerð er mjög líklega EES-tæk þar sem hún fellur

undir fjórfrelsið (frjálsir vöruflutningar) og þarf því að taka upp málið, m.a. með tilliti til hvert eigi að vera hið lögbæra yfirvald og eftirlitsaðili.¹²¹

BREYTINGAR Á FRAMKVÆMDASTJÓRN ESB

Ný skrifstofa - loftslagsskrifstofa (DG Climate Action) - tekur til starfa

Framkvæmdastjórn ESB tók ákvörðun þann 17. febrúar 2010 að setja á laggirnar nýja skrifstofu sem annast mun loftslagsmál, Directorate Climate Action (DG CLIM), en Connie Hedegaard, fyrrverandi loftslagsráðherra Dana verður framkvæmdastjóri (commissioner) hinnar nýju skrifstofu. Breytingarnar sem þetta hefur í för með sér er, að loftslags- og ósonmál flytjast frá DG Environment (DG ENV) yfir til DG CLIM. Einnig verða þær breytingar að almannavarnir flytjast frá DG ENV yfir til DG ECHO (Humanitarian Aid) og líftækni og varnarefni (e. *pesticides and health*) færast til DG SANCO (heilsa og neytendamál). Reiknað hafði verið með að DG CLIM tæki formlega til starfa eigi síðar en 1. júní 2010, en málin gengu hraðar fyrir sig en gert hafði verið ráð fyrir.¹²²

Áherslur framkvæmdastjóra loftslagsskrifstofu ESB og umhverfisskrifstofu ESB næstu fimm árin

Nýr umhverfisstjóri ESB, Connie Hedegaard, sem tók við nýrri skrifstofu innan framkvæmdastjórnar ESB (DG Clim) 17. febrúar 2010, hefur lagt fram og mælt fyrir um framhald loftslagsviðræðnanna undir yfirskriftinni: "International climate policy post-Copenhagen: Acting now to reinvigorate global action climate change".¹²³ Hedegaard reið á vaðið með málið í Evrópuþinginu. Helstu atriðin eru:

- Tenging Kaupmannahafnarsamkomulagsins og fyrirliggjandi viðræðutexta SP.
- Undirbúningur fundarins í Bonn með það fyrir augum að tillaga að niðurstöðu verði tilbúin fyrir Cancun fundinn í Mexíkó í desember 2010.
- Lagaleg umgjörð bíði fundarins í S-Afríku 2011.
- Fljótt og örugglega verði unnið að fjármögnunarpáttunum (þróunarlöndin).
- Styrking loftslagsstefnunnar innan ESB og að losunarmarkmið verði aukið úr 20% í 30% fyrir 2020.

¹²¹ Sjá nánar: <http://ec.europa.eu/environment/forests/flegt.htm>

¹²² Sjá nánar: http://ec.europa.eu/environment/index_en.htm og vinnuáætlun nýju skrifstofunnar næstu fimm árin.

¹²³ sbr. http://ec.europa.eu/environment/climat/pdf/com_2010_86.pdf

Hedegaard slær því föstu að ESB sé í forystu í loftslagsmálum og að niðurstaða Kaupmannahafnarfundarins hafi verið langt undir væntingum ESB og í ósamræmi við þá stefnu sem sambandið hefur mótað og samþykkt. ESB verði að leggja á það höfuðáherslu að lagalega bindandi samningur náist. Framkvæmdastjórnin mun í þessu skyni láta fara fram mat á áhrifum þess að ESB hækki losunarmarkmiðin úr 20% í 30%. ESB stefnan 2020 um sjálfbæran vöxt á að leiða til þess að ESB verði umhverfisvænasta svæðið og með hliðsjón af því markmiði að fyrir 2050 skuli losun minnkuð um 80-95%, mun framkvæmdastjórnin leggja fram tillögu seinna á árinu 2010 um hvaða leiðir séu raunhæfar til þess að ná því markmiði, þ.m.t. millimarkmið sem stefnt skuli að 2030.

Bent er á myndbandsupptöku af framsögu Hedegaard, á slóðinni:

<http://ec.europa.eu/avservices/player/streaming.cfm?type=ebs&sid=156450>

Janez Potocnik, nýr umhverfisstjóri framkvæmdastjórnarinnar, kynnti áherslur sínar fyrir umhverfisnefnd þingsins 7. apríl 2010. Aðaláherslumálið, til lengri tíma litið, verður 2020 áætlunin (green growth). Á árinu 2010 verður lögð höfuðáhersla á lífræðilega fjölbreytni (e. *biodiversity*), á árinu 2011 á umhverfis-nýsköpun (e. *eco-innovation*) og skynsama nýtingu auðlinda, auk þess sem hafinn verður undirbúningur sjöundu umhverfisáætlunarinnar og mat á framkvæmd þeirrar sjöttu sem rennur sitt skeið 2012. Á árinu 2012 verður lögð áhersla á vatnamálin, m.a. mat á framkvæmd vatnatilskipunarinnar (WFD) með hliðsjón af þeim markmiðum sem ætlunin er að ná 2015. Á næstu mánuðum verður einnig lögð áhersla á lífrænan úrgang, brennistein í fljótandi eldsneyti, sæfiefni og framkvæmd REACH auk framkvæmdar gildandi löggjafar á starfssviði DG Env.

Áform um stofnun embættis loftslagssendiherra hjá ESB

Hinn 10. febrúar 2010 komst Evrópuþingið að þeirri niðurstöðu að ESB skuli stofna til "new climate diplomacy". Þar kemur fram (resolution), að EBS hafi mistekist að leiða baráttuna gegn loftslagsbreytingum og að þingmenn séu vonsviknir yfir skorti á samstöðu um að ESB mæli einum rómi í alþjóðaviðræðunum um loftslagsmál.¹²⁴

Áherslur belgísku formenskunnar á sviði umhverfismata

Belgíska formennskan mun, á seinni helmingi árs 2010, horfa sérstaklega til framkvæmdar Lissabon sáttmálans, sem öðlaðist gildi 1. desember 2009, ásamt breytingum á stjórnfyrikomulagi framkvæmdastjórnar ESB, með tilkomu nýrrar skrifstofu um loftslagsmál. Einnig verður horft til loftslagsmálanna í tengslum við samstarf "þrenningarinnar" þ.e.a.s. Spánar, sem fer með formennsku á fyrra misseri 2010, Belgíu sem tekur við á síðara misseri 2010 og Ungverjalands sem fer með formennsku á fyrra misseri 2011.

Aðal áhersluatriði belgísku formenskunnar á sviði umhverfismála eru eftirfarandi:

¹²⁴ Sjá nánar: http://madeinafrika.info/newsmain.php?newscat=world&id=6624&utm_source=twitterfeed&utm_medium=twitter

1. Loftslagsmálin.
 - Löggjafarvinna.
 - i. Framkvæmd loftslags- og orkupakkans (flugið frá 2012 og breytt viðskiptakerfi með losunarheimildir frá 2013).
 - ii. Tilskipun um koltvísýringslosun frá léttum atvinnubifreiðum - stefnt að því að klára málið.
 - Önnur vinna.
 - i. Eftirfylgni Kaupmannahafnarráðstefnunnar um loftslagsmál (COP 15) og undirbúningur Cancun ráðstefnunnar (COP 16) í nóvember og desember 2010.
2. Líffræðilegur fjölbreytileiki.
 - Löggjafarvinna.
 - i. Viðræður og drög að reglugerð um timbur og timburafurðir - stefnt að því að klára málið.
 - Önnur vinna.
 - i. Styrking alþjóðlegrar samvinnu um líffræðilegan fjölbreytileika (Post-2010 Action Plan).
 - ii. Viðræður um líffræðilegan fjölbreytileika og framhaldið eftir 2010 (Post 2010 Action Plan/Strategy on Biodiversity) - ræðst af stöðu málsins.
 - iii. Eftirfylgni ályktana ráðherraráðsins um erfðabreyttar lífverur (GMOs), dreifing út í náttúruna - ræðst af stöðu málsins.
3. Sjálfbær neysla og framleiðsla - sjálfbær nýting náttúruauðlinda/náttúruauðæfa.
 - Löggjafarvinna.
 - i. Lagfæring (e. *recast*) tilskipana um WEEE (raffanga- og rafmagnstækjaúrgangs), sbr. COM(2008)810, og RoHS (hættulegra efna sem óheimil eru í rafföngum og raftækjum).
 - ii. Endurskoðun rafhlöðutilskipunar (úrgangur) - Dir. 2006/66/EC.
 - iii. Jarðvegstilskipunin, sbr. COM(2006)232 - ræðst af stöðu málsins.
 - Önnur vinna.
 - i. Væntanlegar ályktanir ráðherraráðsins um stjórn mála er varða sjálfbæra neyslu og framleiðslu og sjálfbæra nýtingu auðlinda.
4. Betri stjórn tæki í þágu umhverfisins.
 - Engin löggjafarvinna.
 - Önnur vinna.
 - i. Væntanlegar ályktanir ráðherraráðsins um betri stjórn tæki í þágu umhverfisins, framkvæmd, lagfæring regluverksins þ.á m. mat á 6. umhverfisáætluninni (EAP) - ræðst af stöðu málsins.
 - ii. Vinna með Framkvæmdastjórn ESB að bættu umhverfiseftirliti - endurskoðun tilmæla, sbr. Recommendation 2001/331/EC.
5. Önnur mál.
 - i. Mengun frá iðnaði (IPPC tilskipunin), sbr. COM(2007)844 - ljúka afgreiðslu málsins.
 - ii. Sæfiefnareglugerðin (biocides), sbr. Regulation (EC) No 1451/2007 - endurskoðun.
6. Í sigtinu (on the radar), en ekki ákveðið.
 - Loftslagsmál: Marka stefnu og viðræður varðandi koltvísýringslosun frá skipum.
 - Endurskoðun “þaktilskipunarinnar” (e. *National Emissions Ceiling*) varðandi hámark losunar tiltekinna efna út í andrúmsloftið - Dir. 2001/81/EC.

- Aðgangur almennings að stjórn- og réttarkerfinu - undirbúningur tilskipunar (Access to Justice).
- Samlegðaráhrif hættulegra efna - eftirfylgni.
- Ný áætlun um umhverfi og heilsu (nr. 2), með sérstakri áherslu á örtækni (e. *nanotechnologies*).
- Viðurkenning/staðfesting á umhverfistækni - viðræður og möguleg tillaga að löggjöf. Viðræður um mat á umhverfisáhrifum og umhverfisáætlanir. Viðræður um viðskiptakerfið með losunarheimildir (ETS) með það fyrir augum að taka undir það brennisteinsdíoxíð (SO₂) og köfnunarefnisdíoxíð (NO_x).
- Endurskoðun áætlunar um sjálfbærni.
- Endurskoðun "Thematic Strategies".
- Forgangsefni í vatni - greining efna sem bæta þarf við.
- Endurskoðun tilskipunar um seyru (e. *sewage sludge*).
- Framkvæmdaáætlun um markaðsbundin framkvæmdatæki, umhverfisvæn opinber útboð, umhverfis-skatta og framleiðslustyrki.
- Reglugerð um fótboga til veiða (e. *leg-hold traps*) - dýravernd.

Fundir leiðtoganna og umhverfisráðherranna:

- Leiðtogaráðið (European Council).
 - 28. og 29. október og 16. og 17. desember í Brussel.
- Umhverfisráðherrarnir (Environment Council)
 - 14. október í Lúxemborg og 20. desember. í Brussel.
- Óformlegur fundur umhverfisráðherranna.
 - 12. og 13. júlí í Belgíu

Aðrir fundir og ráðstefnur:

- Fundur embættismanna um framleiðslustaðla og ESB samþættingu - dagsetning og staðsetning ekki ákveðin.
- Fundur embættismanna um drykkjarvatn - 4. og 5. nóvember - staðsetning ekki ákveðin.

Framkvæmd umhverfislöggjafar innan ESB

Nýr umhverfisstjóri ESB, Janez Potocnik, vill að á næstu árum verði í ríkari mæli lögð áhersla á að framkvæma þá löggjöf á sviði umhverfismála sem sett hefur verið, í stað þess að setja ný lög án þess að mat sé lagt á hvernig að framkvæmd sé staðið. Að mati framkvæmdastjórnar ESB (DG ENV.) er verulegur misbrestur á framkvæmd umhverfislöggjafar innan sambandsins og er hún enn fremur með mismunandi hætti eftir löndum. Ætlunin var að bregðast við þessu með tilmælum (e. *recommendation*)¹²⁵, sem aðildarþjóðirnar samþykktu sem leiðbeinandi reglur, en hefur láðst að fara eftir eða jafnvel túlkað með mismunandi hætti. Ísland hefur fylgt þessum leiðbeinandi reglum þó þær séu ekki lagalega skuldbindandi.

¹²⁵ Sbr. nú 2001/331/EC,

Með vísun til þess að framkvæmdin hefur ekki verið sem skyldi og eftirlit og vöktun með mismunandi hætti, hefur Janez Potocnik falið DG ENV að kanna hvort til greina komi að lögbinda reglur um eftirlit og vöktun með framkvæmd umhverfislöggjafar. Málið var til umræðu á fundi European Policy Review Group (EPRG) 28. apríl 2010, en í hópnum eiga sæti ráðuneytisstjórnar umhverfisráðuneyta aðildarríkjanna, EFTA landanna og landa sem sótt hafa um aðild að ESB. Hlutverk hópsins er fyrst og fremst að fjalla um stefnumótandi mál með framkvæmdastjóra DG ENV. (Karl Falkenberg) áður en þau verða brotin til mergjar hjá DG Env.

Eins og vænta mátti, komu fram mismunandi skoðanir á því hvernig standa bæri að málum, verkaskiptingu, þ.e.a.s. milli ríkis og staðaryfirvalda, og ekki síst varðandi aukin afskipti framkvæmdastjórnar ESB af málum s.s. með því að upplýsa beri um framgang mála til hennar og um hugsanlegt afskiptavald framkvæmdastjórnarinnar af málum ef útaf bregður. Aðildarríki ESB hafa tekið mismunandi á þessum málum, en flest virðast þó byggja á svæðisbundin nálgun (e. *sectoral*), þ.e. í hverri löggjöf fyrir sig eins og gert er á Íslandi. Í sumum löndum t.d. á Spáni fer eftirlitið eftir svæðum og er með mjög mismunandi hætti þar sem engar samræmdar reglur eru fyrir hendi og hvert svæði setur sínar eigin reglur. Í Frakklandi er starfandi innan umhverfisráðuneytisins sérstök skrifstofa sem fylgist með hvernig staðið er að málum, en hún hefur ekkert vald til að grípa inn í ef út af er bregður. Ljóst er að ef setja á lagalega bindandi reglur gæti reynst nauðsynlegt að breyta og samræma verkaskiptingu í aðildarríkjunum, þ.e. að ríkisvaldið verði að fullu ábyrgt fyrir málaflöknum þ. á m. fyrir framkvæmd eftirlitsins. Enginn vilji virðist þó til þess hjá aðildarríkjunum, enda myndi það kalla á verulegar breytingar í varðandi stjórnun mála í þeim ríkjum þar sem þau eru í höndum staðaryfirvalda.

Niðurstaðan varð sú, að þó hægt væri að færa rök fyrir því að setja lagalega bindandi reglur um eftirlit og vöktun með framkvæmd umhverfislöggjafar innan ESB, þannig að sömu reglur giltu innan alls svæðisins, væri svæðisbundin nálgun innan hvers lands líklegri til árangurs þar sem útilokað er að þvinga aðildarríkin til að samþykkja lögbundnar reglur um framkvæmdina og þar með ákvörðunarvald framkvæmdastjórnarinnar í tilteknum málum sem jafnvel gætu verið matskennd. Eistland mælti með því að sett yrði bindandi tilskipun sem snéri að mengun frá iðnaði (IPPC starfsemi), en að náttúruvernd yrði fyrir utan tilskipunina. Austurríki taldi að ekki bæri að einblína um of á eftirlit og vöktun. Mikilvægara væri að starfsleyfi innan ESB væru samræmd, en það er langur vegur frá að svo sé. Aðeins reyndust tvær þjóðir, Eistland og Slóvakía, fylgjandi lagalega bindandi reglum í stað leiðbeinandi reglna. DG ENV mun því vinna út frá þeirri staðreynd í tengslum við endurskoðunina og í því skyni kanna ítarlega hvernig framkvæmdinni er háttað innan ESB landanna, leggja mat á framkvæmdina og koma með tillögur um breytingar sem áfram yrðu í formi leiðbeinandi tilmæla. Ný tilmæli tækju mið af því að ná fram samræmdri framkvæmd með nauðsynlegum sveigjanleika, enda löndin ólík, og án þess að verið sé að hlutast til um hverjir séu ábyrgir fyrir málum í einstökum ríkjum.

Evrópudómstóllinn staðfestir mengunarbótaregluna

Dómstóllinn hefur komist að þeirri niðurstöðu að tilskipun um umhverfisábyrgð (Directive on Environmental Liability) varðandi svokallaða PPP reglu (polluter pays) eða

mengunarbótareglan - sá borgar sem mengar óháð sök stangist ekki á við lög ESB landanna.¹²⁶

Ný reglugerð um rafknúin ökutæki og um öryggi þeirra

ESB styður þróun rafknúinna ökutækja í baráttunni við loftslagsbreytingar (CO2) en telur að þörf sé á að tryggja öryggi neytenda, t.d. vegna beinnar snertingar við rafmagn. Framkvæmdastjórn ESB kynnti hinn 15. júní 2010 áform sín í þessum málum.¹²⁷ Öll rafknúin ökutæki sem sett verða á markað innan ESB verða að uppfylla almennar öryggisreglur (staðal) sem UN Economic Commission for Europe (UNECH) mun setja og verða settar í ESB lög.

Umfang úrgangs innan ESB landanna

Á árinu 2008 losaði hver Evrópubúi 525 kg. af úrgangi að meðaltali (heimilisúrgangur – e. *municipal waste*) og hefur umfangið ekki breyst frá 2007. Skv. síðustu tölum frá ESB er 40% úrgangs urðaður, 20% fer í viðurkennda brennslu (e. *incinerated*), 23% í endurvinnslu og 17% í jarðgerð. Danmörk, Írland, Kýpur og Lúxemborg eru með mest magn úrgangs á íbúa, eða um 700 kg. Malta, Holland og Austurríki með lítið minna og Þýskaland, Eistland, Spánn, Frakkland, Ítalía, Finnland, Svíþjóð og Bretland með milli 500 og 600 kg. Belgía, Búlgaría, Grikkland, Litháen, Ungverjaland, Portúgal og Slóvenía eru með milli 400 og 500 kg. og Tékkland, Lettland, Pólland, Rúmenía og Slóvakía eru undir 400 kg. á íbúa. Meðferð úrgangs er með mjög mismunandi hætti. T.d. er allur úrgangur urðaður í Búlgaríu, 99% í Rúmeníu, 97% á Möltu, 96% í Litháen og 93% í Lettlandi. Mest brennsla er í Danmörku eða 54%, Svíþjóð kemur næst með 49%, Hollandi 39%, Belgía og Lúxemborg 36%, Þýskalandi 35% og Frakkland 32%. Í tíu aðildarríkjum ESB er brennsla undir 1%. Endurvinnsla og jarðgerð er mest í Austurríki eða 70%, 65% í Þýskalandi, 60% í Hollandi og 59% í Belgíu. Í sjö aðildarlöndum er endurvinnsla og jarðgerð undir 10%.

Erfðabreytt ræktun – staðan innan ESB

Framkvæmdastjórn ESB mun í sumar leggja fram tillögur um ræktun erfðabreyttra lífvera (GMOs) og dreifingu þeirra út í umhverfið þar sem gengið verður út frá því að einstök aðildarríki geti ákveðið hvort þau heimili ræktun á GMOs innan landamæra hlutaðeigandi ríkis, burtséð frá reglum um hvort það sé verjandi með hliðsjón af vísindalegum gögnum og tillögum EFSA þar að lútandi. Nokkur lönd hafa þegar tekið ákvörðun, s.s. Austurríki og Ungverjaland, án þess að hafa beinlínis til þess heimildir, og byggja á varúðarreglunni. Almennt vex þeirri skoðun fylgi að hvert og eitt land eigi að hafa ákvörðunarvald um hvort það vill vera GMO frítt eður ei. Ræktun GMOs hefur farið minnkandi innan ESB landanna að undanfögnu, öfugt við það sem hefur verið að gerast annarsstaðar s.s. í S- og N- Ameríku.

¹²⁶ Sjá nánar: <http://www.commercialriskeurope.com/cre/92/56/ECJ-confirms-onus-on-polluter-to-prove-not-liable-in-first-ELD-ruling/>

¹²⁷ Sbr. nánar <http://www.smallbusinesseurope.org/en/news1760.html>.

Verði tilskipun um erfðabreyttar lífverur breytt með þessum hætti hefur það áhrif á íslenska löggjöf á þessu sviði sem fellur undir EES samninginn.

Handbók fyrir rekstraraðila til að meta umhverfisáhrif frá framleiðslu þeirra og vörum

Framkvæmdastjórn ESB hefur gefið út handbók sem ætlað er að hjálpa rekstraraðilum að meta umhverfisáhrif framleiðslu og starfa við framleiðsluna í því skyni að auka möguleika þeirra til að reka umhverfisvænni starfsemi en verið hefur. Handbókin er í samræmi við alþjóðlegar reglur (staðla) á þessu sviði og tengist þeirri viðleitni framkvæmdastjórnarinnar að auka sjálfbærni framleiðslu og notkunar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum. Markmiðið er að velja í ríkari mæli umhverfisvænar lausnir (e. *Life Cycle Assessments*, LCA). Handbókin er nákvæmari og sundurliðaðri varðandi einstaka þætti en verið hefur.¹²⁸

Ný reglugerð um samþættar mengunarvarnir og eftirlit með þeim (IPPC)

Þann 4. maí 2010 samþykkti umhverfisnefnd Evrópuþingsins (ENVI), við aðra yfirferð (E. *second reading*), skýrslu talsmanns nefndarinnar, Holger Kraemer, um drög að tilskipun um IPPC, sem kynnt var 21. desember 2007 af hálfu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Stefnt er að afgreiðslu málsins í þinginu með atkvæðagreiðslu í júlí 2010. Í skýrslunni er lagt til að tilteknar brennslustöðvar þ.á m. jarðeldsneytisstöðvar (e. *fossil-fuel*) fái tíma til 30. júní 2019, í stað 1. janúar 2016, til að mæta strangari kröfum. Skiptar skoðanir eru um málið milli ráðsins, þingsins og framkvæmdastjórnarinnar (co-decision ferli) og sum ESB löndin eru andvíg lengingu frestsins.

Þann 16. júní sl. náði “þrenningin“ samkomulagi um drög að tilskipun um IPPC (integrated pollution prevention and control).¹²⁹ Fastafulltrúar aðildarríkjanna (COREPER) staðfestu samkomulagið á fundi sínum 18. júní og létir það af belgísku formennskunni löngum samningaviðræðum um málið. Ráðið og þingið þurfa, að fenginni staðfestingu fastafulltrúanna, að samþykkja tilskipunina formlega og gæti það jafnvel gerst í júlí 2010. Rétt er að vekja athygli á, að aðildarríkjunum verður veitt heimild til að sækja um frest til að setja fram landsáætlanir til 31. júní 2020, til að veita undanþágur á tímabilinu 1. jan. 2016 til 31. desember 2023 sé um að ræða takmarkaða starfsemi (maximum 17,500 klst.) og veita undanþágur fyrir upphitun húsa svæðisbundið til 31. desember 2022. Ný og breytt reglugerð um samþættar mengunarvarnir og eftirlit með þeim fellur undir EES samninginn og kallar á breytingar á íslenski löggjöf á þessu sviði.

Losun gróðurhúsalofttegunda minnkar innan ESB

Staðfestar tölur frá ESB um losun gróðurhúsalofttegunda (GHG) sýna að losun innan sambandsins minnkaði um 11.6% 2009 m.v. 2008. Þessi minnkun er að sjálfsögðu fyrst og

¹²⁸ Sjá nánar: <http://lct.jrc.ec.europa.eu/publications>

¹²⁹ Sbr: <http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=COM:2007:0844:FIN:en:PDF>.

fremst tilkomin vegna kreppunnar, því ekki hefur iðnaðurinn almennt fjárfest í umhverfisvænni tækni á árinu 2009.¹³⁰

Endurvinnsla lífræns úrgangs og áform ESB um að setja sérstaka tilskipun um lífrænan úrgang

Um 40% af lífrænum úrgangi fer í urðun innan ESB og í sumum löndum er urðunarhlutfall lífræns úrgangs 100%. Að mati framkvæmdastjórnarinnar er nauðsynlegt að setja nýjar reglur, sbr. tilskipun 2008/98/EC, sem að mati hennar hefur að geyma nægjanlegan grundvöll til aðgerða. Í lífrænum úrgangi felist einnig tækifæri varðandi framleiðslu endurnýjanlegrar orku (e. *renewables*), en framkvæmdastjórnin telur að m.v. 2020 markmiðin eigi að vera mögulegt að mæta um þriðjungi orkuþarfar í samgöngum með lífgasi (e. *biogas*) frá lífrænum úrgangi (eldsneyti) og að 2% af endurnýjanlegri orku, í það heila, sé mögulegt að mæta með lífrænum úrgangi. Það er ljóst að ESB ríkin eru ekki að framfylgja ofangreindri tilskipun, en skýringarinnar er að hluta til að leita í því, að tæki skortir til að framfylgja tilskipuninni að mati framkvæmdastjórnarinnar. Telur hún að úr því þurfi að bæta. Breytingar á tilskipun ESB varðandi lífrænan úrgang hafa áhrif á Íslandi því þær falla undir EES samninginn.

Óhreinleiki vatns víða vandamál innan ESB

Óhreint vatn er verulegt vandamál innan ESB landanna sem, að mati sérfræðinga, mun aukast með loftslagsbreytingum.¹³¹ Málið tengist tilskipun 2000/60/EC (WFD). ESB undirbýr nú ýmsar aðgerðir varðandi mat á ástandinu (t.d. með *2012 water scarcity and droughts policy review*). Á árinu 2010 verður sjónum aðallega beint að skilvirkni, þá sérstaklega í sambandi við byggingar, leka og vatnsnotkun í landbúnaði, sem verða lögð til grundvallar 2012 áætluninni um að tryggja gæði og magn vatns innan ESB, ásamt því að leggja mat á framkvæmd vatnatilskipunarinnar (endurskoðun) en það tengist einnig náttúruauðlindum eins og vatni, líffræðilegum fjölbreytileika og jarðvegi í tengslum við loftslagsbreytingar og önnur manngerð áhrif.

GMES áætlunin um vöktun náttúruhamfara og umhverfisins með gervitunglum

Evrópuþingið staðfesti 16. júní 2010 drög framkvæmdastjórnarinnar að reglugerð um “Global Monitoring for Environment and Security”, (GMES) og upphafsverkefni á árunum 2011 – 2013.¹³² Þetta þýðir að þingið hefur ákveðið að með frekari fjárframlögum til verkefnisins, sem nemur 107 milljónum evra, fari verkefnið í gang. Þegar eru til fjármunir að upphæð 209 milljónum evra úr 7. rammaáætluninni. Framkvæmdastjórn ESB fagnar þessari niðurstöðu. Verkefnið gengur út á að afla nákvæmra upplýsinga um umhverfið og öryggi notenda. Áætlunin er að ESB verði sjálfu sér nægt um gervitunglaupplýsingar, þannig að ekki þurfi að

¹³⁰ Sjá nánar: <http://www.europolitics.info/eu-emissions-fell-again-in-2009-artb272141-10.html>

¹³¹ sbr. nánar: http://ec.europa.eu/environment/water/quantity/eu_action.htm

¹³² sbr. nánar: <http://www.europarl.europa.eu/oeil/file.jsp?id=5776632>

treysta á upplýsingar frá öðrum þjóðum t.d.. bandarískum gervihnöttum. Reglugerðin kveður á um ókeypis og óhindraðan aðgang að upplýsingum, þannig að sveitarstjórnir, héraðsstjórnir og ríkisstjórnir geti notað upplýsingarnar t.d. til að koma í veg fyrir eða hafa stjórn á náttúruhamförum eftir því sem í mannlegu valdi stendur. Kerfið (gervihnettirnir) koma einnig að notum við vöktun á loftslagsbreytingum og til að gera stjórnvöldum betur kleift að framkvæma stefnu og markmið t.d.. varðandi landbúnað, landgræðslu, skógrækt, skipulagningu þéttbýlis og samgöngur svo fátt eitt sé talið. GMES á að fullu að koma til framkvæmda 2014.

Losun frá léttum atvinnubifreiðum ágreiningsefni

Erfiðlega gengur að lenda málinu, enda vilja aðildarríkin fara mismunandi leiðir. Reiknað er með atkvæðagreiðslu í þinginu 23. nóvember 2010. Sum aðildarríkin telja ómögulegt að ná langtímamarkmiðinu, 135g/km, fyrir 2020 og önnur vilja ekki að markmiðið verði staðfest fyrir en reglugerðin hefur verið endurskoðuð.¹³³ Einnig er ágreiningur um 175g/km markmiðið, þ.e.a.s. hvort ná eigi markmiðinu 2012 eða 2014-2016, eins og lagt er upp með, auk þess sem nokkur aðildarríki vilja eins árs aðlögun og er meirihluti aðildarríkja ósáttur við sektir við brotum á takmörkununum.¹³⁴

Endurskoðun hafin hjá ESB á tilskipun um mat á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdastjórn ESB kynnti 28. júní 2010 áform sín um að hefja endurskoðun á tilskipun 85/337/EEC um mat á umhverfisáhrifum. Leitað er til allra sem vilja koma með athugasemdir og ábendingar um lykilatriði tilskipunarinnar, s.s. matsáætlanir, hvernig framkvæmd matsins hafi gengið, samhæfingu milli landa, erfiðleika við mat á áhrifum yfir landamæri, hlutverk umhverfisyfirvalda og hvernig tengslin við t.d. loftslagsbreytingar og líffræðilegan fjölbreytileika hafi þróast. Öllum er heimilt að skila athugasemdum og ábendingum eigi síðar en 24. september 2010. og eftir það fer vinnan í gang hjá framkvæmdastjórninni. Vakin hefur verið athygli á ofangreindu á heimasíðum umhverfisráðuneytisins og skipulagsstofnunar, enda byggir íslensk löggjöf á þessu sviði á áður nefndri tilskipun.¹³⁵

¹³³ sbr. reglug. 443/2009/EC,

<http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:2009:140:0001:0015:EN:PDF>

¹³⁴ Sjá nánar:

COM(2009)593 <http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=COM:2009:0593:FIN:En:PDF>

¹³⁵ Sjá nánar: <http://ec.europa.eu/environment/consultations/eia.htm>